



**HÁSKÓLI  
ÍSLANDS**

## **Í hringiðu sagnfræðinnar**

Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og íslensk sagnfræði  
1971–2021

**Jakob Snævar Ólafsson**

**Stytt útgáfa af MA-ritgerð höfundar í sagnfræði  
við Háskóla Íslands 2022**

**DEILD HEIMSPEKI, SAGNFRÆÐI OG FORNLEIFAFRÆÐI**

# Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b> .....	1
<b>1. Rannsóknastofnun verður til 1971–1983</b> .....	4
1.1 Hugmyndir um nauðsyn vísindastarfs og rannsóknastofnana .....	4
1.2 Staða íslenskra sagnfræðirannsókna um 1970.....	6
1.3 Hvaða rannsóknir á Sagnfræðistofnun að styðja? .....	11
1.3.1 Eyðibýlarannsóknin og nýjar aðferðir í íslenskri sagnfræði .....	14
1.3.2 Vesturferðir Íslendinga. Félagssöguleg rannsókn eða skráningarverkefni? ..	16
1.3.3 Rannsókn á Skaftáreldum. Sagnfræðin verður þverfaglegri.....	19
1.4 Útgáfurit Sagnfræðistofnunar 1972–1983 .....	21
1.5 Samskipti við Norðurlönd og umheiminn .....	26
<b>2. Túlkun og miðlun sögunnar 1983–2000</b> .....	31
2.1 Sagnfræði fyrir almenning.....	31
2.2 Aukin fjölbreytni í rannsóknum og áhrif alþjóðasamstarfs .....	37
<b>3. Innviðir rannsókna og útvíkkun sagnfræðinnar 2000–2021</b> .....	46
3.1. Rannsóknainnviðir styrktir .....	46
3.2. Samvinna og þverfagleg vinnubrögð.....	47
3.3 Ný viðhorf um fræðilegan grundvöll og viðfangsefni sagnfræðinnar .....	56
<b>Niðurstöður</b> .....	69
<b>Heimildaskrá</b> .....	72

## Inngangur

Vorið 1971 setti menntamálaráðherra reglugerð um rannsóknastofnanir við heimspekideild Háskóla Íslands. Þeirra á meðal var Rannsóknastofnun í sagnfræði. Í reglugerðinni var stofnuninni falið nokkuð víðtækt hlutverk. Hún átti að sinna grundvallarrannsóknum í sagnfræði, gangast fyrir rannsóknæfingum, fyrirlestrum, ráðstefnum, námskeiðum og hvers kyns annarri starfsemi til mögulegs gagns fyrir almenning og kennslu í sagnfræði í skólum landsins. Einnig var stofnuninni ætlað að annast útgáfustarfsemi og alla kennslu í sagnfræði við Háskóla Íslands.<sup>1</sup> Þótt stofnunin hafi í upphafi verið formlega nefnd Rannsóknastofnun í sagnfræði við Háskóla Íslands var hún yfirleitt kölluð Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, eða einfaldlega Sagnfræðistofnun, þar til stofnunin fékk formlega það nafn við breytingu á reglugerðinni um rannsóknastofnanir í heimspekideild árið 1983. Til hægðarauka verður nafnið Sagnfræðistofnun notað í ritgerðinni.

Ritgerð þessi er stytta og lítillega lagfærð útgáfa af MA-ritgerð höfundar í sagnfræði við Háskóla Íslands frá 2022. Markmið hennar er að kanna sögu Sagnfræðistofnunar, starfsumhverfi hennar, helstu verkefni og áhrif á íslenska sagnfræði á þeim fimmtíu árum sem hún hefur starfað. Áhersla er lögð á að lýsa þeim verkefnum sem Sagnfræðistofnun sjálf hefur átt aðild að og einnig að nokkru rannsóknum þeirra kennara og fræðimanna sem starfað hafa innan vébanda hennar. Ætlunin er að setja sögu Sagnfræðistofnunar í samhengi við sögu íslenskrar sagnfræði almennt auk þess að setja hana eftir atvikum í samhengi við þróun sagnfræðinnar erlendis og þá einkum á Norðurlöndum. Með samanburði við önnur Norðurlönd er reynt að grafast fyrir um að hversu miklu leyti íslenskir sagnfræðingar hafa fylgt eftir starfssystkinum sínum þar og víðar í heiminum og hvort starfsemi Sagnfræðistofnunar hafi stuðlað að því að færa íslenska sagnfræði nær því sem var að gerast í greininni í nálægum löndum.

Nokkuð hefur verið ritað um þá sagnfræði sem iðkuð hefur verið hér landi á þeirri hálfu öld sem Sagnfræðistofnun hefur starfað. Ingi Sigurðsson hefur verið ötull við rannsóknir og skrif um sögu sagnfræðinnar og fræðilegan grundvöll hennar. Rannsóknir hans hafa þó einkum fjallað um íslenska sagnfræði áður en Sagnfræðistofnun var

---

<sup>1</sup> *Stjórnartíðindi* 1971 B, 167–170 (rg. nr. 71/1971).

stofnuð.<sup>2</sup> Árið 2000 var tímaritið *Saga* helgað þróun íslenskrar sagnfræði og var fjallað um bæði helstu tímabil Íslandssögunnar og undirgreinar hennar. Af öðrum ritum um þetta efni má nefna *Frá endurskoðun til upplausnar* frá 2006 þar sem var leitast við að greina meginlínur í þróun íslenskrar sagnfræði undanfarna áratugi, einkum í ritgerð Hilmu Gunnarsdóttir, „Íslenska söguendurskoðunin“.<sup>3</sup> Nokkru áður kom út bókin *Íslenskir sagnfræðingar* en í öðru bindi hennar gerðu nokkrir sagnfræðingar grein fyrir sinni sýn á sagnfræðina og fóru yfir sögu hennar hér á landi fram til samtímans. Árið 2015 var franska sagnfræðitímaritið *Nordic Historical Review-Revue d'Historie Nordique* helgað íslenskri sagnfræði og fjölluðu 12 íslenskir sagnfræðingar um ýmsar greinar hennar fram til samtímans. Í þessari ritgerð verður m.a. stuðst við ofangreind rit við greiningu á þróun sagnfræðinnar frá því að Sagnfræðistofnun kom til sögunnar.

Upplýsingar um starfsemi og einstök verkefni Sagnfræðistofnunar hafa að talsverðu leyti verið sóttar í skjalasafn stofnunarinnar sem er vistað í Skjalasafni Háskóla Íslands (HÍ). Skjalasafn Sagnfræðistofnunar er varðveitt að hluta í Guðnastofu, rannsóknastofu stofnunarinnar í Árnagarði, en aðallega í skjalasafni Háskólans í aðalbyggingu hans. Skjöl varðveitt í aðalbyggingunni eru auðkennd með númerum sem byrja á BSA en skjöl úr Guðnastofu eru merkt númeri viðkomandi skjalakassa (k). Nokkur skjöl í Guðnastofu hafa ekki verið flokkuð í kassa og er þeirra sérstaklega getið í heimildaskrá. Skjalasafnið veitir upplýsingar um baksvið helstu rannsókna á vegum Sagnfræðistofnunar, hvaða hugmyndir höfðu áhrif á þær og hvernig innleiðingu nýrra aðferða var háttáð. Skjölín veita góða innsýn í fræðileg viðhorf sem mótuðu rannsóknirnar og jafnframt hvaða straumar voru ofarlega á baugi í sagnfræðiiðkun hér á landi um það leyti sem þær stóðu yfir. Einnig nýtast þessar heimildir við skoðun á því við hvers konar aðbúnað stofnunin hefur búið við og hvaða áhrif það hefur haft á rannsóknir hennar og aðra starfsemi. Ráðstefnurit, dagblöð og fræðitímarit hafa einnig verið notadrjúg sem heimildir um rannsóknastarf í sagnfræði, meðal annars þá starfsemi sem tengst hefur Íslenska söguþinginu.

Í ritgerðinni er einnig leitast við að greina meginlínur í rannsóknum sem Sagnfræðistofnun hefur komið að og einnig í rannsóknum kennara og doktorsnema í sagnfræði við Háskóla Íslands almennt og áhrif þessara rannsókna á greinina.

<sup>2</sup> Sjá m.a.: Ingi Sigurðsson. *Sagnaritun og söguspeki*; Ingi Sigurðsson. *Íslensk sagnfræði*.

<sup>3</sup> Hilma Gunnarsdóttir. „Íslenska söguendurskoðunin,“ 23 –110.

Við samanburð á sagnfræði hér á landi, á Norðurlöndum og víðar um heim er stuðst meðal annars við bækur þýsk-bandaríska fræðimannsins Georg Iggers, greinasafnið *Nordic Historiography in the 20th Century*, greinasafnið *Companion to Historiography*, tölublað tímaritsins *Historisk Tidskrift för Finland* þar sem fjallað var um sagnfræðirannsóknir í hverju Norðurlandanna fyrir sig og einnig hafa skjöl, úr skjalasafni Sagnfræðistofnunar, um helstu ráðstefnur norrænna sagnfræðinga verið nýtt í þessu skyni.

Með þessar áherslur að leiðarljósi er reynt að meta, í fyrsta lagi, hver áhrif starfsemi Sagnfræðistofnunar hafa verið á sagnfræðilegar rannsóknir og sagnfræðina sem fræðigrein hér á landi. Í öðru lagi, hvernig stofnunin hefur nýst við að tengja innlent fræðastarf alþjóðastarfi.

Sögu Sagnfræðistofnunar er skipt í þrjú tímabil og fær hvert sinn aðalkafla. Í fyrsta kafla verður fjallað um stofnunina frá stofnárinu 1971 til ársins 1983; í öðrum kafla eru árin 1983–2000 til umfjöllunar og í þriðja kaflanum verður starfsemin á árunum 2000 til 2021 tekin fyrir. Rétt er að taka fram að hér verður leitast við að gefa þverskurð af starfsemi Sagnfræðistofnunar og fjalla um helstu þætti í rannsóknasögu sagnfræðinnar en ekki gera altæka heildarúttekt.

## 1. Rannsóknastofnun verður til 1971–1983

### 1.1 Hugmyndir um nauðsyn vísindastarfs og rannsóknastofnana

Fram eftir sjöunda áratug síðustu aldar snerust umræður um menntamál á Vesturlöndum, sérstaklega háskólastigiðum tengslin milli hagþróunar, framfara í vísindalegum rannsóknum og menntamála. Þessi mál voru rædd víða um lönd og var Ísland þar ekki undanskilið.<sup>4</sup>

Þessar nýju áherslur í menntamálum komu skýrt fram í ræðum Ármanns Snævarr, rektors Háskóla Íslands frá 1960–1969, en honum var tíðrætt um nauðsyn þess að íslenskt samfélag sameinaðist um að efla og styrkja starfsemi þjóðarháskólans og þá einkum getu hans til að iðka rannsóknir. Í ræðu á háskólahátíð 1964 sagði Ármann að þær breytingar sem átt hefðu sér stað á þjóðfélögum, m.a. vegna iðnvæðingar og aukins íbúafjölda í þéttbýli, gerðu það óhjákvæmilegt að háskólar efldust og gengjust fyrir meiri fjölbreytni í kennslu og rannsóknum. Í nágjarnalöndum Íslands hefðu háskólar og aðrar vísindastofnanir eflst svo mjög að líkja mætti við „gerbyltingu.“ Ármann og aðrir háskólamenn treystu því að hér á landi væri sambærileg bylting að hefjast.<sup>5</sup>

Í ræðunni á háskólahátíð 1964 útfærði Ármann Snævarr hugmyndir sínar um rannsóknastarf Háskólans. Hann sagði flestar rannsóknastofnanir við skólann vera ungar en að það væri „einn mikilvægasti þátturinn í þróun síðustu ára,“ hversu góðan hljómgrunn „stofnanahugmyndin“ hefði fengið. Það yrði að skapa innan skólans „aukna rannsóknaraðstöðu“ sem yrði ekki gert nema með því að „stórauka stofnanir-institut-svo sem sýnt er af þróuninni í grannlöndum vorum.“ Nefndi hann þar á meðal „hugvísindastofnanir ýmsar.“<sup>6</sup> Stefnan var því augljóslega að rannsóknastofnanir skyldu vera miðpunktur alls rannsóknastarfs í Háskóla Íslands og að settar yrðu á fót fleiri slíkar, m.a. í hugvísindum. Þegar þessi orð féllu var sagnfræði enn hluti af íslenskum fræðum innan Háskólans en varð sjálfstæð grein 1965. Það var nauðsynlegt upphaf að því að sagnfræðin fengi sína eigin rannsóknastofnun.

Í athugasemdum við frumvarp til laga um Háskóla Íslands, sem lagt var fram árið 1969, var lögð áhersla á að efla skólann með nýjum rannsóknastofnunum og að styrkja

<sup>4</sup> Sigríður Matthíasdóttir. „Grunnmenntunarskólinn 1961 –1990“, 302 –315.

<sup>5</sup> *Árbók Háskóla Íslands. Háskólaárið 1964 –65*, 4 –6.

<sup>6</sup> Sama heimild, 20 –21.

tengsl milli kennslu og rannsókna. Háskólaráð hafði skipað nefnd þetta ár sem móta skyldi tillögur um tengsl Háskólans og rannsóknastofnana hans. Nefndin mælti með því að settar yrðu á fót rannsóknastofnanir við Háskólann innan flestra greina sem þar væru kenndar. Í endanlegri útgáfu frumvarpsins, sem varð að lögum, var kveðið á um að við Háskóla Íslands skyldu starfa rannsóknastofnanir samkvæmt ákvörðun háskóladeilda og háskólaráðs, með samþykki menntamálaráðherra, og skyldu þær að jafnaði heyra undir háskóladeild.<sup>7</sup> Árið 1970 féllst Háskólaráð á tillögu heimspekideildar um reglugerð fyrir rannsóknastofnanir í bókmenntafræði, norrænum málvísindum og sagnfræði og var reglugerðin staðfest af ráðherra 13. apríl 1971.<sup>8</sup> Rannsóknastofnun í sagnfræði, eins og hún var nefnd í reglugerð, tók til starfa í ársbyrjun 1972. Helstu verkefni hennar og skyldur, samkvæmt reglugerðinni, voru að annast grundvallarrannsóknir í sagnfræði og skyldum greinum, sinna verkefnum sem henni kynnu að vera falin til úrlausnar gegn greiðslu, gangast fyrir ráðstefnum, námskeiðum, rannsóknæfingum, fyrirlestrum og útgáfustarfsemi. Stofnuninni var jafnframt falin umsjón með allri kennslu í sagnfræði við Háskóla Íslands. Skipa skyldi stofnuninni stjórn, skipaða tveimur kennurum og einum stúdent, sem hefði umsjón með rannsóknum hennar, fjármálum og öðrum þáttum starfseminnar. Annar kennaranna í stjórn stofnunarinnar gegndi stöðu forstöðumanns og annaðist daglegan rekstur. Í fyrstu stjórn stofnunarinnar sátu prófessorarnir Ólafur Hansson og Þórhallur Vilmundarson en fulltrúi stúdenta var Helgi Þorláksson. Ólafur varð forstöðumaður en Þórhallur formaður.<sup>9</sup> Titill formanns var ekki notaður í þeim stjórnnum sem tóku við síðar meir en að öðru leyti hefur þetta skipulag á stjórn Sagnfræðistofnunar haldist að mestu óbreytt fram til dagsins í dag. Annar kennara í stjórn hefur ætíð gegnt stöðu forstöðumanns og nemendur hafa enn sinn fulltrúa. Með aukinni uppbyggingu framhaldsnáms í sagnfræði hefur hann yfirleitt setið í stjórninni fyrir hönd framhaldsnema.

Þær hugmyndir sem uppi voru víða um lönd á sjöunda áratug síðustu aldar um að auka veg vísindalegra rannsókna náðu fótfestu í íslensku samfélagi. Mikill vilji var til þess hjá rektor og starfsmönnum Háskólans að efla til muna rannsóknastarf innan skólans og þá einna helst með því að setja á fót rannsóknastofnanir sem skyldu vera

<sup>7</sup> Sigríður Matthíasdóttir. „Grunnmenntunarskólinn 1961–1990“, 406–416.

<sup>8</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1969–1973, 142. *Stjórnartíðindi* 1971 B, 169–170 (rg. nr. 71/1971).

<sup>9</sup> *HÍ. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K5. Fundargerðarbók* 1972–80.

miðpunktur rannsóknastarfseminnar og tengja hana sem best við kennslu. Það er úr þessum jarðvegi sem Sagnfræðistofnun er sprottin.

## 1.2 Staða íslenskra sagnfræðirannsókna um 1970

Hugmyndir um eflingu vísindastarfs og rannsóknastofnana komu ekki eingöngu frá stjórnvöldum og háskólayfirvöldum. Um margra ára skeið höfðu heyrst raddir úr hópi sagnfræðinga um nauðsyn þess að komið yrði á fót rannsóknastofnun í sagnfræði til að styrkja rannsóknir og tryggja að greinin teldist vera fullgild fræðigrein. Skömmu áður en Þórhallur Vilmundarson var skipaður prófessor í sögu við Háskóla Íslands flutti hann erindi á fullveldisdaginn árið 1960 þar sem hann hvatti til þess að komið yrði á fót rannsóknastofnun í íslenskum fræðum við skólann. Hann lagði einkum áherslu á að stofnunin yrði að standa fyrir handritarannsóknum en taldi að íslensk saga almennt ætti að vera hluti af rannsóknastarfi þessarar stofnunar.<sup>10</sup> Þegar Þórhallur flutti þetta erindi var sagnfræði hluti af íslenskum fræðum við Háskólann og því lá beinast við að hún myndi heyra undir þessa rannsóknastofnun. Stofnun íslenskra fræða, Handritastofnun, tók til starfa 1962. Sagnfræði var skilin frá íslenskum fræðum 1965, eins og áður er getið, og gerð að sjálfstæðri grein við Háskólann sem stuðlaði án efa að því að sagnfræðingar hvöttu til þess að greinin fengi sérstaka stofnun. Björn Þorsteinsson, sagnfræðingur, framhaldsskólakennari og síðar prófessor í sagnfræði við Háskólann, sagði í viðtali við *Tímann* 1967 að það væri almennt ekki hægt að búa nægilega vel að neinni vísindagrein nema að hún ætti sína eigin stofnun.<sup>11</sup> Árið eftir flutti Magnús Már Lárusson, sem hafði nýlega verið skipaður prófessor í sagnfræði, erindi á ráðstefnu Vísindafélags Íslendinga og sagði að nauðsynlegt væri að komið yrði á fót rannsóknastofnun í sagnfræði ekki síst til að takast á við þá endurskoðun á Íslandssögunni sem þegar væri hafin.<sup>12</sup>

Nýir straumar í viðhorfum og aðferðum í sagnfræði erlendis, einna helst frá Norðurlöndunum, voru farnir að skila sér til landsins og áttu eflaust þátt í að þrýsta á um að meiri kraftur yrði settur í rannsóknastarf. Í áður nefndu viðtali frá 1967 sagði

<sup>10</sup> Þórhallur Vilmundarson. „Handritaheimt.“ 21–25.

<sup>11</sup> „Rætt við Björn Þorsteinsson sagnfræðing. Fyrri hluti,“ 654.

<sup>12</sup> Magnús Már Lárusson, „Sagnfræðin“, 131–133.



Björn Þorsteinsson að ástand íslenskrar sagnfræði sem vísindagreinar væri bágborið og að ýmsar frumrannsóknir skorti. Hann sagði að margir Íslendingar gerðu sér ekki grein fyrir að söfnun fróðleiks og sagnfræði væru tvö aðskilin fyrirbæri. Íslensk sagnfræði einkenndist af of mikilli áherslu á persónusögu þar sem ekkert væri kafað undir yfirborðið. Björn lagði áherslu á að framvegis yrði að rannsaka sögu Íslands í samhengi við sögu Vestur-Evrópu en ekki líta á Íslandssöguna sem einangrað fyrirbæri eins og gert hefði verið.<sup>13</sup>

Hugmyndir Björns um sagnfræði voru undir nokkrum áhrifum marxískrar efnishyggju sem snerist m.a. um að einstaklingar og hugmyndir væru ekki hreyfiafl sögunnar heldur efnislegir þættir eins og t.d. framleiðsla og stéttaátök.<sup>14</sup> Björn vildi að saga íslensks alþýðufólks yrði dregin fram og áhersla á sögu fyrimenna minnkuð eins og hann sjálfur leitaðist við að gera í t.d. bókunum *Ný Íslandssaga, Enska öldin í sögu Íslendinga* og *Íslands- og Norðurlandasaga*. Í sagnfræðiverkum Björns var sagan sett í heildarsamhengi hinna ýmsu þjóðfélagsþátta en ekki rituð út frá æviþáttum eins og algengt var í verkum af þessu tagi fram yfir miðja 20. öld. Í doktorsritgerð sinni um siglingar Englendinga við Ísland, leitaðist Björn t.d. við að tengja Ísland betur við umheiminn en áður var gert. Hann lagði litla áherslu á staðreyndatínslu og vildi fremur horfa til hinna stóru lína sögunnar og var alltaf opinn fyrir því að skoða hana frá nýjum sjónarhornum. Væntanlega hefur Björn talið að með tilkomu Sagnfræðistofnunar mætti vinna betur að því að fræðilegar áherslur í þessum anda næðu fótfestu innan íslenskrar sagnfræði.

Ýmsir sagnfræðingar tóku undir með Birni um að staða greinarinnar hér á landi væri ekki góð. Í bókardómi árið 1968 vék Aðalgeir Kristjánsson, sagnfræðingur og skjalavörður, lítilega að stöðu íslenskrar sagnfræði eins og hún blasti við honum. Sagði hann það í raun og veru háð að kalla Ísland sögueyjuna þar sem áhugi á sögulegum rannsóknum, öðrum en „ættfræðidóti“, væri almennt ekki til staðar hjá þjóðinni.<sup>15</sup> Í erindi sínu á ráðstefnu Vísindafélagsins 1968 lýsti Magnús Már Lárusson stöðu íslenskrar sagnfræði sem óviðunandi. Hann sagði greinina of háða samtíma sínum og einkennast full mikið af viðhorfum sjálfstæðisbaráttunnar. Þar af leiðandi væri haldið á lofti fullyrðingum um ýmsa þætti í Íslandssögunni sem stæðust ekki skoðun. Hann sagði

<sup>13</sup> „Rætt við Björn Þorsteinsson sagnfræðing. Fyrri hluti,“ 654–670.

<sup>14</sup> Gunnar F. Guðmundsson. „Björn Þorsteinsson.“ 15–55.

<sup>15</sup> Aðalgeir Kristjánsson. „Grikkland hið forna,“ 6.

mál til komið að endurmeta söguna og nokkrir sagnfræðingar væru þegar byrjaðir að gera það.<sup>16</sup>

Þannig var íslenskri sagnfræði lýst undir lok sjöunda áratugarins. Hinn fræðilegi grunnur væri veikur og sagnfræðiiðkun snerist of mikið um söfnun fróðleiksmola fremur en að greina og rannsaka sögu Íslands með fræðilegum vinnubrögðum. Björn Þorsteinsson og Magnús Már Lárusson voru að sumu leyti sama sinnis í fræðilegum viðhorfum. Þeir töldu að færa þyrfti sagnfræðina frá persónusögu og staðreyndatínslu yfir að samfélagssögu og stuðla að nákvæmari vísindalegum vinnubrögðum til að komast nær hlutlægrri þekkingu.<sup>17</sup> Magnús Már var þó sýnu nær pósitífisma eins og fram kemur í áður nefndu erindi hans frá 1968 þar sem hann segir að vel mætti fella sagnfræði að hluta til undir sömu merki og raunvísindi „þar eð hún byggir niðurstöður sínar á athugunum og flokkun á staðreyndum og reynslu“ og að sagnfræðingurinn geti gefið samfélagi sínu „hleypidómalaus skýrslu“ um fortíðina, en sagnfræðin væri að því leyti frábrugðin, að sagnfræðingurinn sem maður yrði að „víkka svið sitt og þekkingu“; „fara út fyrir sjálfan sig“ til að fara aftur til liðins tíma laus við fordóma eigin samtíma.<sup>18</sup> Björn var hins vegar meiri efahyggjumaður. Hann taldi að óhjákvæmilega væru staðreyndir í flestum sagnfræðiritum en þær ættu ekki að tala einar sínu máli heldur yrðu sagnfræðingar að draga ályktanir og alhæfa um hinar stóru línu sögunnar.<sup>19</sup> Sýn Magnúsar og Björns á sagnfræði var því um margt ólík en þeir töldu þó báðir að stefna bæri a.m.k. upp að vissu marki að hlutlægrri þekkingu á sögunni. Þetta var í ágætu samræmi við það sem var að gerast almennt í sagnfræði á Vesturlöndum á þessum árum. Misjafnt var eftir löndum og málsvæðum hversu mögulegt talið var að komast að sannleikanum um fortíðina og hvaða aðferðum væri best að beita í því skyni. Hins vegar var hlutlæg þekkingarleit almennt talin meginmarkmið sagnfræðilegra rannsókna.<sup>20</sup>

Um þetta leyti voru aðferðir sem lítt höfðu komið við sögu íslenskrar sagnfræði farnar að skila sér hingað til lands. Innan Háskóla Íslands hafði sagnfræði verið hluti af íslenskum fræðum sem þýddi að hún var nátengd rannsóknum á íslenskum bókmenntum og málfræði og var rík áhersla lögð á miðaldasögurannsóknir út frá

<sup>16</sup> Magnús Már Lárusson, „Sagnfræðin“, 130–133.

<sup>17</sup> Sjá t.d. Iggers og Wang. *A Global History of Modern Historiography*, 251–252.

<sup>18</sup> Magnús Már Lárusson, „Sagnfræðin“, 128–129.

<sup>19</sup> Gunnar F. Guðmundsson. „Björn Þorsteinsson.“ 15–55.

<sup>20</sup> Bentley. „Introduction. Approaches to Modernity,“ 477.

textafræði miðaldahandrita. Sagnfræðikennarar við skólann horfðu mjög til Norðurlandanna og sumir höfðu stundað nám þar.<sup>21</sup> Það bendir til að þessi rannsóknarhefð hafi verið nokkuð sterk á Norðurlöndum þegar þeir stunduðu sitt nám og að íslensk sagnfræði hafi ekki verið fullkomlega einangruð frá því sem var að gerast í greininni í nágrannalöndunum. Um það leyti sem sagnfræði var að stíga sín fyrstu skref sem sjálfstætt fræðasvið innan Háskóla Íslands var komin mikil hreyfing á sagnfræðiiðkun í Bandaríkjunum og Vestur-Evrópu. Síðan 1950 hafði vegur félagssögu og hagsögu farið vaxandi en hún varð fyrir miklum áhrifum félagsvísinda sem birtist m.a. í notkun kenninga og meginlegra aðferða. Sókn félagsvísinda hélt áfram og náði vissu hámarki á sjöunda og áttunda áratugnum.<sup>22</sup> Tölfræðileg greining sló fyrst í gegn í íslenskri sagnfræði með doktorsritgerð Björns Lárussonar við Háskólann í Lundi sem hann lauk 1967.<sup>23</sup> Nokkru síðar nýttu Björn Teitsson og aðrir ungir sagnfræðingar talnagögn til að rannsaka eyðingu byggðar á árabílinu 1300–1700. Eyðibýlarannsóknin var hluti af samnorrænu rannsóknarverkefni og hófu Íslendingar þátttöku árið 1969.<sup>24</sup> Hluttur Íslands í rannsókninni var unninn að nokkru leyti undir merkjum Sagnfræðistofnunar, eftir að hún kom til sögunnar. Hinar félagsvísindalegu aðferðir voru greinilega farnar að berast inn á lendur íslenskrar sagnfræði í gegnum Norðurlöndin áður en Sagnfræðistofnun tók til starfa og fengu svo brautargengi innan stofnunarinnar.

Uppgangur félagsvísindalegra aðferða í sagnfræði í þann mund sem Sagnfræðistofnun var að komast á laggirnar ýtti líklega undir nauðsyn þess að ná kerfisbundnum tókum á þessum aðferðum og beita þeim í auknum mæli. Tilkoma þeirra jók líklega þörfina á að koma þeim í fastan farveg eins og Sagnfræðistofnun var ætlað að vera. Það tók hins vegar megnið af áttunda áratugnum fyrir hinar nýju aðferðir að festast í sessi. Í skrifum Inga Sigurðssonar kemur fram að félagssaga hafi orðið meira áberandi um 1980. Ingi segir að fyrir þann tíma hafi Íslendingar skrifað talsvert um félagssögu en tímamót hafi orðið þegar íslenskir sagnfræðingar byrjuðu að nálgast hana undir augljósum áhrifum félagsvísinda.<sup>25</sup> Hilma Gunnarsdóttir bendir á að þessar

<sup>21</sup> Loftur Guttormsson. „Nogle træk af historieforskningen i Island 1990–1996.“ 90.

<sup>22</sup> Iggers. *Sagnfræði á 20. öld*, 73–79. Bentley. „Introduction. Approaches to Modernity,“ 471.

<sup>23</sup> Anna Agnarsdóttir og Hrefna Róbertsdóttir. „The Historiography of Early Modern Iceland“, 70.

<sup>24</sup> Björn Teitsson. „Samnorrænar rannsóknir á byggðarsögu 14.–16. aldar.“ 21–39.

<sup>25</sup> Ingi Sigurðsson. „The Professionalization of Icelandic Historical Writing“, 159.

breytingar á íslenskri sagnfræði hafi farið vaxandi eftir því sem leið á áttunda áratuginn. Hún segir erlend áhrif hafa aukist, félagssaga, m.a. undir áhrifum félagsfræði, hafi styrkst í sessi. Þessi þróun hafi eflst enn frekar á fyrri hluta níunda áratugarins og sagnfræðirit sem voru undir þessum áhrifum verið gefin út. Hilma nefnir þar til sögunnar rit Lofts Guttormssonar um bernsku og ungdóm á einveldisöld, rit Guðmundar Jónssonar um vinnuhjú á 19. öld og bók Ólafs Ásgeirssonar um iðnbyltingu hugarfarsins.<sup>26</sup> Þessar þrjár bækur eiga það allar sameiginlegt að hafa komið út á vegum Sagnfræðistofnunar og með útgáfu þeirra átti stofnunin þátt í þeirri þróun sem Hilma gerir grein fyrir. Rannsóknir sem höfðu talsverðar breytingar í för með sér fyrir íslenska sagnfræði voru flestar fyrst birtar á seinni hluta áttunda áratugarins en aðferðir og nálganir voru byrjaðar að breytast þegar á sjöunda áratugnum eins og t.d. með norrænu rannsókninni á byggðaeýðingu. Það tók tíma fyrir þessar breytingar að festast í sessi og eldri aðferðum var ekki sópað burt í einu vetfangi.

Í títtnefndu erindi Magnúsar Mús Lárussonar á ráðstefnu Vísindafélags Íslendinga 1968 hvatti hann til þess að rannsóknastofnun í sagnfræði yrði komið á laggirnar m.a. til að halda áfram rannsóknum sem vörpuðu nýju ljósi á Íslandssöguna og væru ekki endilega í samræmi við þá sögusýn sem haldið var á lofti í sjálfstæðisbaráttunni. Á þessum tíma höfðu einmitt birst rannsóknir með niðurstöðum sem gengu t.d. gegn þeirri sýn á söguna að Íslendingar hefðu fyrir á öldum lifað í nær stéttlausu þjóðfélagi og alla tíð verið kúgaðir af erlendum yfirboðurum sínum. Fjórum árum áður hafði Bergsteinn Jónsson til að mynda fært fyrir því rök að einveldi danakonungs hefði haft í för með sér framfarir á Íslandi.<sup>27</sup> Björn Þorsteinsson sendi frá sér bókina *Ný Íslandssaga* árið 1966 og var, að sögn Gunnars Karlssonar, með henni fyrstur fræðimanna til að lýsa þjóðveldinu sem stéttskiptu samfélagi.<sup>28</sup> Sama ár skrifaði Sverrir Kristjánsson greinina „Jón Sigurðsson, baksvið og baráttta“, þar sem hann greindi líklega fyrstur fræðimanna, að mati Gunnars, sjálfstæðisbaráttuna í samhengi við félagsgerð samfélagsins.<sup>29</sup> Íslandssagan hafði fram að þessum tíma almennt verið rannsökuð án samhengis við sögu annarra landa. Sverrir Kristjánsson lagði sig hins vegar sérstaklega eftir því að

<sup>26</sup> Hilma Gunnarsdóttir, „Íslenska söguendurskoðunin,“ 24–25, 64–65.

<sup>27</sup> Bergsteinn Jónsson, „Fáein orð um upphaf einveldis á Íslandi,“ 70–85.

<sup>28</sup> Gunnar Karlsson, „Hvernig verður ný söguskoðun til,“ 138–139.

<sup>29</sup> Sama heimild.

setja sjálfstæðisbaráttuna í evrópskt samhengi.<sup>30</sup> Áður en Sagnfræðistofnun tók til starfa voru því sagnfræðingar farnir að skora viðtekin sannindi sjálfstæðisbaráttunnar um Íslandssöguna á hólum eins og Magnús Már Lárusson hafði hvatt til. Þessir tilteknu sagnfræðingar voru á þessum tíma ekki fastir kennarar í sagnfræði við Háskóla Íslands en Björn Þorsteinsson og Bergsteinn Jónsson, ásamt Jóni Guðnasyni, bættust í þann hóp um 1970. Þær vonir og væntingar sem Björn Þorsteinsson setti fram í blaðaviðtalinu 1967 voru að verða að veruleika. Nýjar aðferðir og nálganir skutu rótum í íslenskri sagnfræði og þess var ekki langt að bíða að Sagnfræðistofnun kæmi til skjalanna og veitti þeirri þróun frekari fótfestu.

### 1.3 Hvaða rannsóknir á Sagnfræðistofnun að styðja?

Þegar Helgi Þorláksson, fulltrúi sagnfræðinema í fyrstu stjórn Sagnfræðistofnunar, leit til baka rúmum 30 árum síðar sagði hann stofnunina hafa verið boðbera nýrra tíma, rannsókna og hugmynda.<sup>31</sup> Á upphafsdögum stofnunarinnar voru ýmsar hugmyndir uppi um hvaða viðfangsefni hún ætti að rannsaka og talið mikilvægt að stofnunin hefði yfir sem veglegustu bókasafni að ráða til að styðja sem best við rannsóknastarf hennar. Þegar stofnunin tók til starfa í byrjun árs 1972 var Magnús Már Lárusson orðinn rektor Háskólans og lagði hann til að stofnunin tæki að sér að skrifa sögu tiltekinnna sveitarfélaga, fyrirtækja og stofnana gegn greiðslu.<sup>32</sup> Ekkert varð úr þessum hugmyndum Magnúsar í brád en í staðinn var starfseminni einna helst beint að norrænum rannsóknarverkefnum sem þegar voru hafin. Þess ber þó að geta að allt frá upphafsárum Sagnfræðistofnunar til samtímans, hafa verið dæmi um að stofnunin taki að sér rannsóknir á tilteknum viðfangsefnum samkvæmt ósk utanaðkomandi aðila sem hafa þá fjármagnað viðkomandi rannsókn. Einnig hefur stofnunin haft milligöngu um að sagnfræðingar hafi verið ráðnir til að skrifa sögu fyrirtækja og félagasamtaka. Til að mynda var Helgi Skúli Kjartansson ráðinn 1976, í samvinnu við Sagnfræðistofnun, til

<sup>30</sup> Gunnar Karlsson, „Sagan af þjóðríkismyndun Íslendinga 1830–1944,“ 120–123.

<sup>31</sup> Helgi Þorláksson, „Ef þetta er tilviljun, þá er allt tilviljun,“ 254.

<sup>32</sup> *HÍ. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K5. Fundargerðarbók 1972–80.*

að skrifa sögu Sambands íslenskra samvinnufélaga.<sup>33</sup> Því verkefni lauk þó reyndar aldrei m.a. vegna ágreinings um efnistöð.<sup>34</sup>

Á upphafsárum Sagnfræðistofnunar var rætt um ýmislegt sem stofnunin gæti staðið fyrir til að styrkja sagnfræðirannsóknir. Á stjórnarfundum var m.a. rættum hvort stofnunin gæti komið að þeim safnamálum sem féllu ekki undir starfssvið Þjóðminjasafnsins. Þórhallur Vilmundarson lagði til á fyrsta stjórnarfundinum að stofnunin kæmi að útgáfu á lokaritgerðum sem þættu vel heppnaðar og veitti kandídatsnemum aðstöðu til rannsókna.<sup>35</sup> Útgáfa ritgerða og annarra sagnfræðilegra rannsókna varð eftir þetta meðal helstu verkefna Sagnfræðistofnunar. Á fyrstu starfsárum stofnunarinnar lagði Björn Þorsteinsson nokkrum sinnum til að hún stæði fyrir útgáfu á frumheimildum. Meðal slíkra hugmynda var að Sagnfræðistofnun gerði Jóni Guðnasyni kleift að standa fyrir útgáfu bréfa sem fóru á milli Valtýs Guðmundssonar og Skúla Thoroddsen.<sup>36</sup> Í rekstraráætlunum var stefnt að heimildaútgáfum og þar sagt eðlilegt að stofnunin stæði fyrir þeim.<sup>37</sup> Sagnfræðistofnun kom hins vegar ekki að útgáfu frumheimilda fyrr en undir lok 20. aldar með sérstakri ritröð. Auk útgáfu ritgerða og annarra sagnfræðirannsókna voru helstu verkefni stofnunarinnar á fyrstu árunum þátttaka í samnorrænum rannsóknum auk rannsókna á Skaftáreldum og áhrifum þeirra. Jafnframt var stofnunin frá upphafi opin fyrir því að taka að sér rannsóknarverkefni fyrir utanaðkomandi aðila.

Sagnfræðistofnun var naumt skammtað af þeim fjárveitingum sem runnu til Háskóla Íslands á fjárlögum. Árið 1973 sendi fyrsti forstöðumaður stofnunarinnar, Ólafur Hansson, bréf til rektors og kvartaði undan lágum fjárframlögum. Í bréfinu vísaði Ólafur sérstaklega til fjárfrekra samnorrænna rannsókna sem Sagnfræðistofnun tæki þátt í.<sup>38</sup> Lítið breyttist hins vegar í þessum málum á fyrsta áratugnum sem stofnunin starfaði. Sveinbjörn Rafnsson, þáverandi forstöðumaður, sagði í skýrslu um starfseminu, háskólaárið 1981–82, að fjárveitingin hefði ekki náð árslaunum eins

<sup>33</sup> „Helgi Skúli ritar samvinnusögu,“ 11.

<sup>34</sup> Helgi Skúli Kjartansson. „Í samfylgd sagnfræðinga,“ 246.

<sup>35</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K5. Fundargerðarbók 1972–80.

<sup>36</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K5. Fundargerðarbók 1972–80. Jón Guðnason birti bréf Valtýs til Skúla í tímaritinu *Sögu* á árunum 1974 og 1975.

<sup>37</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands BSA1:1. Rekstraráætlun Rannsóknastofnunar í sagnfræði við Háskóla Íslands 1977.

<sup>38</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands BSA1:4. Ólafur Hansson, f.h. Rannsóknastofnunar í Sagnfræði til rektors Háskóla Íslands 5. feb. 1973.

framhaldsskólakennara.<sup>39</sup> Sveinbirni, sem og öðrum forstöðumönnum stofnunarinnar, þótti starfsemi hennar oft sýndur lítill skilningur og sagði hann í rekstraráætlunum í forstöðumannstíð sinni m.a. að lágar fjárveitingar hefðu orðið til þess að starfsemin væri „ómarkviss og fálmkennd“.<sup>40</sup> Forsvarsmenn stofnunarinnar fóru iðulega fram á fjárveitingar til að halda uppi lágmarks skrifstofuhaldi en aldrei varð af því að hún fengi eigin skrifstofu. Stofnunin fór einnig á upphafsárum sínum reglulega fram á að kennurum í sagnfræði yrði fjölgað en mörg ár liðu þar til fjölga fór í kennarahópnum. Rannsóknir sem ráðist var í undir merkjum stofnunarinnar á áttunda áratugnum voru að miklu leyti fjármagnaðar með styrkjum úr innlendum og erlendum sjóðum. Þær samnorrænu rannsóknir sem stofnunin tók við af Íslands hálfu þegar hún tók til starfa voru m.a. fjármagnaðar með styrkjum úr norrænum sjóðum.<sup>41</sup> Samnorræn rannsókn á vesturferðum, sem þróaðist reyndar yfir í að gerð var heildarskrá yfir nöfn allra vesturfara frá Íslandi, var gefin út fyrir sérstakan styrk frá ríkisstjórn Íslands.<sup>42</sup> Rannsókn á Skaftáreldum og Móðuharðindunum, sem hófst hér á landi sem samvinnuverkefni sagnfræðinga og raunvísindamanna, var að miklu leyti fjármögguð með framlögum úr Vísindasjóði.<sup>43</sup>

Auk fyrrgreindra fjármögnunarleiða eru dæmi um að stofnunin hafi ýmist haft frumkvæði að verkefnum sem fjármögguð voru af félagasamtökum og fyrirtækjum eða haft milligöngu um rannsóknaverkefni að ósk utanaðkomandi aðila sem hafa þá fjármagnað viðkomandi rannsókn. Nýlegt dæmi um slíkt verkefni er rannsókn á ævi og störfum Páls Briem en niðurstöður hennar komu út í greinasafni árið 2019 í ritstjórn Sverris Jakobssonar og Ragnheiðar Kristjánsdóttur.

Björn Þorsteinsson var allt frá upphafi starfsemi Sagnfræðistofnunar sérstaklega fylgjandi þessari stefnu svo að efla mætti sagnfræðilegar rannsóknir innan sem utan Háskóla Íslands. Björn sá fyrir sér að hjá Sagnfræðistofnun myndu starfa sérstakir rannsóknalektorar sem tækju t.d. að sér að rannsaka sögu helstu atvinnugreina Íslendinga.<sup>44</sup> Aðrir kennarar í sagnfræði sáu eflaust fyrir sér í upphafi að starfsemi

<sup>39</sup> Sveinbjörn Rafnsson. „Rannsóknastofnun í sagnfræði.“ 69.

<sup>40</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands BSA1:1. Rekstraráætlun Rannsóknastofnunar í sagnfræði fyrir árið 1982.

<sup>41</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands BSA1:1. Rekstraráætlun fyrir Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands árið 1975. Rekstraráætlun fyrir Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands árið 1974. Greinargerð.

<sup>42</sup> „Dr. Kristján Eldjárn afhenti góðar gjafir í Winnipeg,“ 3.

<sup>43</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands BSA1:1. Rannsóknastofnun í sagnfræði.

<sup>44</sup> Björn Þorsteinsson. „Aumastur allra.“ 121–124.

Sagnfræðistofnunar yrði með sams konar hætti, að hún hefði sérstaka skrifstofu og til hennar yrðu ráðnir starfsmenn eingöngu til að sinna rannsóknum. Vegna takmarkaðra fjárveitinga þróaðist starfsemin hins vegar með þeim hætti að starfsmenn voru ráðnir til einstakra verkefna og treyst var á framlög úr styrktarsjóðum til að fjármagna þær rannsóknir sem ráðist var í undir merkjum Sagnfræðistofnunar. Þessi aðbúnaður hefur alla tíð haft talsvert að segja um hvaða rannsóknir hún hefur getað stutt við.

### 1.3.1 Eyðibýlarannsóknin og nýjar aðferðir í íslenskri sagnfræði

Af þeim rannsóknum sem unnar voru undir merkjum Sagnfræðistofnunar á upphafsárum hennar var það áður nefnd samnorræn rannsókn á eyðingu byggðar á árunum 1300–1600. Rannsóknin var upphaflega sprottin af áhuga evrópskra sagnfræðinga upp úr miðri öldinni á þeim efnahagskreppum, m.a. byggðaeypingu, sem urðu í Vestur- og Mið-Evrópu á síðmiðöldum. Á norræna sagnfræðingafinginu 1964 þótti ljóst að þessi þróun hefði einnig orðið á Norðurlöndum og var áhugi á að grafast nánar fyrir um orsakirnar.<sup>45</sup> Þessi samnorræna rannsókn er því ágætt dæmi um nýja strauma í sagnfræði sem farnir voru að berast frá meginlandi Evrópu og Bretlandi til Norðurlandanna og þaðan hingað til lands. Norski sagnfræðingurinn Andreas Holmsen og starfsbróðir hans frá Svíþjóð, Erik Löhnroth, voru hvatamennirnir að rannsókninni og var henni formlega hleypt af stað 1966 en Íslendingar fengu aðild að henni 1969.<sup>46</sup> Íslenskir fræðimenn áttu ekki frumkvæðið að því heldur var það almennt álit hinna norrænu fræðimanna að byggðapróun á Íslandi yrði að vera hluti af rannsókninni, m.a. vegna þess að Íslendingar áttu ríkulegar ritheimildir frá 13. og 14. öld.<sup>47</sup>

Magnús Stefánsson, lektor við Háskólann í Bergen, var beðinn um að hlutast til um þátttöku Íslendinga.<sup>48</sup> Í kjölfarið mynduðu íslenskir fræðimenn sérstakan hóp til að fylgjast með og tengjast rannsókninni. Fræðimenn á sviði sagnfræði og fornleifafræði áttu aðild að hópnum auk raunvísindamanna vegna þeirra miklu áhrifa sem

<sup>45</sup> Björn Teitsson. „Samnorrænar rannsóknir á byggðarsögu 14.–16. aldar.“ 21–28.

<sup>46</sup> Ólafur Ásgeirsson. „Ritfregnir,“ 297–298.

<sup>47</sup> Helgi Þorláksson. „Ritdómar,“ 198.

<sup>48</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands. Referat fra Ødegårdskonferanse på Lysebo 25.–26/4 1969.



náttúrukraftar höfðu á byggðaðróun hér á landi.<sup>49</sup> Magnús Már Lárusson átti sæti í hópnum og var ætlað að stýra starfi hans en ætlunin var að Magnús Stefánsson myndi einnig taka sæti og þá hafa samstarf við Björn Teitsson, sagnfræðing, um sagnfræðilega hlið rannsóknarinnar. Magnús Stefánsson sagði í viðtali við *Morgunblaðið* að rannsóknir íslenska hópsins yrðu skipulagðar á þvervísindalegum grundvelli.<sup>50</sup> Raunin varð þó á endanum sú að íslenskir raunvísindamenn tóku ekki beinan þátt í rannsókninni. Framlag þeirra virðist hafa falist einna helst í að kynna fyrri rannsóknir sínar, sem tengdust viðfangsefninu, og veita ráðgjöf. Þegar ráðstefna vegna rannsóknarinnar var haldin á Húsavík í ágúst 1974 héldu nokkrir íslenskir raunvísindamenn þar erindi að því er virðist aðallega í þeim tilgangi að kynna rannsóknir sínar fyrir þátttakendum frá Norðurlöndunum.<sup>51</sup>

Björn Teitsson tók á endanum við stjórn íslenska hluta rannsóknarinnar og sá um hið fræðilega samstarf við rannsóknaraðila á Norðurlöndum. Samkvæmt fundargerðum stjórnar Sagnfræðistofnunar var aldrei tekin formleg ákvörðun um að íslenski hluti rannsóknarinnar skyldi færður undir hennar merki. Þeir sem unnu að rannsókninni fengu hins vegar aðstöðu í rannsóknarstofu stofnunarinnar og stjórn hennar studdi sérstaklega við ráðstefnuna á Húsavík.<sup>52</sup> Í *Árbók Háskóla Íslands* fyrir árin 1973–1976 var þess sérstaklega getið að Sagnfræðistofnun ætti aðild að rannsókninni.<sup>53</sup> Málin æxluðust því einfaldlega þannig að stofnunin tók að sér umsjón rannsóknar.

Eftir því sem á leið á rannsóknina kvarnaðist úr íslenska hópnum og það voru þrír sagnfræðingar sem skiluðu af sér lokaniðurstöðum. Björn Teitsson tók fyrir byggð í Suður-Þingeyjarsýslu, Árni Indriðason fjallaði um byggðaðróun í austanverðum Skagafirði og Ólafur Ásgeirsson rannsakaði byggð á utanverðu Snæfellsnesi.<sup>54</sup> Hvað Ísland varðar getur þessi rannsókn vart talist hafa verið þverfagleg þótt hugmyndir um slíka samvinnu væru til staðar. Það sem var einnig nýstárlegt við rannsóknina var samvinna milli sagnfræðinga um sömu rannsókn sem hafði ekki tíðkast áður í íslenskri sagnfræði. Slíkt átti eftir að verða æ algengara.

<sup>49</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands. Referat frá Nordiska ödegårdsprojektets symposium på Evedal den 14.–16. september 1970.

<sup>50</sup> „Eyðibýlarannsóknir“, 12.

<sup>51</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands. Referat fra Ødegårdssymposiet i Húsavík 27.–29. aug. 1974.

<sup>52</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K5. Fundargerðarbók 1972–80.

<sup>53</sup> Björn Þorsteinsson, „Rannsóknastofnun í sagnfræði“, 74.

<sup>54</sup> Ólafur Ásgeirsson. „Ritfregnir“, 300.

Í rannsókninni var einnig hallast að þeirri fræðilegu nálgun, sem hafði ekki alltaf verið sjálfsögð, að sagnfræðingar rannsökuðu viðfangsefni sín í sem víðustu samhengi og skoðuðu áhrif sem flestra þátta, t.d. landfræðilegra, á búsetu. Frá upphafi þátttöku Íslendinga í rannsókninni var sú stefna mörkuð að samhæfa aðferðir og rannsóknarefni við Norðurlöndin. Í rannsókninni var lögð áhersla á að draga upp heildarmynd fyrir hvert land og lýsa samfelldri þróun á árabílinu 1300–1600.<sup>55</sup> Ljóst var að ekki væri mögulegt að rannsaka íslenska byggð í heild sinni en landinu var skipt í svæði sem átti að rannsaka með sams konar aðferðum og notaðar voru á Norðurlöndunum.

Þegar kom að úrvinnslu upplýsinganna var rannsóknaraðferð sem norsku fræðimennirnir höfðu þróað beitt með íslenskri útfærslu. Björn Teitsson notaði ritheimildir til að meta líkur á hvort að tiltekin jörð hefði verið í byggð eða lagst í eyði. Stig voru gefin í samræmi við hversu öruggt þótti að á viðkomandi jörð hefði verið byggð og byggðaeýðing þannig greind. Þessi aðferð var kölluð „punktundersökelse“. Íslenski hlutinn var þannig frá upphafi unninn undir samræmdum markmiðum og aðferðum eyðibýlarannsóknarinnar. Björn sagði þessar aðferðir og nálgun ekki hafa verið í samræmi við íslenska rannsóknarhefð.<sup>56</sup> Það ætti því að vera nokkuð ljóst að með þessari rannsókn voru nýjar aðferðir innleiddar í íslenskri sagnfræði og Íslandssagan rannsökuð í meira samhengi við sögu nágrannaríkjanna en venjan hafði verið fram að því.

### 1.3.2 Vesturferðir Íslendinga. Félagssöguleg rannsókn eða skráningarverkefni?

Annað umfangsmikið verkefni sem Sagnfræðistofnun stóð fyrir á upphafsárum sínum var rannsókn á brottflutningi fólks frá Íslandi til Vesturheims á níttjándu öld og fyrri hluta þeirrar tuttugustu. Í upphafi var um að ræða hluta af samnorrænni rannsókn á brottflutningi fólks frá öllum Norðurlöndum. Áhugi hafði farið vaxandi á þessu efni meðal norrænna fræðimanna og væntanlega hafa vaxandi vinsældir fólksfjöldasögu (sögulegrar lýðfræði) haft áhrif á það. Þátttaka Íslands hófst formlega þegar Þórhallur Vilmundarson prófessor sat ráðstefnu í Svíþjóð, árið 1969, þar sem var m.a. rætt um heimildir um vesturferðir en Þórhallur vakti þá athygli á því að Ísland hefði þá sérstöðu

<sup>55</sup> Björn Teitsson. „Samnorrænar rannsóknir á byggðarsögu 14.–16. aldar.“ 21–39.

<sup>56</sup> Björn Teitsson. *Bosetning í Suður-Þingeyjarsýsla 1300–1600*, 1–25.

að geta líklega fundið nöfn allra vesturfara í heimildum.<sup>57</sup> Þegar Sagnfræðistofnun tók formlega til starfa í upphafi árs 1972 flutti Þórhallur Þátt Íslands í samnorrænu rannsókninni undir stofnunina.<sup>58</sup>

Upphaflega var verkefnið skipulagt með þeim hætti að Helgi Skúli Kjartansson og Júníus Kristinsson voru fengnir til að skrá helstu upplýsingar um vesturfara upp úr heimildum svo sem nöfn, brottfararstaði, aldur, hjúskaparstöðu og starf. Upplýsingarnar voru tölvuskráðar, með tækni þeirra tíma, í Gautaborg 1973.<sup>59</sup> Helgi og Júníus fengu leiðsögn frá norrænum samstarfsmönnum og sóttu ráðstefnur og fundi þar sem þeir kynntust því hvernig staðið var að stórum rannsóknarverkefnum.<sup>60</sup> Markmiðið var að gera tölfraðilega greiningu með aðstoð Tölfraðistofnunar Kaupmannahafnarháskóla í því skyni að öðlast fyllri skilning á orsökum vesturferðanna, þeim hópi sem hélt vestur og þeim sem fóru ekki. Þar sem ítarlegastar heimildir höfðu varðveist í Norður-Múlasýslu þótti nærtækast að hún yrði viðfangsefni rannsóknarinnar af Íslands hálfu.<sup>61</sup> Þegar tölvuskráningu upplýsinga úr heimildum um vesturfara var lokið sagði Þórhallur Vilmundarson næsta skref vera að hefja sérrannsókn á Norður-Múlasýslu. Hann sagði að stefnt væri að því að koma upp kerfisbundnum upplýsingaforða um alla íbúa sýslunnar og skrá m.a. allar fjölskyldur og fjölskyldutengsl.<sup>62</sup>

Rannsóknin á vesturferðum Íslendinga var þannig mótuð í anda sögulegrar lýðfræði, sem þá var orðin vinsæl á Vesturlöndum, með áherslu á að safna saman miklum tölfraðilegum gögnum til að rannsaka ýmsa lýðfræðilega þætti sem tengdust ferðunum. Eftir að tölvuskráningunni lauk var þó ekki fyllilega ljóst hvernig ætti að halda rannsókninni áfram en þörf þótti á frekari úrvinnslu.<sup>63</sup> Skráningar þurfti að yfirfara og lagfæra og stjórn Sagnfræðistofnunar áleit að upplýsingarnar yrðu að vera aðgengilegri en tölvuskráning bauð upp á. Rætt var innan stjórnarinnar um að gefa út rannsókn Júníusar Kristinssonar á vesturferðum úr Vopnafirði, rannsókn Helga Skúla Kjartanssonar á vesturferðum frá landinu öllu ásamt því að gefa út heildarlista yfir

<sup>57</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K6. Álitsgerð Harðar F. Harðarssonar héraðsdómslögmanns. Höfundaréttur að ritinu Vesturfaraskrá 1870–1914, 26. feb. 1997.

<sup>58</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K5. Fundargerðarbók 1972–80.

<sup>59</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K5. Fundargerðarbók 1972–80

<sup>60</sup> Helgi Skúli Kjartansson. „Í samfylgd sagnfræðinga.“ 244–245.

<sup>61</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands BSA1:2. Hans Olaf Hansen, Københavns Universtetes Statistike Institut. Den Nordiske migrationsgruppe. Rapport om rejse til Island, 10. april 1972.

<sup>62</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands BSA1:2. Bréf Þórhalls Vilmundarsonar til Hugvísindadeildar Vísindasjóðs, 28. febrúar 1973.

<sup>63</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K5. Fundargerðarbók 1972–80.

vesturfara. Að ósk ríkisstjórnarinnar árið 1975 var ákveðið að stofnunin myndi gefa út heildarskrá yfir alla vesturfara sem Júníus myndi taka saman. Auk skrárinnar stóð til að gefa út rannsókn Helga Skúla og tekið sérstaklega fram að þar yrði birt „statistik“.<sup>64</sup> Júníus endurbætti skráningarnar en Helgi Skúli lauk rannsókn sinni með kandídatsritgerð. Samkvæmt Helga Skúla varð niðurstaða þessarar vinnu Júníusar til þess að tölfræðin í ritgerð hans varð fljótlega úrelt.<sup>65</sup> Júníus lýsti því í skýrslu fyrir stjórn Sagnfræðistofnunar að heildarskrá yrði fyrst og fremst heimild um einstaklinga. Ef einblínt væri á að vinna tölfræði úr heimildunum væri hægt að nota hana í frekari rannsóknum.<sup>66</sup> Þegar ráðist var í gerð skrárinnar var ætlunin að með henni myndi fylgja yfirlitsritgerð með „tölflum og tölulegum fróðleik.“<sup>67</sup> Þegar endanleg skrá yfir vesturfara kom út árið 1983 urðu tölfræðilegar upplýsingar í skránni umfangsminni en Júníus hafði ætlað sér.<sup>68</sup> Helsta ástæða þess var skyndilegt fráfall hans.

Vesturfararannsóknin breyttist þannig úr félagssögulegri rannsókn yfir í skráningu allra vesturfara. Slíkt var aldrei mögulegt í öðrum löndum og að því leyti hlýtur að teljast vera um einstakt verk að ræða. Hin tölfræðilega úrvinnsla og fræðilega rannsókn á vesturferðunum sem upphaflega stóð til að gera rann að mestu leyti út í sandinn. Það skal hins vegar áréttað að Júníus Kristinsson birti fræðilega rannsókn á vesturferðum frá Vopnafirði í kandídatsritgerð sinni og Helgi Skúli Kjartansson birti síðar greinar sem tengdust vesturferðum, auk áðurnefndrar kandídatsritgerðar.<sup>69</sup> Ef áðurnefnd áform um rannsókn á Norður-Múlasýslu með félagsvísindalegum aðferðum hefðu orðið að veruleika er vel mögulegt að um tímamótarrannsókn hefði verið að ræða í íslenskri sagnfræði. Lýðfræðilegar rannsóknir á tilteknum landshluta með tölfræðilegum aðferðum og stórum gagnagrunnum voru allt nýjungar í íslenskri sagnfræði. Að þessu leyti markaði rannsókn Sagnfræðistofnunar á vesturferðum, líkt og rannsóknin á byggðaeýðingu, þáttaskil í sagnfræði hér á landi.

<sup>64</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K5. Fundargerðarbók 1972–80.

<sup>65</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands BSA1:2. Helgi Skúli Kjartansson. Minnisblað fyrir Björn Þorsteinsson, 15. apríl 1980.

<sup>66</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands BSA1:2. Júníus H. Kristinsson. Hugleiðingar um vesturfaraskrá.

<sup>67</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands. BSA1:2. Júníus Kristinsson. Vesturfaraskrá–skýrsla, 29. maí 1975.

<sup>68</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands. BSA1:2. Sveinbjörn Rafnsson, forstöðumaður Sagnfræðistofnunar, til Geirs Hallgrímssonar, utanríkisráðherra, 13. júl 1983.

<sup>69</sup> Sjá t.d. Helgi Skúli Kjartansson. „The Onset of Emigration from Iceland.“

Þar sem niðurstöður þessara rannsókna fóru ekki að koma fram fyrir en á seinni hluta áttunda áratugarins sögðu þær ekki til sín í íslenskri sagnfræði fyrir en komið var fram yfir 1980. Það má velta því fyrir sér hvort hafi skort á að nægilega skýr og traustur fræðilegur grunnur hafi verið til staðar í íslenskri sagnfræði til að takast á við svo stór og nýstárleg verkefni og það hafi torveldað að meginlegar rannsóknadferðir næðu nægilegri fótfestu.

Stóru rannsóknarverkefni Sagnfræðistofnunar um eyðibýli og vesturfara voru til marks um að áhrifa félagsvísinda var farið að gæta í sagnfræði. Stofnun námsbrautar í almennum þjóðfélagsfræðum við Háskóla Íslands hafði einnig sitt að segja m.a. þannig að allmargir sagnfræðinemar sóttu þangað nám þegar leið á áttunda áratuginn. Áhrifin komu einkum fram í vaxandi áhuga á félags- og hagsögu en í upphafi þó fólksfjöldasögu með rannsóknum og ritum Helga Skúla Kjartanssonar, Loftis Guttormssonar og nokkru síðar Guðmundar Hálfðanarsonar. Guðmundur hefur sagt frá því að það hafi sett mark sitt á BA-ritgerð hans í sagnfræði um kjör leiguliða, sem hann lauk 1980, að íslenskir sagnfræðingar hafi lagt litla áherslu á notkun kenninga og hann sjálfur hafi ekki haft full tök á þeirri marxísku nálgun sem hann vildi beita í ritgerðinni. Þegar hann lauk cand. mag. ritgerð sinni 1982 hafði umhverfið hins vegar tekið breytingum. Tengsl íslenskra sagnfræðinga við erlenda kollega höfðu aukist og þeir farnir að fylgjast betur með straumum og stefnum í sagnfræði á alþjóðlegum vettvangi. Það setti mark sitt á kandidateitritgerð Guðmundar sem fjallaði um fólksfjöldasögu.<sup>70</sup>

### 1.3.3 Rannsókn á Skaftáreldum. Sagnfræðin verður þverfaglegri

Á upphafsárum Sagnfræðistofnunar voru hugmyndir uppi um samvinnu við fræðimenn í öðrum greinum. Þriðja stóra rannsóknarverkefnið sem Sagnfræðistofnun stóð fyrir á upphafsárunum gekk út á slíka samvinnu. Á fyrsta starfsári stofnunarinnar lagði Þórhallur Vilmundarson til á stjórnarfundum að sagnfræðingar og jarðfræðingar ynnu saman að rannsókn á Skaftáreldum.<sup>71</sup> Ekkert var gert úr þessari tillögu fyrir en þremur árum síðar þegar Björn Þorsteinsson hafði frumkvæði að viðræðum við jarðfræðinga og landfræðinga um slíka samvinnu og í kjölfarið var ákveðið á fundi stjórnar

<sup>70</sup> Guðmundur Hálfðanarson. „Frá stétt til þjóðar.“ 216–217.

<sup>71</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K5. Fundargerðarbók 1972–80.

Sagnfræðistofnunar að hefja frekari viðræður um sameiginlega rannsókn þessara greina innan Háskóla Íslands.<sup>72</sup> Formleg samvinna á milli Sagnfræðistofnunar og Raunvísindastofnunar Háskólans tókst um rannsókn á Skaftáreldum og móðuharðindunum. Upphaflega var af hálfu sagnfræðinga lögð mest áhersla á að búa frumheimildir til birtingar.<sup>73</sup> Það var í góðu samræmi við íslenska sagnfræðihéð að leggja áherslu á grannskoðun frumheimilda og útgáfu á þeim.

Nokkuð var rætt um á fundum stjórnar Sagnfræðistofnunar hvernig haga bæri rannsókninni. Sú leið sem Björn Þorsteinsson vildi fara, að færa íslenska sagnfræði frá fróðleikssöfnun til fræðilegra grunnrannsókna, var greinilega farin að hafa áhrif. Á stjórnarfundum Sagnfræðistofnunar 1978 var rætt um hvort ekki væri heppilegt að taka saman yfirlitsrit um eldana. Björn Teitsson, sem stýrði rannsókninni upphaflega af hálfu stofnunarinnar, taldi að undirstöðurannsóknir yrðu að hafa forgang en Ólafur Hansson taldi nauðsynlegt að koma út riti fyrir fróðleiksfúsan almenning.<sup>74</sup> Þegar leið á rannsóknina fóru menn nokkuð að fjarlægjast hugmyndir um yfirlitsrit og allsherjar birtingu frumheimilda. Gísli Ágúst Gunnlaugsson og Sveinbjörn Rafnsson tóku við umsjón rannsóknarinnar af hálfu Sagnfræðistofnunar 1980 og eftir það var ákveðið að hlutur sagnfræðinga í rannsókninni myndi ekki snúast jafn mikið um að birta frumheimildir heldur að valin yrðu tiltekin viðfangsefni til nánari skoðunar eins og t.d. mannfall og fólksflótti.<sup>75</sup>

Með rannsókninni á Skaftáreldum voru mörk íslenskrar sagnfræði útvíkkuð enn frekar með samvinnu við raunvísindamenn. Skref til aukinnar þverfaglegar samvinnu er enn eitt dæmi um hvernig íslensk sagnfræði var að breytast á upphafsárum Sagnfræðistofnunar. Hvernig hin fræðilega nálgun rannsóknarinnar þróaðist á þeim tíma sem hún stóð yfir er einnig til marks um að áherslur í sagnfræðinni hér á landi voru að færast frá fróðleikssöfnun til dýpri rannsókna á sérhæfðari efnunum.

---

<sup>72</sup> Sama heimild.

<sup>73</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K1. Rekstraráætlun Rannsóknastofnunar í sagnfræði við Háskóla Íslands 1976.

<sup>74</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K5. Fundargerðarbók 1972–80.

<sup>75</sup> Sama heimild.

## 1.4 Útgáfurit Sagnfræðistofnunar 1972–1983

Sagnfræðistofnun studdi útgáfu á sagnfræðiritum kennara við Háskóla Íslands og annarra fræðimanna auk þess að standa sjálf að rannsóknarverkefnum. Á fyrsta stjórnarfundum stofnunarinnar í janúar 1972 var mörkuð sú stefna að gefa út endurbættar útgáfur þeirra kandiðatsritgerða sem þóttu best heppnaðar á hverjum tíma.<sup>76</sup> Ólafur Hansson sagði á þeim tíma að útgáfu lokaritgerða væri ætlað að virka hvetjandi á kandiðatsefni. Hann sagði einnig æskilegt að gefa út verk prófessora og lektora en ekkert hafði verið ákveðið um það á upphafsárum starfseminnar.<sup>77</sup>

Fyrstu útgáfurit Sagnfræðistofnunar báru þess merki að breytingar voru í vændum. Þótt þær gerðust hægt þá náðu ný viðfangsefni og aðferðir fótfestu, t.d. minnkaði áhuginn á stjórnmalasögu og persónusögu en félagssöguleg viðfangsefni urðu vinsælli. Ákveðið var upphaflega að útgáfurit stofnunarinnar myndu tilheyra sömu ritröðinni, *Sagnfræðirannsóknnum*, en annarri ritröð, *Ritsafni Sagnfræðistofnunar*, var komið á 1980. Síðan þá hefur meirihluti rita Sagnfræðistofnunar komið út í þessum tveimur ritröðum. Stærri útgáfuverk hafa hins vegar yfirleitt komið út utan ritraða. Fyrsta ritið, *Frá endurskoðun til valtyssku* eftir Gunnar Karlsson, kom út árið 1972 og var síðar lýst sem hefðbundinni stjórnmalasögu í samræmi við ríkjandi hefðir í íslenskri sagnfræði.<sup>78</sup> Um það leyti sem bókin kom út færði Björn Þorsteinsson þó rök fyrir því að verk Gunnars fæli í sér skref í átt að nauðsynlegum breytingum á íslenskri sagnfræði, með aukinni sérhæfingu og minnkandi áherslu á persónusögu.<sup>79</sup> Björn sagði að persónusagan héldi enn velli sem rannsóknaraðferð en ekki yrði litið framhjá því að uppi væru tímar breytinga. Íslensk sagnfræði væri „tilviljanakennt fræðaföndur“ og nauðsynlegt væri að auka sérhæfingu. Hann sagði sagnfræðingana Lúðvík Kristjánsson og Sverri Kristjánsson, sem ekki störfuðu innan Háskóla Íslands, hafa náð með skrifum sínum að þoka íslenskri sagnfræði í átt til aukinnar sérhæfingar. Þeir hefðu haldið sig nokkuð við persónusögu en tekið tiltekinn viðfangsefni til sérstakrar greiningar en ekki eingöngu verið á almennu nótunum eins og venjan hefði verið meðal sagnfræðinga. Björn sagði þessa þróun loks komna af stað innan Háskólans með fyrstu útgáfuritam

<sup>76</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K5. Fundargerðarbók 1972–80.

<sup>77</sup> „Rannsóknastofnun í sagnfræði,“ 38–40.

<sup>78</sup> Sigurður Gylfi Magnússon, „Formáli,“ 7.

<sup>79</sup> Björn Þorsteinsson, „Andmæli við doktorsvörn,“ 165–183.

Sagnfræðistofnunar, bókar Gunnars Karlssonar og rits Björns Teitssonar um eignarhald og ábúð á jörðum í Suður-Pingeyjarsýslu. Þessum skrefum til aukinnar sérhæfingar fylgdu erfiðleikar og til að byrja með væri sjónum einkum beint að efnahagslegum og pólitískum viðfangsefnum. Björn sagði bók Gunnars vera á sviði stjórn málasögu, sem hefði verið hefðbundið viðfangsefni sagnfræðinga, en með henni væri samt stefnt að nauðsynlegu brotthvarfi frá persónusögu til rannsókna á samfélaginu í víðara samhengi.

Með þessum fyrstu útgáfuritum stofnunarinnar voru því skref tekin til að færa íslenska sagnfræði inn á nýjar brautir. Sýn Björns Þorsteinssonar er til vitnis um að breytingar á sagnfræðinni gerðust í skrefum og útfærslur gátu verið misnýjungagjarnar eftir því hvaða sagnfræðingur hélt á penna. Sagnfræðistofnun sá á þessum árum um að skipa nefndir til að meta ritgerðir sem lagðar voru fram til doktorsprófs og var það fyrst gert vegna ritgerðar Aðalgeirs Kristjánssonar 1974. Þessi fyrstu starfsár stofnunarinnar stóð hún að og studdi við rannsóknir sem fólu í sér nýjar aðferðir og nálganir í íslenskri sagnfræði en á sama tíma mat hún ritgerð hæfa til doktorsprófs sem einkenndist af hefðbundinni nálgun persónusögunnar. Áttundi áratugurinn var því í senn tími umbreytinga og íhaldssemi í íslenskri sagnfræði sem bendir til að hún hafi þróast á margslungnari hátt á þeim tíma en oftast hefur verið talið. Orð Björns Þorsteinssonar eru góð áminning um stöðu Sagnfræðistofnunar á þessum tíma. Hann minnti á að sagnfræðingar sem störfuðu utan Háskóla Íslands hefðu fyrst hreyft íslenska sagnfræði í átt til aukinnar sérhæfingar sem síðan hafði fundið sér stað innan Háskólans, m.a. í útgáfuritum Sagnfræðistofnunar. Nýjar aðferðir fundu sér á sama tíma stað innan Háskólans í rannsóknum Sagnfræðistofnunar. Þær höfðu borist utan frá, aðallega frá Norðurlöndum. Sagnfræðistofnun varð frá upphafi ákveðinn farvegur fyrir allar þessar breytingar.

Um og upp úr 1980 settu aðferðir félagsvísindalegrar sagnfræði æ meiri svip á útgáfurit Sagnfræðistofnunar. Hinn fræðilegi grunnur þeirra aðferða innan íslenskrar sagnfræði hafði styrkst. Bók Lofts Guttormssonar, *Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld: tilraun til félagslegrar og lýðfræðilegrar greiningar*, sem Sagnfræðistofnun gaf út árið 1983 var áþreifanlegur vottur um það. Gísli Ágúst Gunnlaugsson, sagnfræðingur, taldi bókina lið í þróun undangenginna ára í íslenskum sagnfræðirannsóknum með m.a. aukinni áherslu á fólksfjöldasögu og endurskoðun á ýmsum þáttum og tímabilum Íslandssögunnar. Gísli sagði bók Lofts brautryðjendaverk



sérstaklega hvað varðaði tengingar við erlendar rannsóknir og fræðilega umræðu á þessu rannsóknarsviði.<sup>80</sup> Í sama streng tóku Anna Agnarsdóttir og Hrefna Róbertsdóttir í grein um sagnaritun 18. aldar. Nefndu þær að einna nýstárlegast hefði verið að Loftur hefði prófað erlendar kenningar á íslenskum heimildum, samþætt meginlegar og eigindlegar aðferðir og notað tölfræði með víðtækari hætti en áður hefði verið gert.<sup>81</sup>

Útgáfa bókar Loftis var áberandi dæmi um hvernig íslensk sagnfræði hafði þróast frá sjöunda áratugnum og fram til fyrri hluta þess níunda. Tölfræðilegar aðferðir, lýðfræði og aðrir angar félagsvísindalegrar sagnfræði sem höfðu verið að seytla smám saman inn á grundir sagnfræðinnar og verið notuð í bland við eldri aðferðir voru nú orðnar nokkuð ráðandi innan greinarinnar og hinn fræðilegri grunnur undir þær orðinn traustur. Tengingar við erlendar rannsóknir voru ekki nýjar af nálinni en verk Loftis var ítarlegar samþætt erlendri sagnaritun og kenningalegri umræðu en hafði sést í íslenskum sagnfræðiritum. Loftur starfaði ekki á þessum tíma við Háskóla Íslands en með því að standa að útgáfu verksins studdi Sagnfræðistofnun við miðlun rannsókna hans. Þótt útgefnar rannsóknir hafi ekki verið beinlínis unnar á vegum Sagnfræðistofnunar studdi hún við þær, m.a. með yfirllestri, ritstjórn og stundum ráðgjöf.

Annar liður í útgáfustefnu Sagnfræðistofnunar var að gefa út leiðbeiningar- og kennslurit. Þetta var eitt af markmiðunum með því koma á ritröðinni, *Ritsafn Sagnfræðistofnunar*, sem var upphaflega undir ritstjórn Jóns Guðnasonar.<sup>82</sup> Hér má nefna *Þjóðskjalasafn Íslands* (1980) eftir Sigfús Hauk Andrésson, *Skrift, skjöl og skjalasöfn* (1980) eftir Sveinbjörn Rafnsson og leiðbeiningarit Gunnars Karlssonar um rannsóknartækni og bókanotkun í sagnfræði, *Hvarstæða* (1981) og *Baráttan við heimildirnar* (1982). Þessar útgáfur verða að skoðast sem hluti af viðleitni til að byggja upp og styðja við rannsóknarstarf í sagnfræði með styrkingu þess tæknilega grunns sem öllum sem fást við sagnfræði er nauðsynlegur. Af einhverjum ástæðum varð ekki framhald á slíkum ritum en áherslan færðist meira að ritum um sagnaritun og söguspeki. Þar má nefna *Íslensk sagnfræði frá miðri 19. öld til miðrar 20. aldar* (1986) eftir Inga Sigurðsson, *Að læra af sögu* (1992) eftir Gunnar Karlsson, *Lifandi saga* eftir Jörn Rüsen (1994) og *Sagnfræði á 20. öld* (2004) eftir Georg G. Iggers.

<sup>80</sup> Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Ritfregnir,“ 324–327.

<sup>81</sup> Anna Agnarsdóttir og Hrefna Róbertsdóttir, „The Historiography of Early Modern Iceland,“ 69.

<sup>82</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands BSA1:4. Ritsafn Sagnfræðistofnunar. Reykjavík, 26. október 1980.

Útgáfurit voru bara hluti af þeirri viðleitni sem uppi var á fyrstu árum Sagnfræðistofnunar um að styrkja grundvöll sagnfræðirannsókna. Í ódagsettu álitni sem varðveitt er í skjalasafni stofnunarinnar um tilhögun kennslu í sagnfræði var staðhæft að fræðastörf væru og yrðu unnin í ríkari mæli á rannsóknastofnunum. Í álitinu kom fram að sagnfræðinám yrði að vera nátengt bóka- og skjalasöfnum og slík tengsl yrði að styrkja til muna.<sup>83</sup>

Þessar tillögur eru gott dæmi um að hugmyndir sem uppi voru á þessum upphafsárum Sagnfræðistofnunar um uppbyggingu sagnfræðirannsókna snerust ekki eingöngu um nýja fræðilega strauma. Markmiðið var einnig að styrkja rannsóknainnið almennt auk þess að styrkja tók þeirra sem sinntu sagnfræði á grundvallarvinnubrögðum greinarinnar. Annar angi af þessum hugmyndum kom fram í skráningarverkefninu Ritaskrá íslenskrar sögu sem Gunnar Karlsson hafði umsjón með. Verkefnið fólst í því að búa til heildarskrá yfir allar útgefnar greinar sem fjölluðu á einhvern hátt um söguleg efni. Gunnar sagði slíka ritaskrá nauðsynlega þar sem fræðimenn og nemendur yrðu að geta valið sér rannsóknarefni og vera alveg viss um að efnið hefði ekki verið kannað áður og niðurstöður birtar.<sup>84</sup> Vinna hófst við skrána 1978 og var hún fyrstu árin á vegum Sagnfræðistofnunar en 1984 var samþykkt í stjórn stofnunarinnar að ritaskráin yrði sjálfstætt verkefni Gunnars. Stjórnin vildi þó eftir sem áður stuðla að því að skráningunni lyki sem fyrst þar sem hún var sögð hafa mikið gildi fyrir allar sagnfræðirannsóknir í landinu.<sup>85</sup> Skráningin stóð talsvert lengur en ætlað var í upphafi og lauk formlega af hálfu Gunnars árið 2004 þegar skráin var færð í rafrænan búning og sett á nýjan vef Sagnfræðistofnunar, *Sögulóðir: vefsetur um íslenska sagnfræði*, í umsjón Guðmundar Jónssonar. Verkefni Gunnars sýnir að á þessum fyrstu starfsárum Sagnfræðistofnunar var það talið eitt af hlutverkum hennar að byggja upp innviði til að örva sagnfræðirannsóknir hér á landi.

Í umræðum um uppbyggingu rannsókna á háskólastigi á sjöunda og áttunda áratugnum var mikið lagt upp úr því að tengja sem best kennslu og rannsóknir. Þetta átti við um sagnfræði eins og aðrar fræðigreinar og var að hluta til skýringin á því hvers

<sup>83</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands. Greinargerð með tillögum um kennslu við heimspekideild á nokkrum sérsviðum í sagnfræði.

<sup>84</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands BSA1:3. Vísindasjóður. Umsókn um rannsóknarstyrk fyrir júní–september 1982.

<sup>85</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K5. Fundargerðarbók 1980–1992.

vegna Sagnfræðistofnunar var í upphafi falin yfirumsjón með kennslu. Það hafði einnig sitt að segja að svipaður háttur var hafður á í sambærilegum stofnunum við háskóla á Norðurlöndum. Þegar í upphafi mótaði stjórn stofnunarinnar og kennarar í sagnfræði tillögur um hvernig heppilegast væri að haga kennslu til að ná þessum markmiðum. Í tillögunum, sem varðveittar eru í skjalasafni stofnunarinnar og undirritaðar af öllum starfandi kennurum í sagnfræði á árinu 1972, kom fram að grunnnámið væri miðað að því að búa nemendur undir kennslustörf í stað þess að þjálfa þá í að stunda rannsóknir en nám ætti að snúast fremur um afla þekkingar en læra staðreyndir til að kenna öðrum.<sup>86</sup> Árið eftir lögðu Ólafur Hansson og Björn Þorsteinsson fram tillögur um að fjölga kennurum svo hægt væri að sinna nemum betur þar sem rannsóknir væru orðnar miklu ríkari þáttur í sagnfræðinámi en áður og rannsóknarkennsla væri tímafrek.<sup>87</sup> Það var talið skipta miklu máli að tengja sagnfræðirannsóknir við kennslu, þjálfa nemendur í sjálfstæðum rannsóknnum og stuðla að umræðum og skoðanaskiptum í tímum.

Sagnfræðistofnun hafði ekki starfað í mörg ár þegar breytingar voru gerðar á skipulagi kennslu í sagnfræði. Stúdentar í Háskólanum voru á sjöunda áratugnum og í byrjun þess áttunda mjög áhugasamir um að dregið yrði úr fyrirlestrum.<sup>88</sup> Árið 1977 var reglugerð um kennslu í heimspekideild breytt sem ýtti undir breytingar í ætt við þær tillögur sem Sagnfræðistofnun hafði lagt fram. Þeirri reglu var komið á að vægi kennslustunda var minnkað sem á móti jók vægi ritgerða og heimaverkefna. Námsnefndum í hverri grein var komið á fót og áttu fulltrúar nemenda sæti í þeim. Var nefndunum ætlað að gera tillögur um uppbyggingu námsins til deildarráðs.<sup>89</sup> Eftir að námsnefndunum var komið á laggirnar hafði stjórn Sagnfræðistofnunar lítill afskipti af kennslu.<sup>90</sup> Þegar reglugerð um stofnunina var breytt 1983 og umsjón hennar með kennslu í sagnfræði formlega afnumin sagði Gunnar Karlsson að fyrst og fremst hefði verið um hagræðingaratriði að ræða þar sem stofnunin hefði lítið sem ekkert komið að kennslu í sagnfræði síðan reglugerðinni um kennslu í heimspekideild var breytt sex

<sup>86</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands. Tillögur um kennsluskipan í sagnfræði á BA-stigi veturinn 1972–73, 9. mars 1972.

<sup>87</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands. Tillögur um eflingu kennslukrafta í sagnfræði við Heimspekideild Háskóla Íslands 1973.

<sup>88</sup> Sigríður Matthíasdóttir, „Grunnmenntunarskólinn 1961–1990,“ 478.

<sup>89</sup> Páll Skúlason, „Heimspekideild og fræðasvið hennar,“ 56–57.

<sup>90</sup> Gunnar Karlsson, „Rannsóknastofnun í sagnfræði,“ 63–64.

árum áður. Óhagræði þótti í því að þrír aðilar, heimspekideild, námsnefnd og Sagnfræðistofnun, ættu formlega aðkomu að kennslu í sagnfræði.<sup>91</sup>

Þegar kom að uppbyggingu rannsókna í sagnfræði á vegum Sagnfræðistofnunar var augljóslega í mörg horn að líta. Nýjar aðferðir, nýjar nálganir og ný viðfangsefni í sagnfræði, sem komu aðallega erlendis frá, fengu byr innan stofnunarinnar í bland við hefðbundin viðfangsefni eins og stjórn málasögu og textafræði miðaldahandrita. Fyrsti áratugur rannsóknastarfs Sagnfræðistofnunar var því viðburðaríkur. Þetta voru ár breytinga en um leið var haldið í það sem fyrir var. Markmiðið var frá upphafi að styrkja og byggja upp frekara rannsóknastarf í íslenskri sagnfræði en aðgangur að fjármagni og almennur aðbúnaður hindraði hins vegar að starf stofnunarinnar gæti orðið enn öflugra.

### 1.5 Samskipti við Norðurlönd og umheiminn

Áður en Sagnfræðistofnun tók til starfa höfðu íslenskir sagnfræðingar átt í einhverju samstarfi við erlenda kollega, aðallega norræna, m.a. í gegnum þær samnorrænu rannsóknir sem hófust á sjöunda áratugnum og færðust síðan undir hatt stofnunarinnar. Fáeinir sagnfræðingar höfðu farið á ráðstefnur erlendis og þar bar einna hæst Norræna sagnfræðingapingið. Þátttaka íslenskra sagnfræðinga á þinginu hafði þó verið stopul og voru þeir almennt ekki þekktir fyrir að vera í miklum samskiptum við sagnfræðinga erlendis. Sagnfræðistofnun örvaði og treysti alþjóðleg samskipti og kom þeim í fastari farveg en áður hafði verið. Björn Þorsteinsson hafði í hinu títtnefnda blaðaviðtali 1967 rætt um að nauðsynlegt væri að tengja sögu Íslands betur við sögu umheimsins og þá sérstaklega nágrannaríkjanna og sú þróun var í raun hafin áður en Sagnfræðistofnun tók til starfa. Þórhallur Vilmundarson var til að mynda ötull við að efla erlend rannsóknatengsl sem síðan festust í sessi með Sagnfræðistofnun.

Stefna Sagnfræðistofnunar var frá upphafi að fá erlenda fyrirlesara til landsins.<sup>92</sup> Nokkrir erlendir sagnfræðingar héldu fyrirlestra á vegum heimspekideildar en heimildir benda til þess að það hafi verið fyrst 1977 að erlendir fræðimaður hélt fyrirlestur sem

<sup>91</sup> Gunnar Karlsson, „Sagnfræðistofnun,“ 65–66.

<sup>92</sup> „Rannsóknastofnun í sagnfræði,“ 38–40.

Sagnfræðistofnun kom beinlínis að og var hann haldinn í samvinnu við Félag íslenskra fræða og Norræna húsið. Fyrirlesarinn var Aalf Kaartvedt, prófessor í sagnfræði við Háskólann í Bergen, og flutti fyrirlestur á sviði sögu Noregs.<sup>93</sup> Ritaskipti við sagnfræðistofnanir í nágrannalöndunum voru einnig liður í að auka erlend samskipti.<sup>94</sup> Nánari samskipti hvöttu einnig íslenska sagnfræðinga til að skoða íslenska sögu meira í erlendu samhengi. Þetta var í takt við þróunina á Norðurlöndunum almennt en þar hafði áherslan á sagnfræði í þessu samhengi aukist á sjöunda áratugnum.<sup>95</sup>

Erlend samskipti færðust öll í aukana með frekari þátttöku Íslendinga í Norræna sagnfræðingaföngunum. Frá og með Norræna sagnfræðingaföngunum 1977 varð Sagnfræðistofnun aðili að þingunum.<sup>96</sup> Þingin veittu sagnfræðingum tækifæri til að bera saman bækur sínar og auka möguleika á því að rannsaka sögu landanna í samhengi. Á þinginu 1977 var aðalumsjöllunarefnið þéttbýlisþróun á Norðurlöndum frá miðöldum til 20. aldar. Meðal íslenskra þátttakenda voru Helgi Þorláksson sem fjallaði um þéttbýlismyndun á miðöldum og Björn Teitsson fjallaði um hvernig hún gekk fyrir sig á 17. og 18. öld. Bergsteinn Jónsson fjallaði um vöxt lánastofnana með aukinni þéttbýlisvæðingu.<sup>97</sup> Með því að hafa Ísland með á hverju þingi framvegis var ætlunin að stuðla að því að saga þess yrði greind sem hluti af sögu Norðurlanda. Skipuleggjendur Norræna sagnfræðingaföngsins 1977 gerðu sér þó grein fyrir að saga Íslands væri að sumu leyti ólík sögu Norðurlandanna. Norski sagnfræðingurinn Grethe Authén Blom, sem var í forsvari fyrir skipulagsnefnd þingsins, sagði í bréfi til Björns Þorsteinssonar að skipuleggjendur gerðu sér grein fyrir að íslenskir sagnfræðingar hefðu ekki þörf fyrir að greina þéttbýlisvæðingu jafn langt aftur í tímann og norrænir kollegar þeirra.<sup>98</sup>

Á undirbúningsfundum fyrir þetta þing var mælt með því að í erindum yrði fjallað um viðfangsefnið út frá félagsvísindalegum kenningum og líkönum.<sup>99</sup> Félagssaga, hagsaga, fólksfjöldasaga og aðrar undirgreinar sagnfræðinnar sem voru undir miklum áhrifum félagsvísinda voru enn að ná fótfestu hér á landi og ekki ólíklegt að þátttaka

<sup>93</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands BSA1:2. Reykjavík mars 1977. „Fyrirlestur í Norræna húsinu.“

<sup>94</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K5. Fundargerðarbók 1972–1980.

<sup>95</sup> Myhre, „Introduction“, 21–24.

<sup>96</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands BSA1:2. Kennarafundur Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands.

<sup>97</sup> Sama heimild.

<sup>98</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands BSA1:2. Grethe Authén Blom, Universitet i Trondheim–Norges Lærarhøgskole-Historisk Institutt, til Björns Þorsteinssonar, 14. nóv 1974.

<sup>99</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K11. Rapport fra møte i Oslo, Universitetet Blindera, 5. mai 1975.

íslenskra sagnfræðinga á þessu þingi hafi liðkað fyrir framgangi hennar. Þátttaka íslenskra sagnfræðinga á Norræna sagnfræðiþinginu hjálpaði þannig bæði við að setja íslenska sögu í samhengi við sögu Norðurlandanna og stuðla að framgangi þeirra aðferða og kenninga sem efst voru á baugi í norrænni sagnfræði.

Önnur helsta samkoman sem haldin var með reglubundnum hætti meðal norrænna sagnfræðinga á upphafsárum Sagnfræðistofnunar var Norræna aðferðafræðiþingið. Fyrsta þingið var haldið 1965 til að bregðast við auknum kröfum um að skoða þyrfti hinn söguspekilega grunn sagnfræðinnar. Á þingunum voru tekin fyrir atriði eins og túlkanir, orsakaskýringar, mótun kenninga og tilteknar nálganir í sagnfræði. Norski sagnfræðingurinn Jan Eivind Myhre taldi þó að ekki hefði verulegur kraftur komist í umræðu um söguspeki í norrænni sagnfræði fyrr en á tíunda áratug 20. aldar.<sup>100</sup> Samt sem áður var farið að taka söguspekileg viðfangsefni fyrir á áttunda áratugnum. Árið 1975 voru t.d. ræddar kenningar um sögulegar breytingar og tímabilaskiptingu í sagnfræði.<sup>101</sup> Fræðilegur grundvöllur sagnfræði á Norðurlöndum var að breytast á þessum árum eins og umræðuefni á þessum þingum um aðferðir sagnfræðinnar gefa til kynna. Á sumum ráðstefnanna var fjallað um afmarkaðri efni, má t.d. nefna ráðstefnuna 1974 þar sem fjallað var um hvort skilja mætti sögulega atburði út frá hugtökum sem fengin voru úr félagsvísindum.<sup>102</sup> Það er ágætt dæmi um að áhrif félagsvísinda á sagnfræðina á Norðurlöndum voru orðin þó nokkur á þessum árum.

Í samnorrænni skipulagsnefnd aðferðafræðiþinganna var mál manna að þau hefðu reynst góður vettvangur nýrra strauma og ýtt undir umræður og greinaskrif í fræðitímaritum.<sup>103</sup> Hversu mikil áhrif ráðstefnunar höfðu er erfitt að skera úr um en í ljósi viðfangsefna hennar ætti að vera óhætt að slá því föstu að grundvallarspurningar um aðferðir sagnfræðinnar og söguspekileg efni voru komnar á dagskrá meðal sagnfræðinga á Norðurlöndum.

Sagnfræðistofnun barst fyrst boð um að senda fulltrúa á norræna aðferðafræðiþingið 1975. Enginn Íslendingur fór á þingið en á því næsta var eitt sæti tekið frá fyrir íslenskan fulltrúa en enginn þekktist boðið.<sup>104</sup> Boð á ráðstefnuna voru enn send til

<sup>100</sup> Myhre, „Introduction,“ 12–13.

<sup>101</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands BSA1:2. Nordisk fackkonferens för historisk metodläre.

<sup>102</sup> Sama heimild.

<sup>103</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands BSA1:2. Pm om Nordisk fack-konferens i historisk metodläre 1976-II-3. Sekretariatet for Nordisk kulturelt samarbejde.

<sup>104</sup> Sama heimild.

Sagnfræðistofnunar 1978.<sup>105</sup> Í það skiptið var ákveðið í stjórn stofnunarinnar að Gunnar Karlsson færi.<sup>106</sup> Það er reyndar ekki að sjá af heimildum að Gunnar hafi verið með framlag á ráðstefnunni það ár en Gunnar varð þegar komið var fram á níunda áratuginn eins konar fastafulltrúi Íslands á ráðstefnunum.<sup>107</sup> Þrýst var á Íslendinga að taka meiri þátt og var því komið á framfæri við Gunnar að vilji skipulagsnefndar ráðstefnunnar stæði til þess og hún velti því fyrir sér hvort ekki væri hægt að halda ráðstefnuna á Íslandi.<sup>108</sup> Gunnar var í kjölfarið gerður að tengilið Sagnfræðistofnunar við undirbúningsnefnd ráðstefnanna en 1981 var því komið áleiðis að Íslendingar yrðu framvegis að leggja til fulltrúa í undirbúningsnefndina ef þeir ætluðu sér yfirhöfuð að vera með.<sup>109</sup> Úr varð að Gunnar varð fulltrúi Íslands í nefndinni og gegndi því hlutverki fram til 1985 þegar Loftur Guttormsson og Gísli Ágúst Gunnlaugsson tóku við.<sup>110</sup> Þessi krafa um aukna þátttöku hefur líklega átt sinn þátt í því að 1982 skipuðu Sagnfræðistofnun og Sagnfræðingafélag Íslands nefnd til að annast alþjóðasamstarf íslenskra sagnfræðinga, í líkingu við það sem tíðkaðist meðal sagnfræðinga á Norðurlöndunum. Fyrstu fulltrúar Sagnfræðistofnunar í nefndinni voru Gunnar Karlsson og Ingi Sigurðsson.<sup>111</sup> Aðalverkefni nefndarinnar varð umsjón með þátttöku íslenskra sagnfræðinga á norrænu aðferðafræðipingunum og sagnfræðingapingunum sem og öðrum helstum ráðstefnum erlendis. Þjóðskjalasafnið varð aðili að nefndinni 1986 og fékk hún þá formlega heitið Landsnefnd íslenskra sagnfræðinga.<sup>112</sup>

Þótt samstarf íslenskra sagnfræðinga við erlend starfssystkini væri komið í fastari skorður lá leiðin þó ekki hiklaust beina leið út í heim. Sagnfræðingar á Norðurlöndum þurftu stundum að ýta við kollegum sínum á Íslandi til að hvetja þá til að verða staðfastir þátttakendur í norrænu samstarfi. Skipuleggjendur Norræna sagnfræðingapingsins árið 1981 þurftu t.d. að senda ítrekunarbréf með óskum um að íslenskir fulltrúar yrðu tilnefndir.<sup>113</sup> Í grein um norrænt samstarf sagnfræðinga, sem

<sup>105</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands BSA1:2. Ida Blom, Historisk Institutt Universitetet i Bergen, til Sagnfræðistofnunar.

<sup>106</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K5. Fundargerðarbók 1972–1980.

<sup>107</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands BSA1:2. Program for den Nordiske Fackference i historisk metodlære i Petäys den 18.–21. maj 1980.

<sup>108</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands BSA1:2. Birgitte Wåhlin, Aalborg Universitetscentren, til Gunnars Karlssonar 24. ap 1980.

<sup>109</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K5. Fundargerðarbók 1980–1992.

<sup>110</sup> Gunnar Karlsson, „Sagnfræðistofnun,“ 67.

<sup>111</sup> Sama heimild.

<sup>112</sup> Sama heimild.

<sup>113</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K5. Fundargerðarbók 1972–1980.

Loftur Guttormsson sendi frá sér 1982, sagði að æskilegt væri að íslenskir sagnfræðingar legðu meiri rækt við samstarfið og að lengi hefði skort skilning meðal þeirra á gildi fræðilegra samskipta við erlenda kollega. Loftur nefndi einmitt að engum aðila hefði lengi vel verið falin ótvíræð ábyrgð á erlendum samskiptum í líkingu við alþjóðanefndir sagnfræðinga á Norðurlöndum. Sagnfræðistofnun hefði tekið forystuna í fyrstu atrennu en nefnd stofnunarinnar og Sagnfræðingafélagsins væri ætlað að koma formföstu skipulagi á samstarf íslenskra sagnfræðinga við erlend starfssystkini.<sup>114</sup>

Erfitt er að gera nákvæma grein fyrir áhrifum þátttöku íslenskra sagnfræðinga á helstu ráðstefnum á Norðurlöndum á greinina hér á landi. Það sem þátttakan færði íslenskum sagnfræðingum voru umræður um viðfangsefni sem uppi voru í sagnfræði bæði á Norðurlöndum og víðar. Íslenskir sagnfræðingar fengu tækifæri til að kynna fleiri aðferðum, rannsóknarefnum og einnig spurningum um fræðilegan grundvöll greinarinnar. Þessi auknu samskipti við norræna sagnfræðinga ýttu undir að íslensk saga var sett í samhengi við sögu Norðurlanda og í beinu framhaldi fleiri landa Evrópu. Hið aukna samhengi Íslandssögunar við sögu Evrópu og heimsins, sem íslenskir sagnfræðingar höfðu kallað eftir, var að verða rófíast. Með þátttöku á þessum ráðstefnum komust íslenskir sagnfræðingar í meiri kynni við norræn starfssystkini og alþjóðlegir straumar áttu greiðari leið inn á lendur íslenskrar sagnfræði.

Sagnfræðistofnun styrkti sig í sessi á sínum fyrsta áratug. Hún vann að uppbyggingu rannsóknastarfs í sagnfræði með rannsóknum sem áttu sinn þátt í að innleiða nýjar aðferðir og nálganir í íslenska sagnfræði og færa íslenska sagnfræði nær umheiminum. Þetta einkenndi ekki eingöngu starfsemi Sagnfræðistofnunar heldur íslenska sagnfræði almennt. Ákveðin þáttaskil urðu í starfsemi stofnunarinnar upp úr 1980. Öllum umfangsmiklu rannsóknarverkefnum sem ráðist hafði verið í á upphafsárunum var lokið og bið varð á því að ráðist væri í nýjar rannsóknir undir merkjum stofnunarinnar. Félagssagan og önnur fræðasvið sagnfræðinnar sem voru undir áhrifum aðferða og kenninga félagsvísindanna voru orðnar nokkuð ráðandi í íslenskri sagnfræði. Tengingar við helstu fræðikenningar og aðferðir sem uppi voru í sagnfræði erlendis voru sterkari en áður.

---

<sup>114</sup> Loftur Guttormsson, „Samstarf norrænna sagnfræðinga,“ 290.



## 2. Túlkun og miðlun sögunnar 1983–2000

Í upphafi níunda áratugarins fóru íslenskir sagnfræðingar að velta meira fyrir sér en áður framsetningu og miðlun sagnfræðilegs texta, ekki síst með það markmið í huga að koma niðurstöðum sagnfræðilegra rannsókna betur á framfæri við íslenskan almenning. Áttundi áratugurinn hafði einkennst af áherslu á uppbyggingu sagnfræðilegra rannsókna og innviða þeirra. Í upphafi níunda áratugarins var fræðilegur grunnur íslenskrar sagnfræði orðinn styrkari, tengsl við sagnfræði á erlendum vettvangi héldu áfram að styrkjast og endurskoðun á viðteknum sögutúlkunum sjálfstæðisbaráttunnar í fullum gangi. Þótt ekki væri ráðist í margar rannsóknir beinlínis á vegum Sagnfræðistofnunar á síðustu tveim áratugum aldarinnar urðu aðrir þættir í starfsemi hennar umfangsmeiri og þá ekki síst ýmis konar ráðstefnur, málþing og fyrirlestrar.

Allt þetta hefur væntanlega ýtt undir áhuga sagnfræðinga á markvissari miðlun fræðilegra viðhorfa sem mörgum fannst skila sér seint og illa til almennings. Þessi áhugi tók á sig ýmsar myndir. Ólíkar leiðir voru ræddar og framkvæmdar til að koma rannsóknum sagnfræðinga á framfæri og fléttuðust umræður um nauðsyn þess að kynna almennungi sagnfræðilegar rannsóknir saman við umræður um endurskoðun námsefnis í sögu fyrir grunn- og framhaldsskóla og sögukennslu almennt. Sagnfræðistofnun lét þessi mál nokkuð til sín taka og einstaka kennarar lögðu talsvert af mörkum. Áhugi á sögu og sagnfræði var mikill í samfélaginu og kom m.a. fram í líflegri umræðu almennt um sögukennslu í skólum, samtökum áhugamanna um t.d. réttarsögu og verkalýðssögu, sjónvarpsþáttagerð og ritun alþýðlegrar sagnfræði. Við lok tuttugustu aldar gáfust ný tækifæri til miðlunar með tilkomu veraldarvefsins. Íslenskir sagnfræðingar sáu að þeir yrðu að reyna að færa rannsóknir sínar í auknum mæli út fyrir mörk fræðasamfélagsins.

### 2.1 Sagnfræði fyrir almenning

Í fyrsta tölublaði *Sagna*, tímarits sagnfræðinema við Háskóla Íslands, sem kom út árið 1980 var efnt til hringborðsumræðna um stöðu íslenskrar sagnfræði. Þátttakendur voru sagnfræðingarnir Helgi Þorláksson, Sigurður Ragnarsson og Ingólfur Jóhannesson. Ræddu þeir m.a. um fræðileg skrif og hvernig gengi að koma niðurstöðum

sagnfræðirannsóknna á framfæri við almenning. Helgi sagði að alþýðlegir sagnfræðingar skrifuðu um söguna meira út frá persónum en þannig ætti fólk oft auðveldara með að átta sig á umfjöllunarefninu. Persónusaga hefði hins vegar átt undir högg að sækja í sagnfræði. Sigurður nefndi að menn með rithöfundahæfileika skrifuðu oft um æsilega sögulega atburði. Þar sem ekki væri um að ræða menntaða sagnfræðinga væri yfirleitt ekki um merkileg skrif að ræða út frá fræðilegu sjónarmiði en þeir næðu samt til lesenda. Ingólfur taldi alþýðlega sagnfræðinga ná betur til almennings vegna þess að þeir skrifuðu meira en akademískir sagnfræðingar um efni sem vektu áhuga.<sup>115</sup>

Þessar umræður voru upptaktur í auknum áhuga á miðlun sagnfræðilegra rannsókna sem eins og áður sagði fléttaðist saman við umræður um sögukennslu í skólum landsins. Á fyrri hluta níunda áratugarins var mikil gerjun í sögukennslu í grunn- og framhaldsskólum, námsefni og námsbækur voru endurskoðaðar en breytingarnar mæltust misjafnlega fyrir. Dregið var úr þjóðernissinnuðum áherslum söguskoðunar sjálfstæðisbaráttunnar og áhrifa rannsókna á sviði félagssögu og tengdra fræðasviða gætti í aukinni áherslu á þjóðfélagshópa sem höfðu áður komið lítið við sögu. Veturinn 1983–1984 geisluðu ritdeilur á síðum blaðanna þar sem stjórnmalámennt, blaðamenn, fræðimenn og fleiri gagnrýndu endurskoðunina fyrir eins konar eyðileggingu á Íslandssögunni. Þau sem komu að gerð námsefnisins sögðu markmiðið að kenna nemendum fjölbreyttari og raunsærri Íslandssögu. Gunnar Karlsson gaf þessum deilum nafnið sögukennsluskammdegið.<sup>116</sup> Það var tekið saman og greint í samnefndri bók árið 2013 sem Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Sagnfræðistofnun gáfu út.<sup>117</sup>

Sagnfræðistofnun var beðin um umsögn vegna þingsályktunartillögu sem lögð var fram á Alþingi veturinn sem Sögukennsluskammdegið geysaði. Samkvæmt tillögunni átti sögukennsla í skólum að miða að því að nemendur öðluðust þekkingu og skilning á sögu landsins en um leið trú á það. Í umsögninni sagði Þór Whitehead, forstöðumaður Sagnfræðistofnunar, að flestum bæri saman um að nemandi sem öðlaðist þekkingu og skilning myndi styrkjast í trú á landið ef fræðslan væri aðlaðandi. Þór sagði að minna yrði þó á að sagnfræði ætti það sammerkt með öðrum vísindum að vera ætlað að leita sannleikans og það markmið hlyti að standa frammar öllum þjóðernis- og stjórnmalasjónarmiðum. Þótt munur hlyti að vera á niðurstöðum sagnfræðirannsókna og

<sup>115</sup> „Staða íslenskrar sagnfræði,“ 32–36.

<sup>116</sup> Gunnar Karlsson. „Sögukennslu-skammdegið 1983–84.“ 405–415.

<sup>117</sup> Loftur Guttormsson, ritstj., *Sögukennsluskammdegið*.

námsefni barna yrði að gera kröfu um sannleika til beggja þessara fyrirbrigða.<sup>118</sup> Þessi umsögn sýnir ágætlega að ákveðin gjá var milli sumra stjórnámamanna og sagnfræðinga. Þingmennirnir sem lögðu tillöguna fram vildu nýta söguna til að ná fram tilteknum markmiðum sem þeir vafalaust töldu góð en sagnfræðingar vildu komast að sem sönnustum niðurstöðum á grunni fræðilegra vinnubragða. Sjónarmið í ætt við þau sem komu fram í þingsályktunartillögum áttu hljómgrunn víðar í samfélginu. Íslandssagan eins og hún hafði verið kennd, undir áhrifum söguskoðunar sjálfstæðisbaráttunnar, átti sinn þátt í að byggja upp sjálfsmynd Íslendinga sem þjóðar svo það var ekki ólíklegt að andstaða yrði við breytingar á kennslu og námsefni.

Sagnfræðistofnun blandaði sér að öðru leyti ekki beint í þessi mál en einstakir kennarar í sagnfræði við Háskóla Íslands og þá einkum Gunnar Karlsson létu mikið til sín taka bæði með greinum um sögukennslu og námsbókagerð fyrir grunn- og framhaldsskóla.<sup>119</sup> Gunnar taldi það einmitt bestu leiðina til að færa sagnfræðina nær almenningi. Fólk sem væri ekki starfandi dags daglega við sagnfræðilegar rannsóknir lærði þá sýn sem það hefði á söguna einmitt í grunn- og framhaldsskóla.<sup>120</sup> Auk Gunnars lét Ingi Sigurðsson sögukennslu á lægri skólastigum sig nokkuð varða, á níunda áratugnum. Þeir tóku, ásamt Gísla Gunnarssyni sem þá var stundakennari, þátt í umræðum um sögukennslu á síðum *Sagna* árið 1983.<sup>121</sup> Gunnar hélt nokkur erindi á þessum árum um tengsl framhaldsskóla og Háskóla og hvernig heimspekideild gæti tengst neðri skólastigum.<sup>122</sup> Ingi Sigurðsson gerðist formaður félags kennara og annars áhugafólks um sögukennslu sem tók til starfa 1984.<sup>123</sup> Þetta félag starfaði næstu árin, ræddi meðal annars ýmsar leiðir til að efla sögukennslu í skólum landsins, stóð fyrir fyrirlesturum, opnum fundum og námskeiðum.

Annar angi umræðunnar um sögukennslu og miðlun sögunnar voru hugmyndir um hvernig hægt væri að nýta Sagnfræðistofnun til að miðla sagnfræðirannsóknum til almennings. Um tíma voru uppi hugmyndir um að stofnunin stæði fyrir útgáfu námsbóka í sögu fyrir framhaldsskóla um tiltekin afmörkuð viðfangsefni en ekki

<sup>118</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands BSA1:1. Þór Whitehead, forstöðumaður Sagnfræðistofnunar, til Ólafs Þórðarsonar, alþingismanns, 19. mar. 1984.

<sup>119</sup> Gunnar Karlsson. „Markmið sögukennslu.“ 173–222.

<sup>120</sup> Gunnar Karlsson. „Saga af sagnfræðingi sem vildi gera gagn.“ 234.

<sup>121</sup> „Sögukennsla.“ 2–25.

<sup>122</sup> Gunnar Karlsson. „Sagnfræðistofnun.“ 188–191.

<sup>123</sup> „Markmið og leiðir í sögukennslu.“ 26.

fengust fjárveitingar.<sup>124</sup> Árið 1993 var skipuð nefnd sem Eggert Þór Bernharðsson, Gunnar Karlsson og Helgi Þorláksson sátu í til að athuga hvort Sagnfræðistofnun gæti komið að gerð sjónvarpsþátta um söguleg efni.<sup>125</sup> Niðurstaða nefndarinnar var að æskilegast væri að gera nokkra 20 mínútna langa þætti sem mynduðu eina heild og viðfangsefni allra þáttanna hefðu þannig ákveðna tengingu.<sup>126</sup> Árið eftir sótti Guðmundur Hálfðanarson, fyrir hönd Sagnfræðistofnunar, um styrk til gerðar sjónvarpsþátta. Í umsókninni kom fram að af umræðum vegna sjónvarpsþáttanna *Þjóð í hlekkjum hugarfarsins*, sem sýndir voru í sjónvarpi vorið 1993, hefði mátt ráða að sagnfræðingar hefðu ekki lagt sig nægilega fram við að kynna almenningi niðurstöður rannsókna sinna. Umræðan þótti sýna að almenningur hefði mikinn áhuga á efni um sögu þjóðarinnar. Það væri álit aðstandenda Sagnfræðistofnunar að henni bæri, sem stofnun innan Háskóla Íslands, skylda til að bæta úr því að ekki hefði tekist nægilega vel að koma niðurstöðum sagnfræðinga á framfæri við fólkið í landinu. Við gerð þáttanna væri ætlunin að draga fram það nýjasta í rannsóknum á sögu þjóðarinnar og setja það fram á aðgengilegan hátt. Sýna átti þættina í sjónvarpi og nýta þá við kennslu í framhaldsskólum.<sup>127</sup> Lagðar voru fram hugmyndir að alls sjö þáttum.<sup>128</sup>

Sjónvarpsþættir Sagnfræðistofnunar urðu ekki að veruleika, væntanlega fyrst og fremst vegna fjárskorts. Eftir það kom stofnunin sagnfræðirannsóknum á framfæri við almenning fyrst og fremst með áframhaldandi útgáfu sagnfræðiritra og að hluta til með aukinni áherslu á ráðstefnur, málþing og fyrirlestra en síðar meir með miðlun á veraldarvefnum. Fyrstu tvo áratugin á sögu stofnunarinnar voru þetta ekki árlegir viðburðir því þá var Sagnfræðingafélag Íslands helsti vettvangur sagnfræðilegrar umræðu. Kennarar í sagnfræði tóku virkan þátt í starfi félagsins og gegndu oft forystuhlutverki. Á níunda áratugnum voru einnig um tíma haldnir opnir fyrirlestrar á vegum heimspekideildar.<sup>129</sup> Erlendum sagnfræðingum, einkum frá Norðurlöndum, var

<sup>124</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands BSA1:1. Rekstraráætlun Sagnfræðistofnunar 1988, Fjárveitingabeidni Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands vegna rekstrar á árinu 1989. *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K1. Fjárveitingabeidni Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands vegna rekstrar á árinu 1991. Fjárveitingabeidni Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands vegna rekstrar á árinu 1992. Fjárveitingabeidni Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands vegna rekstrar á árinu 1993.

<sup>125</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K5. Fundargerðir 2000.

<sup>126</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K13. Skýrsla til Sagnfræðistofnunar vegna sjónvarpsþátta.

<sup>127</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K13. Umsókn um styrk til menningarsjóðs útvarpsstöðva, 31. júlí 1994.

<sup>128</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K13. Hugmyndir að sjö þáttum um íslenska sögu.

<sup>129</sup> „Fyrirlestur á vegum heimspekideildar,“ 20.

boðið til fyrirlestrahalds á vegum stofnunarinnar eða heimspekideildar. Þegar kom að ráðstefnuhaldi tók stofnunin aðallega þátt í Norrænu sagnfræðingafingunum og aðferðafræðingunum. Á tíunda áratugnum fór Sagnfræðistofnun fyrir milligöngu Landsnefndar íslenskra sagnfræðinga að taka þátt í heimsþingum sagnfræðinga. Eina ráðstefnan á vegum stofnunarinnar fyrstu tuttugu árin sem hún starfaði og var eingöngu skipuð innlendum fræðimönnum fór fram í lok níunda áratugarins vegna samstarfsverkefnis við Félagsvísindastofnun um rannsókn á þróun íslensks þjóðfélags á nítjándu og tuttugustu öld.

Þær ráðstefnur sem stofnunin kom að á einhvern hátt voru aðallega miðaðar við fræðimenn. Almennigur hafði ekki mikið af þeim að segja. Helst voru það einstaka fyrirlestrar sem voru opnir og auglýstir sérstaklega á þann hátt. Í tilefni 50 ára lýðveldisafmælisins árið 1994 var haldin opin ráðstefna í samvinnu Sagnfræðistofnunar, Sögufélags, Sagnfræðingafélagsins og Árbæjarsafns og náði hún langt út fyrir raðir fræðimanna.<sup>130</sup> Eftir það hafa ráðstefnur, málþing, og fyrirlestrar verið árlegir viðburðir á vegum Sagnfræðistofnunar. Sagnfræðistofnun hélt gjarnan opna fyrirlestra þegar erlendir gestir áttu í hlut og jafnframt stóð hún að málstofum fyrir kennara, doktorsnema og gesti í tengslum við minningarfyrirlestur Jóns Sigurðssonar, sem haldinn var árlega frá 1997. Dæmi um þetta er koma Evu Österberg, prófessors við Lúndarháskóla, hingað til lands árið 1999. Hún hélt málstofu á vegum Sagnfræðistofnunar um konur á 17. öld og síðan opinn fyrirlestur með yfirskriftinni *Trust and kinship – premodern man in perspective*.<sup>131</sup>

Sú viðleitni að kynna áhugasömum almenningi sagnfræðirannsóknir með ráðstefnuhaldi og um leið skapa stærri vettvang fyrir íslenska sagnfræðinga til að kynna rannsóknir sínar og kynnast um leið rannsóknum starfssystkina sinna tókst glæsilega með Íslenska söguþinginu sem var fyrst haldið 1997. Eggert Þór Bernharðsson átti hugmyndina að þinginu og kom henni á framfæri við stjórn Sagnfræðistofnunar sem fékk Sagnfræðingafélag Íslands í lið með sér til að halda þingið. Reynt var að hafa efnisskipan fjölbreytta og að þingið endurspeglaði í stórum dráttum nýjustu stefnur og strauma í sagnfræði. Mikilvægt þótti að skapa vettvang fyrir sagnfræðinga og áhugafólk um sögu til að kynna nýjustu rannsóknir og skiptast á skoðunum. Einnig var talið

<sup>130</sup> „Ráðstefna um lýðveldissögu,“ 38.

<sup>131</sup> Magnús Diðrik Baldursson og Magnús Guðmundsson, riststj., *Árbók Háskóla Íslands 1999*, 84.

mikilvægt að glæða áhuga almennings á Íslandssögunni og gera fólki ljóst hversu öflug og fjölbreytt rannsóknargrein sagnfræðin væri orðin.<sup>132</sup>

Í því skyni var hluti þingsins opinn öllum. Þetta fyrsta söguþing fékk mikla athygli fjölmiðla og almennings.<sup>133</sup> Í leiðara *Alþýðublaðsins* var skipuleggjendum hrósað fyrir skilning á nauðsyn þess að koma niðurstöðum rannsókna á sögu Íslands út fyrir múra háskólasamfélagsins.<sup>134</sup> Sagnfræðistofnun og samstarfsaðilar hennar, einna helst Sagnfræðingafélagið og Sögufélag, hafa haldið Söguþing í fimm skipti síðan 1997, nú síðast vorið 2022. Þingið hefur fest sig í sessi sem einn helsti viðburður íslenskrar sagnfræði.

Internetið fór að breiðast út um heiminn í lok tuttugustu aldar og bauð upp á fjölbreytta möguleika til miðlunar. Um þetta leyti kom Sagnfræðistofnun sér upp vefsíðu með upplýsingum um starfsemi hennar og rannsóknir kennara og doktorsnema í sagnfræði. Skömmu síðar, árið 2004, voru *Söguslóðir, vefsetur um íslenska sagnfræði* í umsjá Guðmundar Jónssonar opnaðar en á þeim eru ýmiss konar gögn um íslenska sögu og sagnfræði. Markmiðið með vefnum var að búa til vandað safn rafrænna gagna sem mögulegt er að nýta til rannsókna, kennslu og náms í íslenskri sagnfræði. Vefurinn hefur stækkað mikið síðan og á honum eru m.a. gagnasöfnin tvö, Íslandssaga í greinum og Lokaritgerðir í sagnfræði, sem færð voru í rafrænan búning við opnun Söguslóða.

Þáttur miðlunar fór vaxandi í starfi sagnfræðikennara eftir aldamótin bæði í kennslu og á opinberum vettvangi. Sagnfræðistofnun studdi þetta starf með beinum og óbeinum hætti. Ný námsleið (síðar námsbraut) var stofnuð innan sagnfræðiskorar 2006, hagnýt menningarmiðlun, undir stjórn Eggerts Þórs Bernharðssonar. Miðstöð munnlegrar sögu var líka grein á þessum meiði en Sagnfræðistofnun átti aðild að henni og veitti Guðmundur Jónsson henni forstöðu. Meðal verkefna Miðstöðvarinnar var heimildamyndin *Konur á rauðum sokkum* sem Halla Kristín Einarsdóttir gerði 2009 og útvarpsþáttaröðin *Sagan í munnlegri geymd* sem unnin var af meistaranemum í sagnfræði og fluttir á Rás 1 haustið 2013. Hlaðvarpinu *Baðstofan* var hleypt af stokkunum árið 2020 í samstarfi við Sagnfræðistofnun og með styrk frá Rannís. Þættirnir urðu sex að tölu og rætt var við sagnfræðinga um rannsóknir þeirra. Það má

<sup>132</sup> Anna Agnarsdóttir og Eggert Þór Bernharðsson, „Íslenska söguþingið,“ 95–96.

<sup>133</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K5. Fundargerðir 1992–2000.

<sup>134</sup> „Íslenska söguþingið og rannsóknagróska,“ 2.

Því segja að Sagnfræðistofnun hafi verið nýtt á ýmsa vegu til að miðla sagnfræðilegri þekkingu út fyrir veggi Háskóla Íslands.

## 2.2 Aukin fjölbreytni í rannsóknum og áhrif alþjóðasamstarfs

Eftir að stóru rannsóknarverkefnum Sagnfræðistofnunar lauk á áttunda áratugnum leið langur tími þar til ráðist var í nýjar rannsóknir undir merkjum stofnunarinnar.

Takmörkuð fjárráð réðu þar mest um. Í samantekt um starfsemi Sagnfræðistofnunar í *Árbók Háskóla Íslands* fyrir árin 1984–1985 komst Gunnar Karlsson forstöðumaður svo að orði að það væri: „sífelld tilvistarfræðilegt vandamál hvað Sagnfræðistofnun er. Frá vissu sjónarmiði séð er hún kennarar og nemendur í sagnfræði og allt sem þeir gera.“ Á hinn bóginn hefði hún „enga afgreiðslu, enga skrifstofu, ekkert andlit.“<sup>135</sup>

Sagnfræðistofnun var á þessu tímabili ekki sá drifkraftur sagnfræðirannsókna sem vonast hafði verið til þegar hún var sett á laggirnar. Frumkvæði að rannsóknum og framkvæmd þeirra hvíldi mest á herðum einstakra kennara. Sagnfræðistofnun varð fyrst og fremst vettvangur til að styðja við rannsóknir kennara og síðar doktorsnema og styrkþega. Upphaflegar hugmyndir um starfsemi Sagnfræðistofnunar voru þegar hér var komið við sögu farnar að taka breytingum.

Á níunda áratugnum fólst framlag Sagnfræðistofnunar til rannsókna aðallega í útgáfu sagnfræðiritra. Ný fræðasvið voru að ryðja sér til rúms í íslenskri sagnfræði. Nýja menningarsagan var að nema land með aukinni áherslu á viðfangsefni sem erfiðara var að beita aðferðum félagsvísinda á en meira lagt upp úr persónulegri upplifun og reynslu einstaklinga. Lögð var minni áhersla á að spyrja hvað raunverulega gerðist heldur fremur hvernig það sem gerðist hefði verið fyrir viðkomandi. Nýja menningarsagan snerist minna um að rannsaka stórar heildir en félagsvísindaleg sagnfræði gerði. Eigindlegar aðferðir fengu aukið vægi með t.d. rannsóknum á persónulegum heimildum. Meðal þeirra sagnfræðinga sem áttu þátt í að auka veg menningarsögunnar hér á landi voru Ingi Sigurðsson, Loftur Guttormsson og Guðmundur Hálfðanarson.

<sup>135</sup> Gunnar Karlsson, „Sagnfræðistofnun,“ 66.

Ingi og Loftur áttu drýgstan þátt í að bera hugmynda- og menningarsögu í alþjóðlegu samhengi hingað til lands.<sup>136</sup>

Aukin áhrif menningarsögunnar hér á landi voru angi af almennri þróun í sagnfræði á Vesturlöndum. Georg Iggers bendir á í bók sinni um sagnfræði á 20. öld að á áttunda og níunda áratugnum hefði áhugi á menningarlegum viðfangsefnum vaxið á kostnað þeirra efnahagslegu. Efasemdir um hina félagsvísindalegu nálgun fóru vaxandi, áhugi á menningu hópa og einstaklingum sem gerendum sögunnar jókst og farið að líta á þessi fyrirbrigði ekkert síður en ópersónulega krafta félags- og efnahagslífssins sem orsakavalda sögulegra breytinga.<sup>137</sup>

Það urðu þó ekki skörp skil milli menningarsögunnar og hinnar félagsvísindalegu sagnfræði. Eftir því sem leið á níunda áratuginn og fram á þann tíunda varð nokkuð um blöndun þessara undirgreina sagnfræðinnar. Í íslenskri sagnfræði má sjá þetta í rannsóknum Gísla Gunnarssonar og Gísla Ágúst Gunnlaugssonar sem báðir nýttu sér hefðbundnar félagsögulegar aðferðir með tölfræði í fyrirrúmi en í samræmi við hina alþjóðlegu þróun fóru þeir að skoða einnig reynslu einstaklinga og hugarfar.<sup>138</sup> Á seinni hluta níunda áratugarins stóð Sagnfræðistofnun að verkefni í samvinnu við Félagsvísindastofnun Háskólans sem er til marks um að hin félagsvísindalegu tengsl voru sannarlega enn við lýði. Verkefnið hófst 1986 og fólst í útgáfu greinasafns með rannsóknum á íslenskri þjóðfélagsþróun frá miðri nítjándi öld til samtímans.<sup>139</sup> Markmiðið var að draga fram meginlínur, skýra þróunina og setja hana í samhengi við það sem var að gerast erlendis.<sup>140</sup> Síðasttalda markmiðið er til vitnis um að þegar þarna var komið við sögu í íslenskri sagnfræði þótti það eðlilegt og æskilegt að setja viðfangsefni í erlent samhengi.

Sama ár og rannsóknin á íslenskri þjóðfélagsþróun var hafin samþykkti stjórn Sagnfræðistofnunar að ráða kennara við Háskóla Íslands með sérþekkingu í hagsögu, meðal annars vegna þess að margir nemendur skrifuðu um hagsöguleg efni í lokaritgerðum.<sup>141</sup> Gísli Gunnarsson var ráðinn í starfið og styrkti það mjög stöðu

<sup>136</sup> Guðmundur Hálfðanarson, „Rannsóknir í menningar- og hugmyndasögu 19. og 20. aldar,“ 192.

<sup>137</sup> Iggers, *Sagnfræði á 20. öld*, 89–120.

<sup>138</sup> Hilma Gunnarsdóttir, „Íslenska söguendurkoðunin,“ 92–97.

<sup>139</sup> *HÍ. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K5. Fundargerðarbók 1980–1992.*

<sup>140</sup> *HÍ. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands BSA1:4. Ingi Sigurðsson, forstöðumaður Sagnfræðistofnunar, til Páls Sigurðssonar, formanns kynningarnefndar Háskóla Íslands, 30. okt 1989.*

<sup>141</sup> *HÍ. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K5. Fundargerðarbók 1980–1992.*



hagsögunnar í Háskólanum.<sup>142</sup> Naut hagsagan þess fram um aldamót en víða erlendis hafði félags- og hagsaga farið nokkuð halloka fyrir menningar- og hugmyndasögu sem nutu vaxandi vinsælda.<sup>143</sup> Hér á landi var menningarsagan samt komin í sókn eins og sjá má í útgáfustarfi Sagnfræðistofnunar á níunda og tíunda áratugnum. Þar má nefna sem dæmi bók Æsu Sigurjónsdóttur *Klæðaburður íslenskra karla á 16., 17. og 18. öld* (1985), rit Dagnýjar Heiðdal *Aldamótakonur og íslensk listvakning* (1992) og bók Sigurðar Gylfa Magnússonar *Menntun, ást og sorg* (1997). Íslensk sagnfræði einkenndist af æ meiri fjölbreytni.

Kvenna- og kynjasagan var eitt þeirra rannsóknarsviða sem seint náðu að hasla sér völl í íslenskri sagnfræði, bæði meðal háskólakennara og annarra fræðimanna. Bók Agnesar Arnórsdóttur, *Konur og vígamenn*, sem Sagnfræðistofnun gaf út 1995 var eina íslenska rannsóknin undir lok aldarinnar sem byggði á nýjustu aðferðum og sjónarhornum í kvenna- og kynjasögu. Í byrjun 21. aldar var þetta þó farið að breytast. Kvennasaga var að eflast sem rannsóknarsvið og taka í auknum mæli mið af kynjasögu í samræmi við hina alþjóðlegu þróun.<sup>144</sup> Bók Agnesar er hins vegar til marks um að rannsóknarsvið sem höfðu fengið takmarkaða athygli í sagnfræði við Háskóla Íslands fengu vettvang á vegum Sagnfræðistofnunar í útgáfuritum.

Þegar líða fór á tíunda áratuginn urðu íslenskar sagnfræðirannsóknir, bæði innan og utan Háskóla Íslands, umfangsmeiri og fjölbreyttari. Ekkert eitt viðmið, aðferð, nálgun eða rannsóknarsvið var ráðandi. Ný fræðasvið námu land eins og t.d. einsagan sem beindi sjónum að einstaklingum og smáum einingum í samfélagi manna. Fyrsta rannsóknarritið undir merkjum einsögu var áðurnefnd *Menntun ást og sorg* eftir Sigurð Gylfa Magnússon.<sup>145</sup> Íslensk sagnfræði var að mörgu leyti að brotna upp í margar ólíkar greinar og eins og sjá má í útgáfu sagnfræðiritra og rannsókna starfsmanna fékk það uppbot sess á vegum Sagnfræðistofnunar.

Þessi aukna fjölbreytni var í samræmi við þróunina á alþjóðavettvangi. Georg Iggers færði í lok tuttugustu aldar rök fyrir því að kenningar um mikilvægi tungumálsins og orðræðunnar í sköpun samfélagsins (e. *the linguistic turn*), sem öðlast höfðu aukið fylgi í hugvísindum á seinni hluta aldarinnar, hefðu vakið réttilega athygli á því að í sögunni

<sup>142</sup> Sveinn Agnarsson, „Icelandic Economic History,“ 88–89.

<sup>143</sup> Guðmundur Jónsson, „Sagnaritun um hagsögu 19. og 20. aldar,“ 167–170.

<sup>144</sup> Sigríður Matthíasdóttir, „Hin svokallaða þjóð,“ 427–431.

<sup>145</sup> Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*.

væri hvorki eðlislægt samhengi né samræmd heild. Iggers sagði að þrátt fyrir það óorð sem fallið hefði á drauminn um hlutlægni hefði sagnfræðilegum rannsóknum ekki hnignað. Í stað þess hefðu þær færst í átt til aukinnar fjölbreytni.<sup>146</sup>

Aukin fjölbreytni í viðfangsefnum kom skýrt fram á fyrsta Íslenska söguþinginu árið 1997. Það var eitt af yfirlýstum markmiðum þingsins að gera almenningi og fjölmiðlum ljóst hversu öflug og fjölbreytt rannsóknargrein sagnfræðin var orðin.<sup>147</sup> Í formála *Sögu*, tveimur árum síðar, var fullyrt að markmiðið hefði náðst.<sup>148</sup> Við lok þessa tímabils í sögu Sagnfræðistofnunar var orðið ljóst að íslensk sagnfræði var umfangsmeiri og tókst á við fjölbreyttari viðfangsefni en þegar stofnunin tók til starfa. Stofnunin lagði sitt af mörkum með rannsóknum, útgáfum og viðburðum eins og söguþinginu. Talsverður hluti af því sem rak á lendur íslenskrar sagnfræði á síðustu tveimur áratugum tuttugustu aldar fékk þannig rými innan Sagnfræðistofnunar.

Þegar komið var fram á seinni hluta níunda áratugarins var þátttaka í helstu ráðstefnum norrænna sagnfræðinga orðinn fastur liður í starfi íslenskra sagnfræðinga. Með tilkomu Landsnefndar íslenskra sagnfræðinga hafði þessi þátttaka fundið sér traustari grundvöll. Árið sem nefndin var stofnuð, 1986, kom Sagnfræðistofnun að skipulagningu norrænnar ráðstefnu um verkalýðssögu og skipaði fulltrúa í skipulagsnefnd ráðstefnunnar, Magnús Guðmundsson, sem valinn var að ósk aðalskipuleggjanda ráðstefnunnar, Menningar- og fræðslusambands alþýðu (MFA).<sup>149</sup> MFA hafði áður tekið þátt í norrænum ráðstefnum um verkalýðssögu og höfðu þær verið skipulagðar í samvinnu norrænna félagasamtaka og verkalýðssögusafna.<sup>150</sup> Íslenskir sagnfræðingar sem störfuðu bæði innan og utan Háskóla Íslands höfðu sýnt verkalýðssögu áhuga, námskeið um verkalýðssögu voru kennd við Háskólann og Félag áhugafólks um verkalýðssögu var stofnað 1986. Eini íslenski sagnfræðingurinn sem hélt erindi á norrænu ráðstefnunni var Þorleifur Friðriksson en hann var ekki starfandi innan Háskólans. Rannsóknir á verkalýðssamtökum voru í fyrirrúmi og verkamenn sjálfir

<sup>146</sup> Iggers, *Sagnfræði á 20. öld*, 140–164.

<sup>147</sup> Anna Agnarsdóttir og Eggert Þór Bernharðsson, „Íslenska söguþingið,“ 95–96.

<sup>148</sup> „Formáli,“ 6.

<sup>149</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K5. Fundargerðarbók 1980–1992.

<sup>150</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands BSA1:2. Tryggvi Þór Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri MFA, til Þórs Whitehead, forstöðumanns Sagnfræðistofnunar, 6. jan 1984.

voru viðfangsefni aðallega að því leyti er sneri að þátttöku þeirra í slíkum samtökum.<sup>151</sup> Í verkalýðssögu var síðar beint sjónum í auknum mæli að persónulegu lífi verkamanna en þegar þarna var komið við sögu var greinin, hér á landi sem og á Norðurlöndum, í hefðbundnari farvegi með áherslu á rannsóknir á starfsemi verkalýðshreyfingarinnar og verkalýðsfélaga.

Landsnefnd íslenskra sagnfræðinga tók við undirbúningi Norræna sagnfræðingafingsins sem ákveðið var að fara skyldi fram hér á landi í ágúst 1987. Segja má að með því að halda Norræna sagnfræðingafingið í fyrsta sinn hér á landi hafi Íslendingar orðið fullgildir þátttakendur í samstarfi norrænna sagnfræðinga. Viðfangsefnin á þinginu gefa ágæta mynd af helstu rannsóknasviðum sem uppi voru í sagnfræði á Norðurlöndum um það leyti. Eitt aðalefna þingsins var heimildir um ármíðaldir á Norðurlöndum svo sem Íslendingasögur, fornir lagatextar og dýrlingasögur.<sup>152</sup> Helgi Þorláksson var stjórnandi málstofu um það efni.<sup>153</sup>

Annað aðalefni þingsins fjallaði um stöðu þjóðernisminnihlutahópa á Norðurlöndum á 19. og 20. öld. Gunnar Karlsson hélt erindi um stöðu Íslendinga og Grænlandinga í danska ríkinu. Önnur erindi fjölluðu m.a. um Færeyinga, Sama og innflytjendur í Svíþjóð. Í þriðja aðalefninu var fjallað um lífskjör á Norðurlöndum, 1750–1914, tíma atvinnuháttabyltingar og aðdraganda hennar. Meðal þess sem var kannað voru launa- og verðlagsþróun og fæðingar- og dánartíðni.<sup>154</sup> Efnið sem varðaði innflytjendur er til marks um áhrif aukins straums þeirra til Norðurlanda á sagnfræðirannsóknir og einnig aukinnar umræðu um stöðu þeirra þjóðernishópa á Norðurlöndum sem ekki áttu eigið ríki.

Þegar kom að aukaefnum á þinginu var áberandi hve rannsóknir af málefnum utan Norðurlanda voru ofarlega á baugi. Á þinginu var eitt aukaefnana tileinkað þriðja heiminum.<sup>155</sup> Þorsteinn Helgason, framkvæmdastjóri þingsins, var með erindi fyrir

<sup>151</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands BSA1:2. Nordisk arbetarrörelse-forskning och utbildning. 5. Nordiska konferencen för forskning i arbetarrörelsens historie, Islands Universitet, Reykjavík 23.–25. juni 1985.

<sup>152</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands BSA1:6. Fréttatilkynning. Norrænir sagnfræðingar þinga á Íslandi, 23. Mars 1987.

<sup>153</sup> „Reykjavíkurþingið 1987,“ 3.

<sup>154</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands BSA1:6. Fréttatilkynning Norrænir sagnfræðingar þinga á Íslandi, 23. mars 1987.

<sup>155</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands BSA1:6. Magnus Mörner, Göteborgs Universitet-Historiska institutt, til Þorsteins Helgasonar, framkvæmdastjóra Norræna sagnfræðingafingsins, 15. ág. 1987.

Íslands hönd.<sup>156</sup> Íslenskir sagnfræðingar á þessum árum höfðu ekki gert mikið af því að beina sjónum sínum út fyrir Norðurlöndin. Íslenskir sagnfræðingar tóku því ekki virkan þátt í hverju einasta rannsóknarefni sem uppi var meðal norrænna kollega þeirra enda varla við því að búast í ljósi fámennisins.

Norræna sagnfræðingapíngið í Reykjavík 1987 beindi athygli norrænna sagnfræðinga að Íslandi og íslenskrri sagnfræði í meira mæli en áður hafði verið. Í aðdraganda þingsins lýsti Erling Ladewig Petersen, prófessor við Háskólann í Óðinsvéum, yfir óánægju með að íslenskan þátttakanda vantaði í efni sem hann hafði umsjón með þar sem fjallað var um ríkisvald á 17. öld. Petersen lagði sérstaka áherslu á að um væri að ræða samnorrænt verkefni sem snerist um að greina hið norræna samhengi.<sup>157</sup> Að lokum tók þó Lýður Björnsson, sagnfræðingur, að sér að vera fulltrúi Íslands í þessu efni.<sup>158</sup> Á þinginu var einnig tekið fyrir sögulegt heimildagildi ljósmynda og kvikmynda en íslenskir þátttakendur voru Inga Lára Baldvinsdóttir og Erlendur Sveinsson.<sup>159</sup> Þau voru hvorug starfandi við Háskóla Íslands en að þetta efni skyldi vera tekið fyrir bendir til að sagnfræðingar væru farnir að beina sjónum sínum í auknum mæli að fjölbreyttari heimildum. Á þinginu var stofnaður samstarfshópur um sagnfræðilegar rannsóknir á heimildum í hljóð- og myndformi sem Eggert Þór Bernharðsson, þáverandi stundakennari við Háskóla Íslands varð hluti af.

Það þótti einnig einkenna sagnfræði á Norðurlöndum við lok níunda áratugarins, og var raunar rætt á norrænum ráðstefnum hversu algengt það var orðið að sagnfræðingar nýttu sér aðferðir annarra fræðigreina. Á aðferðafræðipínginu 1989 var meðal umræðuefna sagnfræðin á Norðurlöndum eftir 1965.<sup>160</sup> Hvatinn að þessari umræðu var sögð sú staðreynd að norrænir sagnfræðingar hefðu farið yfir mörk fræðigreina og leitast við að læra af umræðum um aðferðafræði innan greina eins og félagsfræði, mannfræði og bókmenntafræði. Þess vegna var ætlunin á ráðstefnunni 1989 að ræða hefðir í norrænum sagnfræðirannsóknum og nýjustu vendingar í þróun þeirra. Á þinginu skyldi m.a. tekið til athugunar hvers vegna enginn tiltekinn „sagnfræðiskóli“ hefði náð

<sup>156</sup> „Reykjavíkupíngið 1987,“ 3.

<sup>157</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands BSA 1:5. Erling Ladewig Petersen, Historisk Institut-Odense Universitet, til Þorsteins Helgasonar, framkvæmdastjóra Norræna sagnfræðingapingsins, 1. maí 1986.

<sup>158</sup> „Reykjavíkupíngið 1987,“ 3.

<sup>159</sup> Sama heimild.

<sup>160</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K9. Loftur Guttormsson til Landsnefndar íslenskra sagnfræðinga.

yfirráðum á Norðurlöndum og hverjar afleiðingar fjölbreytninnar væru. Einnig skyldi kannað á þessu þingi hvort hlutverk sagnfræðinga í samfélaginu hefði breyst á einhvern hátt og hvernig það endurspegladist í skipulagi greinarinnar.<sup>161</sup> Sagnfræðin, fræðilegi grunnur hennar og aðferðir væru að breytast.

Næsta aðferðafræðingur fór fram á Laugarvatni 1991 og var aðalefnið sígilt viðfangsefni í sagnfræði, stjórnmalasaga, en með áherslu á nýjustu strauma.<sup>162</sup> Meðal þeirra sem héldu erindi á ráðstefnunni var Guðmundur Hálfðanarson en í erindi sínu fjallaði hann meðal annars um að grundvöllur rannsókna á sögu stjórn mála væri ekki stjórn málin sjálf heldur viðameira samhengi félagslegra og efnahagslegra þátta í umhverfi sem væri pólitískt. Guðmundur fjallaði um menningu stjórn mála og það gerðu fleiri fræðimenn sem voru með erindi á þinginu.<sup>163</sup> Þarna sést greinilega hvernig ný viðhorf og aðferðir tóku að móta hefðbundin rannsóknarsvið eins og stjórnmalasögu og skilgreina þau upp á nýtt.

Í umræðum á þinginu á Laugarvatni 1991 kom m.a. fram sú skoðun að lítið væri hægt að treysta því að heimildir í sagnfræðilegum rannsóknum væru almennt hlutlægar og hinar hefðbundnu aðferðir sem byggðu á hlutlægri heimildarýni væru orðnar úreltar. Þar sem þessi þing voru upphaflega mótuð af hefðunum en hefðirnar sjálfar voru til umræðu veltu þinggestir því fyrir sér hvort halda ætti þeim áfram í sömu mynd.<sup>164</sup> Aðferðafræðingur á Laugarvatni reyndist það síðasta sem haldið var.<sup>165</sup>

Umræður um hinn fræðilega grunn sagnfræðinnar á Norræna sagnfræðingaþinginu 1991 voru litlar og því stakk fyrirlestur Gunnars Karlssonar um þekkingarfræðilegan grunn sagnfræðinnar í stúf við önnur framlög.<sup>166</sup> Umræður af þessu tagi áttu sér til dæmis stað á þessum árum meðal norskra sagnfræðinga sem ræddu meðal annars um hvort mögulegt væri að segja heildarsögu. Í norskrri sagnfræði var jafnframt mikið rætt um sannleika og hlutlægni.<sup>167</sup> Þegar kom að umræðum í þessa átt voru íslenskir sagnfræðingar því greinilega í ágætum takti við starfssystkini sín á Norðurlöndum. Um

<sup>161</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K9. Historien, historikerne i Norden efter 1965-Linjer i mångfalden. Arbetsutskottets tema skiss för den 21:a Nordiska fackkonferensen i metödläre 1989.

<sup>162</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K5. Fundargerðarbók Landsnefndar íslenskra sagnfræðinga 1990–1995.

<sup>163</sup> „XXII. Aðferðafræðiráðstefnan var haldin á Laugarvatni 17.–21. ágúst 1991,“ 2–3.

<sup>164</sup> Sama heimild.

<sup>165</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K5. Fundargerðarbók Landsnefndar íslenskra sagnfræðinga 1990–1995.

<sup>166</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K9. XXI Nordiska Historikermötet Umeå 15–19 juni 1991.

<sup>167</sup> Fulsås. „Norway: The Strength of National History,“ 260–263.

Þetta leyti gætti vaxandi efahyggju í sagnfræði og tengdist það að hluta til auknum áhrifum póstmódernismans. Í þriðja kafla þessarar ritgerðar verður nánari grein gerð fyrir umræðu meðal íslenskra sagnfræðinga um hinn fræðilega grunn sagnfræðinnar.

Á Norrænu sagnfræðingunum hafa bæði sagnfræðikennarar í Háskóla Íslands og aðrir sagnfræðingar tekið þátt. Á þinginu 1994 var kvenna- og kynjasaga meðal efna. Þátttakandi af hálfu Íslands var Agnes Arnórsdóttir sem var ekki starfandi við Háskólann. Kvenna- og kynjasögu hafði lítt verið sinnt innan sagnfræði í Háskóla Íslands, þótt Sagnfræðistofnun hafi gefið út fáein rit á því sviði, *Förändringar i kvinnors villkor under medeltiden* (1983) í ritstjórn Silju Aðalsteinsdóttur og Helga Þorlákssonar, *Sjókonur á Íslandi 1891–1981* eftir Þórunni Magnúsdóttur (1988) og *Aldamótakonur og íslensk listvakning eftir Dagnýju Heiðdal* (1992). Árið 1995 gaf svo Sagnfræðistofnun út bók Agnesar, *Konur og vígamenn. Staða kynjanna á Íslandi á 12. og 13. öld*. Á norræna sagnfræðingapinginu skipulagði Ingi Sigurðsson efni um alþjóðlega hugmyndastrauma 1850–1914.<sup>168</sup> Landsnefnd íslenskra sagnfræðinga hafði lagt til að þetta efni yrði tekið fyrir á þinginu með þeim rökum að það ætti erindi í samtímanum ekki síst vegna aukinna alþjóðlegra menningarstrauma milli landa.<sup>169</sup>

Efnið var ekki kynnt undir merkjum heimssögu (e. *global history*) en áherslan á hið alþjóðlega bendir til að áhrif hennar hafi verið að aukast. Um miðjan tíunda áratuginn var einmitt starfandi norrænn hópur um heimssögu sem vildi koma henni á dagskrá Norræna sagnfræðingapingsins 1997. Innan hans var þó enginn Íslendingur. Hópnum varð að ósk sinni og efnið var tekið fyrir á þinginu.<sup>170</sup> Segja má að þrátt fyrir að enginn Íslendingur hafi verið í þessum tiltekna hóp hafi íslenskir sagnfræðingar verið farnir í auknum mæli að fylgja norrænum kollegum sínum í því að horfa út fyrir ramma þjóðarsögunnar. Ingi Sigurðsson var á þessari braut á heimsþingi sagnfræðinga 1995 þar sem hann flutti erindi um þjóðir á norðurslóðum með sérstakri áherslu á samanburð á þróun íslensks og færeysks þjóðfélags.<sup>171</sup> Það var þó ekki róid öllum árum í þessa átt á síðasta áratug 20. aldar meðal íslenskra sagnfræðinga. Ágætt dæmi um það er sú

<sup>168</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K9. Norræna sagnfræðingapingið Osló 1994.

<sup>169</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K9. Stefán Hjartarson fyrir hönd Landsnefndar íslenskra sagnfræðinga, 9. feb. 1992.

<sup>170</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K9. Global Historie. Niels Steensgard, Thommy Svensson, Stein Tønnesson, 11. október 1995. Det 23. Nordiska Historikermötet Tammerfors 7–12. augusti 1997.

<sup>171</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K5. Fundargerðarbók Landsnefndar íslenskra sagnfræðinga 1990–1995.

staðreynd að á norræna sagnfræðingafinginu 1994 var eitt aðalefnanna pólitísk og efnahagsleg tengsl Norðurlanda, Eystrasaltsríkjanna, Póllands og Rússlands frá víkingatímanum fram til nútímans en enginn íslenskur sagnfræðingur var með framlag tengt þessu efni.<sup>172</sup>

Íslenskir sagnfræðingar utan Háskóla Íslands hafa alltaf verið virkir á Norrænu sagnfræðingafingunum og lagt til áhugaverð rannsóknarefni. Þar má nefna að Jón Ólafur Ísberg, sagnfræðingur, fékk tækifæri til að kynna rannsóknir sínar í heilbrigðissögu, s.s. um sögu læknisfræði á Íslandi, sjúkdóma og hlutverk lækna í samfélaginu á Norræna sagnfræðingafinginu 1997.<sup>173</sup> Jón hefur rannsakað viðfangsefni af þessu tagi og aðallega starfað utan Háskóla Íslands en fjallað um rannsóknir sínar á Norræna sagnfræðingafinginu og á öðrum vettvangi.

Þátttaka íslenskra sagnfræðinga í ráðstefnum og þingum á Norðurlöndum sýnir vel hvaða fræðasvið voru efst á baugi hjá þeim á hverjum tíma en hún sýnir einnig á hvaða sviðum þeir höfðu lítið eða ekkert fram að færa. Dæmi um fræðasvið sem íslenskir sagnfræðingar komu lítið nálægt er hernaðarsaga en hún var eitt af viðfangsefnum Norræna sagnfræðingafingsins í Reykjavík 1987 og tók enginn Íslendingur þátt.<sup>174</sup>

Við aldamót var þátttaka í erlendum ráðstefnum og önnur tengsl við sagnfræðinga á Norðurlöndum og víðar orðinn fastur liður í starfi íslenskra sagnfræðinga. Rannsóknir þeirra voru orðnar fjölbreyttari og fræðilegur grunnur sagnfræði í deigluinni á Íslandi eins og annars staðar. Þegar Sagnfræðistofnun sigldi inn í nýja öld voru frekari breytingar fram undan á greininni og umræður um grundvöll hennar héldu áfram. Jafnframt urðu miklar breytingar á fjárhag og stofnanaumhverfi sagnfræðirannsókna hér á landi.

<sup>172</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K9. Norræna sagnfræðingafingið Osló 1994.

<sup>173</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K9. Jón Ólafur Ísberg til Pirjo Markkola, Tammerfors Universitet Institutionen för historievitenskap.

<sup>174</sup> „Reykjavíkurbíngið 1987,“ 3.

### 3. Innviðir rannsókna og útvíkkun sagnfræðinnar 2000–2021

#### 3.1. Rannsóknainnviðir styrktir

Við lok tuttugustu aldar voru hugmyndir uppi um aukið samstarf fræðigreina á sviði hugvísinda í Háskóla Íslands. Rannsóknastofnanir heimspekideildar, þar á meðal Sagnfræðistofnun, voru sameinaðar í Hugvísindastofnun árið 1998 sem var meðal annars ætlað að efla þverfaglega samvinnu milli þeirra greina sem undir hana féllu. Fyrsti forstöðumaður stofnunarinnar var Jón Ólafsson sem var mjög áhugasamur um þverfagleg vinnubrögð.<sup>175</sup> Hugvísindastofnun var einnig ætlað að skapa betri aðstöðu til rannsókna fyrir kennara, framhaldsnema og sérfræðinga, einkum erlenda gestafræðimenn og fólk sem hafði lokið doktorsprófi og var á rannsóknastyrkjum.<sup>176</sup> Eftir að Hugvísindastofnun kom til sögunnar var einmitt farið að bæta rannsóknaaðstöðu tveggja síðasttöldu hópanna. Með tilkomu hennar varð skipulag fjármála með þeim hætti að „undirstofnanir“ fengu fé fyrir milligöngu stofnunarinnar bæði í formi fastra framlaga og styrkja. Þetta nýja fyrirkomulag hafði áhrif á starfsemi Sagnfræðistofnunar á ýmsa lund og þá fyrst og fremst varðandi fjármál, rannsóknaaðstöðu og aðstoð við öflun stórra styrkja og umsjón með þeim.

Aukin áhersla á þverfræðilegt samstarf var í raun óhjákvæmilegt viðbragð við kröfum opinberra stofnana á borð við Rannís, sem styrktu vísindalegar rannsóknir hér á landi. Þegar Loftur Guttormsson leit yfir svið íslenskra sagnfræðirannsókna árið 1998 lagði hann einmitt áherslu á að þær væru að færast meir og meir frá einstaklingsbundnum verkefnum til teymisrannsókna eins og algengt var í raunvísindum.<sup>177</sup>

Þessar breytingar ásamt öðru hleyptu meiri krafti í sagnfræðirannsóknir. Breytingar á skipulagi rannsóknastofnana heimspekideildar héldust í hendur við ný lög um Háskóla Íslands frá 1997 sem veittu Háskólanum meira sjálfstæði bæði í fjárhagslegum

<sup>175</sup> „Uppspretta fyrir nauðsynlegt gæðaeftirlit og sjálfsgagnrýni,“ 7.

<sup>176</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K5. Tillaga frá Vísindanefnd Heimspekideildar um skipulag rannsókna í deildinni.

<sup>177</sup> Loftur Guttormsson, „Nogle træk af historieforskningen i Island 1990–1996,“ 86.



málefnum og skipulagi starfseminnar. Fjárframlög til rannsókna innan skólans fóru vaxandi og þá ekki síst úr nokkrum mikilvægum rannsóknasjóðum, sérstaklega rannsóknasjóði RANNÍS en einnig Rannsóknasjóði Háskólans. Nokkrum árum áður hafði hið svokallaða vinnumatskerfi verið tekið upp, afkastahvetjandi kerfi sem gekk í meginatriðum út á að kennarar við Háskólann fengju greiðslur fyrir birtingu greina, bóka og annars konar efnis en birting í erlendum fræðitímaritum gaf flest stig.<sup>178</sup> Fyrir sagnfræðina skipti einnig miklu máli að kennarastöðum við sagnfræðiskor var fjölgað. Kennarastörf í skorinni urðu 12 að tölu árið 2001 og höfðu aldrei verið fleiri. Hést svo fram um 2015 er þeim fækkaði nokkuð. Allar þessar breytingar á starfsumhverfi Háskólans ýttu undir sagnfræðirannsóknir innan skólans.

Stofnun doktorsnáms í sagnfræði 1995 varð með tímanum mikil lyftistöng fyrir rannsóknir í sagnfræði við Háskóla Íslands. Fyrst til að ljúka því námi var Sigríður Matthíasdóttir árið 2004. Sagnfræðistofnun hefur veitt doktorsnemum eftir föngum aðstöðu en að öðru leyti komið lítið við framkvæmd doktorsnámsins. Þetta nám hefur hins vegar eflt sagnfræðirannsóknir til muna og hefur framlag doktorsnema til nýrrar þekkingar og nýsköpunar aukist jafnt og þétt. Á tímabilinu 2004–2021 brautskráðist 21 doktorsnemi í sagnfræði og hafa rannsóknir þessa fólks fleytt íslenskri sagnfræði inn á nýjar brautir, aukið fjölbreytni í viðhorfum og aðferðum og jafnvel markað tímamót í greininni. Fáeinir þessara einstaklinga hafa verið ráðnir sem kennarar í sagnfræði við Háskólann, Sverrir Jakobsson, Ragnheiður Kristjánsdóttir og Erla Hulda Halldórsdóttir, og þannig haldið áfram rannsóknum við skólann.

### 3.2. Samvinna og þverfagleg vinnubrögð

Um miðjan tíunda áratuginn ræddi stjórn Sagnfræðistofnunar um hvort stofnunin ætti að endurskilgreina rannsóknahlutverk sitt og einbeita sér í ríkari mæli að því að styðja rannsóknir kennara í greininni eða markaðssetja þjónustu við útgefendur, fjölmiðla o.fl. til að afla tekna.<sup>179</sup>

Gunnar Karlsson tók upp þennan þráð þegar hann gegndi stöðu forstöðumanns stofnunarinnar á árunum 2004–2006. Lagði hann þá til að hlutverki stofnunarinnar yrði

<sup>178</sup> Magnús Guðmundsson. „Rannsóknarháskólinn 1990–2011,“ 533–594.

<sup>179</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K5. Fundargerðir kennarafunda 1994–2000.

snúið í meira mæli að því að veita utanaðkomandi aðilum rannsóknþjónustu gegn greiðslu. Hann sagði, eins og hann hafði gert á níunda áratugnum, að Sagnfræðistofnun hefði aldrei náð því að verða raunveruleg háskólastofnun þar sem hún hefði aldrei haft skrifstofu með reglulegri viðveru. Kennarar hefðu lítið haft til hennar að sækja og getað stundað rannsóknir sínar án hennar atbeina. Taldi Gunnar að stöðnun hefði orðið í starfi stofnunarinnar á meðan starfsemi Háskóla Íslands hefði margfaldast á flestum sviðum. Æskilegast væri að stofnunin tæki upp starfsemi sem aflaði henni fjár en væri um leið fræðilega mikilvæg og svo frjósöm að hún yki veg sagnfræðirannsókna á Íslandi.<sup>180</sup>

Fyrirkomulagið sem Gunnar mælti fyrir var ekki ósvipað því sem Félagsvísindastofnun og síðar Hagfræðistofnun störfuðu eftir og byggðist mjög á því að afla fé til rannsókna með þjónustuverkefnum fyrir utanakomandi aðila svo sem fyrirtæki, stofnanir og stjórnvöld. Sagnfræðistofnun fór ekki í miklum mæli inn á þessa braut þótt í reglum um starfsemi hennar allt frá upphafi segði að meðal hlutverka stofnunarinnar væri „að sinna þeim verkefnum, sem henni kunna að vera falin til úrlausnar, enda komi greiðsla fyrir“.<sup>181</sup> Hún hefur þó tekið að sér eða haft milligöngu um allmörg rannsóknaverkefni að beiðni utanaðkomandi aðila. Nýjasta verkefnið af þessu tagi er bókin *Hugmyndaheimur Páls Briem*, greinasafn um ævi og störf stjórnámálmannsins Páls Briem, sem gefin var út í ritröðinni Sagnfræðirannsóknir árið 2019, í ritstjórn Ragnheiðar Kristjánsdóttur og Sverris Jakobssonar.

Tillögur Gunnars Karlssonar komust ekki til framkvæmda en margt breyttist í starfsumhverfi Sagnfræðistofnunar um og eftir aldamótin. Skipulagsbreytingar voru gerðar á umgjörð rannsóknastarfs í Háskóla Íslands, sjálfstæði skólans var aukið og meira fé var varið til rannsókna. Síðast en ekki síst voru allar rannsóknastofnanir í hugvísindum settar undir nýstofnaða Hugvísindastofnun Háskóla Íslands. Í kjölfarið voru settar nýjar reglur um starfsemi Sagnfræðistofnunar sem tóku gildi 2002. Helsta breytingin var sú að nú varð hún „stofa“ innan Hugvísindastofnunar og átti forstöðumaður sæti í stjórn hennar. Hugvísindastofnun ákvað hvernig rannsóknafé heimspekideildar (síðar hugvísindadeildar) skyldi varið og úthlutað til rannsóknarstofnana. Fékk Sagnfræðistofnun fasta upphæð árlega auk þess sem hún fékk af og til smærri styrki til ákveðinna verkefna. Sú nýjung var tekin upp að heimila

<sup>180</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K6. Gunnar Karlsson. Drög að áætlun um breytt hlutverk Sagnfræðistofnunar.

<sup>181</sup> *Stjórnartíðindi* 1971 B, 169 (rg. nr. 71/1971).

framhaldsnemum í sagnfræði að gerast félagar að Sagnfræðistofnun, auk fastra kennara, styrkþega og sérfræðinga.<sup>182</sup> Engar teljandi breytingar urðu á hlutverki stofnunarinnar.

Þegar Sagnfræðistofnun var sett á fót var hugmynd sagnfræðinga sú að stofnunin yrði leiðandi í sagnfræðirannsóknum. Stofnunin fékk hins vegar aldrei nægilegar fjárveitingar til að standa fyllilega undir þessu hlutverki. Kennarar gátu að miklu leyti stundað sínar rannsóknir sínar án hennar. Þegar leið að aldamótum var þess vegna farið að horfa meira til þess að nýta Sagnfræðistofnun til að styðja við rannsóknir kennara og annarra félaga til að styrkja þær og efla. Hún hélt áfram útgáfu sagnfræðiritna og stóð fyrir málþingum, ráðstefnum og fyrirlesturum.

Efling rannsókna við Háskóla Íslands styrkti rannsóknarhlutverk Sagnfræðistofnunar sem fékk aukið aðgengi að styrkjum og öðru fjármagni. Þessum styrkjum fylgdu auknar kröfur um þverfaglega samvinnu og það var meginmarkmiðið með stofnun Hugvísindastofnunar. Um þetta leyti voru uppi raddir um að sagnfræði hefði einangrast í íslensku fræðasamfélagi. Í viðtali við *Sagnir*, árið 1999, ræddi Guðmundur Jónsson, lektor í sagnfræði, um að slíkar raddir hefðu oft heyrst. Guðmundur taldi sagnfræðina ekki hafa haft mikil samskipti við aðrar greinar þótt dæmi væru um samvinnu milli sagnfræðinga og fólks úr öðrum fræðigreinum á síðustu árum.<sup>183</sup>

Um þessar mundir var settur meiri kraftur í þverfaglega samvinnu. Árið 1999 var hleypt af stokkunum rannsóknarverkefni í samvinnu nokkurra rannsóknastofnana undir hatti Sagnfræðistofnunar. Rannsóknarefnið var Reykholt í Borgarfirði með sérstakri áherslu á tíma Snorra Sturlusonar. Fulltrúi Sagnfræðistofnunar var Helgi Þorláksson en auk stofnunarinnar tóku Þjóðminjasafnið, Snorrastofa, Raunvísindastofnun og Náttúrufræðistofnun upphaflega þátt í verkefninu. Í ársskýrslu Sagnfræðistofnunar fyrir árið 2001 eru auk þess nefndir alls 10 kennarar og nemar í sagnfræði, fornleifafræði og landfræði sem komu á einhvern hátt að rannsókninni auk þess sem samstarf var við nokkra erlenda fræðimenn. Frá byrjun var lögð áhersla á að rannsóknin yrði þverfagleg og aðferðir sóttar til félagsvísinda, hugvísinda og raunvísinda.<sup>184</sup> Fjölfagleg vinnubrögð

<sup>182</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K6. Reglur fyrir Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.

<sup>183</sup> Eggert Þór Aðalsteinsson, „Sagnfræðin er ekki lengur „neftóbaksfræði“,“ 45–46.

<sup>184</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K6. Sagnfræðistofnun. Skýrsla forstöðumanns fyrir árið 2001. Lögð fyrir ársfund stofnunarinnar 1. febrúar 2002.

í þeim mæli sem beitt var í Reykholtssrannsókninni voru nýlunda hér á landi.<sup>185</sup>

Rannsókninni var skipt í marga verkþætti og komu út bækur með lokaniðurstöðum hvers hluta. Niðurstöður rannsóknarinnar voru teknar saman og birtar í bókinni *Snorri Sturluson and Reykholt: the Author and Magnate, His Life, Works and Environment* sem kom út árið 2019 í ritstjórn Helga Þorlákssonar og Guðrúnar Sveinbjarnardóttur.

Önnur þverfagleg rannsóknarverkefni undir merkjum Sagnfræðistofnunar hófust um þetta leyti. Stjórn stofnunarinnar samþykkti 2004 að standa að rannsóknarverkefni í samstarfi við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Institut for Nordiske Studier og Sprogvidenskab við Kaupmannahafnarháskóla bættist síðar við.<sup>186</sup> Guðmundur Jónsson og Auður Hauksdóttir, dósent í dönsku, stýrðu rannsóknarhópnum. Rannsóknin sneri að því að að kanna reynslu, mál og menningu danskra innflytjenda á Íslandi 1900–1970 og áhrif þeirra á íslenskt samfélag.<sup>187</sup> Niðurstöður rannsóknarinnar voru birtar árið 2015 í greinasafninu *Gullfoss: mødet mellem dansk og islandsk kultur* og í doktorsritgerð Írisar Ellenberger frá árinu 2013 sem nefndist Danskir innflytjendur á Íslandi 1900–1970. Auk þess að bregða nýju ljósi á viðfangsefnið var einna nýstárlegast við þessa rannsókn samvinna milli sagnfræðinga og fólks úr tungumálum og málvísindum.

Þverfagleikinn varð meira áberandi í starfi sagnfræðinga við Háskólann á næstu árum. Árið 2015 benti Erla Hulda Halldórsdóttir á að þverfagleg nálgun hefði aukist í kvenna- og kynjasögu frá tíunda áratug tuttugustu aldar og síðan þá hefði verið talsvert um samvinnu milli mismundandi fræðigreina um viðfangsefni rannsóknarsviðsins.<sup>188</sup> Sama má segja um nýja strauma í menningarsögu eins og Davíð Ólafsson og Ólafur Rastrick leggja áherslu á í grein frá sama tíma.<sup>189</sup>

Rannsóknir sagnfræðinga gengu ekki aðeins út á að ryðja nýjum viðfangsefnum braut heldur einnig að taka til endurskoðunar vel þekkt viðfangsefni og skoða þau frá nýjum sjónarhornum. Rannsókn á sögu utanríkisverslunar Íslendinga undir merkjum Sagnfræðistofnunar er ágætt dæmi um þetta. Hugmyndin um að Sagnfræðistofnun stæði

<sup>185</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K13. Visindasjóður-umsókn um forverkefna-/kynningarstyrk. Fjölfaglegt rannsóknarverkefni í Reykholti í Borgarfirði.

<sup>186</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K6. Annar fundur í stjórn Sagnfræðistofnunar 2004, 29. janúar 2004.

<sup>187</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K8. Ældre danskere i Island. Møder mellem dansk og islandsk sprog og kultur i 1900-tallet.

<sup>188</sup> Erla Hulda Halldórsdóttir, „Gendering Icelandic Historiography,“ 192–194.

<sup>189</sup> Davíð Ólafsson og Ólafur Rastrick, „Current Trends in Icelandic Cultural History“, 156.

fyrir útgáfu á sögu utanríkisverslunar Íslands vaknaði snemma og nefndi Anna Agnarsdóttir hana á kennarafundi 1991. Lagði hún til að gefið yrði út yfirlitsrit yfir þær rannsóknir sem þegar hefðu verið gerðar á sögu utanríkisverslunar Íslands.<sup>190</sup> Fyrst um sinn var rætt innan stjórnar Sagnfræðistofnunar að koma út slíku riti.<sup>191</sup> Upphaflega mynduðu Anna Agnarsdóttir, Gísli Gunnarsson og Helgi Þorláksson vinnuhóp um rannsóknina en Guðmundur Jónsson og Halldór Bjarnason bættust síðan í hópinn, og við fráfall Halldórs 2010 gekk Helgi Skúli Kjartansson til liðs við hópinn.<sup>192</sup> Fallið var frá upphaflegri hugmynd um yfirlit yfir þær rannsóknir sem þegar höfðu verið gerðar og ákveðið að taka fyrir ókönnuð tímabil og efni.<sup>193</sup> Ákveðið var að vinna rannsóknina út frá sex meginstefjum en þau voru: „Ísland og umheimurinn“, „sjálfsþurft og áhrif erlendra markaða“, „áhrif utanlandsverslunar á framleiðslu og atvinnulíf“, „neysluhegðun og áhrif utanlandsverslunar á líf almennings“, „afstaða Íslendinga til utanlandsverslunar“ og „frelsi og stýring.“<sup>194</sup> Auk fjölda greina birtu þátttakendur niðurstöður sínar í bókinni *Líftaug landsins* sem kom út 2017. Þannig settu sagnfræðingarnir sem að rannsókninni stóðu sögu utanríkisverslunarinnar í samhengi við stjórnsmál, menningu og hugarfar. Þessi rannsókn festi enn frekar í sessi nálganir í íslenskri sagnfræði sem snerust um að blanda saman ýmsum sviðum greinarinnar.

Með eflingu rannsókna þar sem þverfagleiki og blöndun fræðasviða setti sterkan svip tók íslensk sagnfræði að líkjast meira alþjóðlegri sagnfræði. Það sem án efa hefur átt þátt í þessari auknu blöndun var að til staðar var traustur fræðilegur grunnur. Þessi þróun hafði einnig þau áhrif að styrkja enn frekar tengslin við norræna sagnfræðinga og víðar um heiminn. Meðal annars voru uppi áform um að koma rannsóknum sagnfræðinga betur á framfæri í hinum alþjóðlega fræðaheimi og voru lagðar fram tillögur um að Sagnfræðistofnun gæfi út endurbættar útgáfur af doktorsritgerðum kennara.<sup>195</sup> Þessar áætlanir voru rökstuddar með því að erlend starfssystkini hefðu oft

<sup>190</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K5. Gerðabók apríl 1990–1991. Kennarafundir í sagnfræði.

<sup>191</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K1. Greinargerð með fjárveitingabeidni Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands 1997.

<sup>192</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K6. Starfsskýrsla Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands fyrir árið 1996.

<sup>193</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K13. Vísindasjóður-umsókn um forverkefna-/kynningarstyrk. Saga íslenskrar utanríkisverslunar 900–2002.

<sup>194</sup> Helgi Þorláksson. „Inngangur,“ 18–19.

<sup>195</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K1. Greinargerð með fjárveitingarbeiðni Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands 1997. Fjárveitingarbeiðni Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands vegna rekstraráætlunar á árinu 1998.

bent á að íslenskir sagnfræðingar væru ekki nógu kappsamir við að koma verkum sínum á framfæri á erlendum málum svo mögulegt væri að fylgjast betur með rannsóknum þeirra. Forstöðumaður Sagnfræðistofnunar, Helgi Þorláksson, sagði í umsókn um styrk vegna útgáfunnar árið 1998 að íslenskir sagnfræðingar myndu oft til þess að lítt kunnar rannsóknir þeirra ætthu erindi við erlenda fræðimenn.<sup>196</sup> Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi, ekki síst norrænu, hafði stuðlað að frekari tengingu íslenskra sagnfræðinga við erlend starfssystkini. Íslenskir sagnfræðingar gátu kynnst nýjustu vendingum í sagnfræði á heimsvísu og því hver voru rannsóknarefni norrænna starfssystkina þeirra. Fjölgun Íslendinga sem stunduðu sagnfræðinám erlendis átti eflaust einnig sinn þátt í að ýta enn frekar undir það. Tímabært þótti að íslenskir sagnfræðingar væru ekki aðeins viðtakendur heldur einnig þátttakendur í nýjustu straumum og stefnum í fræðaheiminum.

Íslenskir sagnfræðingar héldu áfram að taka þátt í alþjóðasamstarfi. Þeir voru duglegir að taka þátt í ýmsum ráðstefnum og þingum, einkum á Norðurlöndum, og lögðu fram ýmis efni sem meðal annars voru mótuð af nýjustu stefnum og straumum í sagnfræði. Voru þeir fullgildir þátttakendur og gátu veitt íslensku sjónarhorni á viðkomandi fræðasvið svo að samhengið við sögu Norðurlandanna og annarra ríkja varð greinilegra. Á nýrri öld voru norrænir sagnfræðingar þó að rannsaka viðfangsefni sem Íslendingar höfðu lítið komið nálægt og að því leyti voru þeir á eftir norrænum starfssystkinum sínum.

Upp úr aldamótum voru alþjóðleg tengsl treyst frekar í sessi með fastara skipulagi á fyrirlestrahaldi erlendra sagnfræðinga hér á landi. Þar sem ógjörningur er að gera grein fyrir öllum þeim viðfangsefnum og fræðilegum viðhorfum sem einkenndu störf sagnfræðinga í Háskólanum á undanförunum 20 árum, og greina allar hliðar þátttöku þeirra í alþjóðlegu samstarfi, verður hér farin sú leið að þræða sig eftir ráðstefnum og þingum sem sagnfræðingar hafa tekið þátt í, einkum norrænum sagnfræðingapöngunum, og geta nokkurra mikilvægra rannsóknæfna sem hafa verið efst á baugi. Markmiðið er að fá fyllri mynd af því hvar íslenskir sagnfræðingar hafa staðið í rannsóknaráherslum sínum í samanburði við norræn starfssystkini sín.

<sup>196</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K15. Helgi Þorláksson, forstöðumaður Sagnfræðistofnunar, til Úthlutunarnefndar gjafar Jóns Sigurðssonar, forsætisráðuneytinu, 31. ág 1998.

Fyrstu 25 starfsár Sagnfræðistofnunar höfðu slíkar samkomur verið með óreglulegum hætti og engin föst skipan á þeim. Samhliða fyrsta Íslenska sögubpinginu 1997 var ákveðið að stofnunin myndi efna til Minningarfyrirlesturs Jóns Sigurðssonar og var enska sagnfræðingnum Arthur Marwick boðið að halda fyrsta fyrirlesturinn á þinginu undir þessum merkjum. Síðan þá hefur Minningarfyrirlesturinn verið næstum árvisst viðburður. Leitast hefur verið við bjóða erlendum sagnfræðingum og fræðimönnum úr tengdum greinum sem hafa þótt leggja mikið af mörkum til fræðaheimsins eða verið með tengsl við íslenska sögu og rannsóknir. Meðal fyrirlesara má nefna Ole Feldbæk, prófessor í Kaupmannahöfn, sem árið 2001 fjallaði um tengsl Danmerkur og Íslands út frá dönsku sjónarhorni.<sup>197</sup> Árið 2005 tók brasilíski sagnfræðinginn Patricia Boulhosa fyrir íslenskt viðfangsefni út frá nýstárlegu sjónarhorni. Í fyrirlestrinum fjallaði hún um sannleiksgildi Gamla sáttmála. Gunnar Karlsson, forstöðumaður Sagnfræðistofnunar, kynnti hana á þann hátt að stjórnmalamaninum Jóni Sigurðssyni hefði eflaust mislíkað efni fyrirlestrarins en fræðimaðurinn Jón hefði væntanlega fagnað hverri vandaðri og heiðarlegri tilraun til að véfengja uppruna gamla sáttmála. Gunnar sagði að það ættu sagnfræðingar nútímans einnig að geta gert hvort sem fallist væri á niðurstöður tilraunar Boulhosa eður ei og það leitaðist Sagnfræðistofnun við að gera með því að bjóða henni til landsins.<sup>198</sup> Fyrirlestur Boulhosa er ágætt dæmi um að minningarfyrirlestrar Jóns Sigurðssonar hafa átt þátt í að tengja íslenska sagnfræðinga og fræðimenn úr tengdum greinum við rannsóknir erlendra fræðimanna en einnig tengja þær rannsóknir við rannsóknir íslenska fræðasamfélagsins.

Áhrif aukinnar hnattvæðingar hafa verið talsverð á störf og viðfangsefni sagnfræðinga og fræðimanna úr tengdum greinum. Rannsóknir á efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum samskiptum milli landa hafa farið vaxandi. Margar þessara rannsókna hafa ekki síst snúist um að greina gagnkvæm áhrif samskipta yfir landamæri og greina til dæmis strauma hugmynda sem flætt hafa milli landa. Áherslur af þessu tagi hafa ekki síst einkennt heimssögu (e. *global history*). Þessar áherslur birtust til dæmis í ráðstefnu sem Sagnfræðistofnun stóð fyrir ásamt utanríkisráðuneytinu og stofnun Vilhjálms Stefánssonar árið 1998 um sögu norðurslóða. Ingi Sigurðsson hafði forystu um skipulagningu ráðstefnunnar þar sem tækifæri gafst til að bera saman

<sup>197</sup> „Varla hægt að vísa í hann þegar konur voru viðstaddir,“ 10.

<sup>198</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K8. Kynning. Patricia Pires Boulhosa. Gamli sáttmáli: Fact or Fabrication (Gunnar Karlsson).

svæði norðurslóða með ýmsum aðferðum, meðal annars með því að skoða samspil utanaðkomandi áhrifa og menningar innfæddra á norðurslóðum.<sup>199</sup> Áhersla á rannsóknir á hvers kyns samskiptum milli landa birtist einnig í tillögu sem Landsnefnd íslenskra sagnfræðinga lagði fram um að siglingar og landkönnun á Norður-Atlantshafi frá miðöldum fram til sautjándu aldar yrðu eitt af efnunum á heimspingi sagnfræðinga árið 2000, undir stjórn Önnu Agnarsdóttur. Þessi tillaga var samþykkt.<sup>200</sup>

Ætlunin var einnig að kanna hlutverk þjóðernishyggju síðmiðalda og þjóðarstolt nútímamanna hjá landkönnuðum eins og Kristófer Kólumbus og Leifi Eiríkssyni. Einnig átti að ræða breytta ímynd Norður-Atlantshafs á tuttugustu öld.<sup>201</sup> Væntanlega hefur aukinn áhersla á að rannsaka sögu samskipta yfir landamæri haft áhrif á að samþykkt var að taka þetta efni fyrir á Heimspingi sagnfræðinga árið 2000. Hvað rannsóknaráherslur af þessu tagi varðar má því segja að kennarar í sagnfræði við Háskóla Íslands hafi fylgt þróuninni á heimsvísu nokkuð vel.

Íslenskir sagnfræðingar héldu áfram þátttöku í Norræna sagnfræðingapönginu undir merkjum Landsnefndar íslenskra sagnfræðinga. Íslendingar hafa yfirleitt verið með framlög í öllum aðalefnum þinganna og einnig einhverjum aukaefnum. Norræna sagnfræðingapöngið 2001 er ágætt dæmi um þessa möguleika sem stóðu íslenskum sagnfræðingum til boða og hversu vel tengdir norrænum starfssystkinum sínum þeir voru orðnir. Á þinginu var til að mynda Guðmundur Jónsson fulltrúi Íslands í málstofu um norræna velferðarríkið, efni sem lítið hafði verið rannsakað í íslenskri sagnfræði. Í málstofu um hræringar og nýja strauma í hinum fræðilega grunni sagnfræðinnar var Sigurður Gylfi Magnússon fulltrúi Íslands. Þriðja aðalefnið var um Norðurlönd og Evrópu á miðöldum sem Helgi Þorláksson og Sverrir Jakobsson tóku þátt í ásamt Agnesi Arnórsdóttur. Jón Ólafur Ísberg og Loftur Guttormsson tóku þátt í aukaefni um heilsu og sjúkdóma á Norðurlöndum. Jón Ólafsson og Valur Ingimundarson voru í öðru aukaefni um kalda stríðið á Norðurlöndum.<sup>202</sup> Þátttaka íslenskra sagnfræðinga á

<sup>199</sup> Niels Einarsson. „Indigenous Culture and External Influences,“ 167–168.

<sup>200</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K9. Osló 2000 skráning hafin.

<sup>201</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K9. 19<sup>th</sup> International Congress of Historical Sciences Oslo 2000. Round Table Session 6. *Voyages and Exploration in the North Atlantic from the Middle Ages to the XVIIth century*. Summary.

<sup>202</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K6. Starfsskýrsla Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands fyrir árið 1998.



norrænum þingum var síður en svo einskorðuð við fasta háskólakennara þótt þeir væru mest áberandi.

Á Norræna sagnfræðingapinginu 2001 voru nokkur sígild viðfangsefni skoðuð frá nýjum sjónarhornum. Efnið um kalda stríðið á Norðurlöndum ber gott vitni um þetta. Í tillögunni um efnið sem lögð var fyrir skipuleggjendur þingsins kom fram að rannsóknir á kalda stríðinu væru að verða meira margliða og færast frá æðstum aðilum stjórnmála. Farið væri að skoða kalda stríðið út frá meðal annars hagsögu, félagssögu og menningarsögu.<sup>203</sup> Með þátttöku sinni í þessu efni stuðluðu Valur Ingimundarson og Jón Ólafsson að nýjum áherslum í íslenskri sagnfræði.

Miðað við þátttöku íslenskra sagnfræðinga á fyrsta norræna sagnfræðipingi þessarar aldar virðast þeir hafa fylgt norrænum starfssystkinum sínum eftir og verið nokkuð vel með á nótunum í þeim viðfangsefnum sem uppi voru í sagnfræði á Norðurlöndum. Á þinginu voru þó dæmi um viðamikil fræðasvið sagnfræðinnar sem Íslendingar tóku ekki þátt í og höfðu ekki mikið rannsakað fram að því. Saga samkynhneigðra og saga innflytjenda voru tekin fyrir á þinginu 2001 en enginn Íslendingur tók þátt.<sup>204</sup> Sagnfræðingar á Norðurlöndum, sérstaklega í Danmörku, voru byrjaðir þegar á níunda áratug tuttugustu aldar að rannsaka sögu samkynhneigðra.<sup>205</sup>

Hér hafa verið rakin nokkur dæmi um áherslur í sagnfræðilegum rannsóknum á Norðurlöndum á 21. öld eins og þær hafa birst í umfjöllunarefnum á Norrænu sagnfræðingapingunum. Þessi þing gefa ákveðinn þverskurð af mörgu því helsta sem efst hefur verið á baugi í rannsóknum á Norðurlöndum á hverjum tíma á sama hátt og Íslenska sögupingið hefur verið þverskurður af nýjustu rannsóknum í íslenskri sagnfræði. Miðað við þátttöku Íslendinga á Norræna sagnfræðingapinginu 2001 voru þeir að þó nokkru leyti í góðum tengslum við nýjustu rannsóknarefni og strauma í sagnfræði en þegar kom að sumum efnum voru þeir talsvert á eftir því sem var að gerast á Norðurlöndum. Þátttaka í norrænu og öðru alþjóðlegu samstarfi hefur þannig allt fram á þessa öld styrkt tengsl íslenskra sagnfræðinga við fræðaheiminn og átt þátt í að kynna þá fyrir nýjum straumum og fjölbreyttari viðfangsefnum. Skrefin sem voru stigin út í

<sup>203</sup> *HÍ. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K9. Forslag til hovedtema ved Det Nordiske Historikermøde, Århus 2001. Den kolde krig i Norden: Historie mellem tradition og nybrud.*

<sup>204</sup> *HÍ. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K9. Oslo 2000 skráning þátttöku hafin.*

<sup>205</sup> Lützen. *Hvad hjertet begærer.*

heim undir merkjum Sagnfræðistofnunar á áttunda áratugnum voru enn að skila sér þegar ný öld gekk í garð.

### 3.3 Ný viðhorf um fræðilegan grundvöll og viðfangsefni sagnfræðinnar

Á þessari öld hafa skotið upp kollinum í umræðum meðal sagnfræðinga á alþjóðavettvangi spurningar um fræðilegan grundvöll sagnfræðinnar. Íslenskir sagnfræðingar hafa tekið þátt í þessum umræðum en í mismiklum mæli og fylgt umræðunni á alþjóðavettvangi misvel eftir. Umræða um fræðilegan grundvöll sagnfræðinnar, þar á meðal um huglægni sagnfræðilegrar þekkingar, hefur gengið gengið í bylgjum síðan um miðja 20. öld. Á Íslandi var hlutlægnishyggja mjög sterk hjá sagnfræðingum þegar Sagnfræðistofnun tók til starfa. Samt má sjá önnur viðhorf til dæmis í skrifum Björns Þorsteinssonar þegar um 1950 sem lagði áherslu á huglægni sagnfræðingsins. Í ritdómi í *Skírni* 1950 um sjöunda bindi af *Sögu Íslendinga* eftir Þorkel Jóhannesson segist Björn vera ósammála því sem oft væri haldið fram að starf sagnfræðinga væri að skýra frá staðreyndum og láta þær tala sínu máli. Björn taldi óhjákvæmilegt að sagnfræðingar drægju ályktanir og alhæfðu, tækju ákveðna afstöðu.<sup>206</sup> Umræður um þessi efni komust þó ekki á skrið hér á landi fyrr en á níunda áratugnum en þá fóru efasemdir um hlutlægni í sagnfræði vaxandi meðal sagnfræðinga á heimsvísu. Til að mynda sagði Gunnar Karlsson í viðtali við *Studentablaðið* árið 1982 að hin ríka sannleikskrafa sagnfræðinnar, sem fengin væri að láni úr raunvísindunum, væri merkingarlaus.<sup>207</sup> Rúmu ári síðar sagði Loftur Guttormsson í grein að því færi fjarri að söguleg þekking væri eitthvert hlutgert fyrirbæri eða að sögulegar staðreyndir væru fyrir fram gefin stærð. Sömu staðreyndir yrðu einatt efni til mismunandi túlkana vegna þess að sjónarhorn væru ekki aðeins breytileg eftir kynslóðum heldur einnig eftir einstaklingum af sömu kynslóð. Sagnfræðingar væru ekki hlutlausir fremur en aðrir dauðlegir menn í afstöðu sinni til hins liðna og þar spilaði einnig inn í mismunandi samfélagssýn þeirra og hvaða söguspeki þeir aðhylltust. Það drægi ekki úr gildi

<sup>206</sup> Björn Þorsteinsson. „Ritfregnir.“ 240.

<sup>207</sup> „„Vitneskjan um að ekki er hlustað á okkur er kannski það sem manni þykir verst“,“ 8–9.

sagnfræði sem fræðigreinar. Sagnfræðileg þekking fælist aðallega í því að kunna skil á aðferðum greinarinnar og að geta beitt þeim til að prófa tilgátur um liðna tíð.<sup>208</sup>

Hugmyndir um hlutlægni sagnfræðinnar og hlutleysi sagnfræðinga voru, á miðjum níunda áratugnum, farnar að taka breytingum. Sagnfræðingar sem höfðu efasemdir voru þó yfirleitt sammála um að eftir sem áður þýddi það ekki að slegið yrði af kröfum um fræðileg vinnubrögð. Hversu langt þætti ásættanlegt að sagnfræðingar gengjust við að leggja eigið gildismat til grundvallar niðurstöðum sínum átti hins vegar eftir að verða umræðuefni næstu árin bæði meðal sagnfræðinga og almennra áhugamanna um sögu. Á tíunda áratugnum var þetta meðal annars rætt á síðum fræðitímarita. Gunnar Karlsson skrifaði til dæmis árið 1990 að sagnfræðin væri ekki fær um að ná fram sannleika nema á mjög lágu alhæfingarstigi en eftir sem áður væri sagnfræði án nokkurrar sannleikskröfu skáldskapur. Helsti vandi sagnfræðinnar væri sá að innan greinarinnar hefði ekki verið viðurkenndur neinn fræðilegur mælikvarði nema sá sem gilt hefði í raunvísindum. Gunnar sagði afleiðingarnar hafa orðið þær að sagnfræði hefði að mestu leyti snúist um að fara rétt með staðreyndir og í kjölfarið hafi greinin einangrast frá þjóðfélaginu.<sup>209</sup> Þorsteinn Siglaugsson, heimspekingur vildi halda sig við hina hefðbundnu sýn og sagði sagnfræði eingöngu eiga að hafa það hlutverk að leita sannleikans um fortíðina.<sup>210</sup> Már Jónsson, sagnfræðingur, taldi að leit að sannleikanum ætti ekki að ráða ferðinni í störfum sagnfræðinga, fremur áhugi þeirra og forvitni.<sup>211</sup> Gagnrýnin umræða um hinn fræðilega grunn sagnfræðinnar var greinilega komin af stað og þó sýnu seinna en meðal sagnfræðinga í nágrannalöndunum og víðar um heiminn því trúin á heildrænar, vísindalegar útskýringar á sögulegum breytingum sætti þar oft á tíðum harðri gagnrýni. Georg Iggers segir að engin róttæk skil hafi orðið við þær breytingar en inntakið og aðferðirnar breyttust þegar straumurinn lá æ meir frá formgerðum og ferlum til menningar og reynslu venjulegs fólks. Aðferðir félagssögunnar voru þó enn nýttar.<sup>212</sup>

Upp úr aldamótum komst aukinn kraftur í umræður meðal sagnfræðinga hér á landi um stöðu greinarinnar og fór nú verulega að gæta áhrifa póstmódernískrar gagnrýni.

<sup>208</sup> Loftur Guttormsson, „Íslandssaga í grunnskólum,“ 12.

<sup>209</sup> Gunnar Karlsson, „Að læra af sögunni,“ 176–178.

<sup>210</sup> Þorsteinn Siglaugsson, „Á sagnfræðin að þjóna þjóðfélaginu,“ 192–193.

<sup>211</sup> Már Jónsson, „Sannleikar sagnfræðinnar,“ 449.

<sup>212</sup> Iggers. *Sagnfræði á 20. öld*, 113–116.

Urðu allharðar deilur milli sagnfræðinga um sannleikskröfuna og blönduðust ólíkar skoðanir um heildarsögu (e. macrohistory) og einsögu (e. microhistory) mjög inn í umræðuna. Sigurður Gylfi Magnússon fór fremstur í flokki gagnrýnenda og skrifaði meðal annars tvær greinar í *Skírni* árin 2002–2003 þar sem hann velti þessum spurningum fyrir sér.<sup>213</sup> Sigurður Gylfi gerði ýmsar athugasemdir við fræðilegar áherslur í íslenskri sagnfræði og taldi að meðal sumra kennara í sagnfræði við Háskóla Íslands væri ekki gefinn nægilega mikill gaumur að spurningum um grundvöll fræðigreinarinnar og hvers hún væri megnug. Sigurður Gylfi taldi einnig að kennararnir væru ekki í nægilega miklum tengslum við það sem væri að gerast í sagnfræðideildum háskóla í öðrum löndum.<sup>214</sup>

Þessi skrif Sigurðar Gylfa komu af stað þó nokkrum umræðum meðal sagnfræðinga. Loftur Guttormsson sagðist ekki vera sammála Sigurði Gylfa um að íslensk sagnfræði væri föst í viðjum úreltra nálgana.<sup>215</sup> Hann andmælti hugmyndum Sigurðar Gylfa um að mögulegt væri að iðka sagnfræði án allra kenninga um til dæmis eðli manns og samfélags, hreyfiöfl sögunnar og um einkenni ákveðinna tímabila og eðli sögulegrar þekkingar.<sup>216</sup> Gunnar Karlsson mótmælti því að kennarar í sagnfræði við Háskóla Íslands létu fræðilega umræðu framhjá sér fara.<sup>217</sup> Meðal þess sem Sigurður Gylfi gagnrýndi í fræðilegum áherslum íslenskrar sagnfræði, innan sem utan Háskóla Íslands, var að einblínt væri á gerð yfirlitsrita. Í tilefni af því var efnt til málstofu um kosti og galla yfirlitsrita. Í málstofunni var rætt um meðal annars einsöguna og gildi póstmódernismans fyrir sagnfræði og sýndist sitt hverjum. Þátt tóku sagnfræðingarnir Erla Hulda Halldórsdóttir, Guðmundur Jónsson, Halldór Bjarnason, Helgi Þorláksson, Lára Magnúsardóttir og Ólafur Rastrick og voru erindi þeirra í málstofunni birt í fyrra tölublaði *Sögu* árið 2004.

Umræðu um sagnfræðina var þó alls ekki lokið og nokkur efni á Íslenska söguþinginu 2006 fjölluðu um sannleika í sagnfræði og hvort heildarsaga í sagnfræði væri tálsýn. Í erindi sínu á þinginu vitnaði Guðni Th. Jóhannesson meðal annars í bresku fræðikonuna Liz Stanley sem flutt hafði erindi í upphafi þingsins um tengsl

<sup>213</sup> Sigurður Gylfi Magnússon, „Fanggæsla vanans,“ 371–400. „Að stíga tvísvar í sama strauminn,“ 127–158.

<sup>214</sup> Sigurður Gylfi Magnússon, „Aðferð í uppnámi.“ 27–49.

<sup>215</sup> Loftur Guttormsson, „Eftirmáli við orðaskipti,“ 386–387.

<sup>216</sup> Loftur Guttormsson, „Smátt og stórt í sagnfræði,“ 466–467.

<sup>217</sup> Gunnar Karlsson, „Ég iðrast einskis,“ 127–151.

staðreynda og túlkunar í sagnfræðirannsóknum. Guðni sagði Stanley hafa gert sér grein fyrir að frásagnir fólks hafi verið byggðar á einstaklingsbundinni skynjun og að margt hafi gerst sem ekki sé hægt að segja frá síðar en að aðrar staðreyndir lifðu, óhrekjanlegar og óumdeilanlegar.<sup>218</sup> Í sínu erindi á þinginu sagði Gísli Gunnarsson nauðsynlegt að styðja við réttmætar alhæfingar um samfélagið og hafa yrði í huga að ný sannindi og ný hugsun gerðu slíkar alhæfingar síbreytilegar. Sögu og samfélag bæri að skoða í samhengi allra tiltækra þátta.<sup>219</sup> Umræðum um þessi efni var enn ekki lokið og héldu áfram meðal annars á síðum fræðitímarita. Í grein í *Ritinu* árið 2008 ræddi Guðmundur Jónsson þróun hlutlægnishugtaksins í sagnfræði. Hann komst að þeirri niðurstöðu að best væri fyrir sagnfræðina að gengist yrði við huglægni fræðimanna án þess að kasta hlutlægnishugtakinu fyrir róða.<sup>220</sup>

Svipaðar umræður höfðu átt sér stað víða í Evrópu og Ameríku á undanförunum áratugum. Í Danmörku voru sagnfræðingar á síðasta áratug tuttugustu aldar eins og starfssystkini þeirra hérlendis að rýna í grundvöll sagnfræðinnar. Ekki tóku margir sagnfræðingar þátt í þessari umræðu og varð þó nokkur gjá milli þeirra og sagnfræðinga sem létu sig þessi mál varða.<sup>221</sup> Íslenskir sagnfræðingar hafa síðan tekið mismikinn þátt í umræðum af þessu tagi og að því leyti voru þeir á sömu braut og dönsk starfssystkini sín. Smám saman hjöðnuðu þessar deilur en ljóst er að póstmóðernisminn átti mikinn þátt í að hrista upp í viðteknum hugmyndum um hlutlægni og sannleika í sagnfræði og víkka svið söguspekinnar. Sagnfræðingar víðast hvar í heiminum eru orðnir meðvitaðri um eigin huglægni.

Það eru þó ekki eingöngu efasemdir um hlutlægni sem hafa sett mark sitt á íslenska sagnfræði það sem af er þessari öld. Ný viðfangsefni og nálganir hafa reglulega skotið upp kollinum og oft borist hingað erlendis frá. Til að öðlast fyllri mynd af helstu rannsóknaráherslum íslenskra sagnfræðinga, innan sem utan Háskóla Íslands, og þá strauma sem hafa einkennt þær, það sem af er þessari öld, er hægt að nýta hinar ýmsu samantektir um sagnfræðilegar rannsóknir, til dæmis ársskýrslur Sagnfræðistofnunar, skoða áherslur í útgáfuritum stofnunarinnar og rýna í hvaða viðfangsefni hafa verið tekin fyrir á Íslenska söguþinginu. Eins og áður er getið fólst nýsköpun í sagnfræði á

<sup>218</sup> Guðni Th. Jóhannesson. „Símahleranir á Íslandi og öryggi ríkisins í kalda stríðinu,“ 445.

<sup>219</sup> Gísli Gunnarsson, „Við þurfum heildrænar sögurannsóknir sem byggja á rökhyggju,“ 476–490.

<sup>220</sup> Guðmundur Jónsson, „Sagan og sannleikurinn.“ 128.

<sup>221</sup> Jensen, „In the Footsteps of a Father,“ 290–301.

fyrstu árum þessarar aldar meðal annars í því að sígild rannsóknarefni voru skoðuð út frá fjölbreyttari sjónarhornum. Þetta átti meðal annars við um stjórnmalasögu sem hafði lengstum snúist aðallega um að rannsaka æðstu valdhafa. Valur Ingimundarson benti á í grein árið 2004 að í stjórnmalasögu væri í auknum mæli farið að tvinnna saman þróun alþjóðastjórnmalá og samfélagsmalá innanlands. Meginforsendan væri sú að efla tengslin milli stjórnmalá-, félags- og menningarsögu.<sup>222</sup> Þessi þróun hefur haldið áfram í stjórnmalasögu hér á landi og rannsóknir hafa færst í átt frá stjórnmalalegum og efnahagslegum skýringum til félagslegra og menningarlegra þátta.<sup>223</sup> Þetta kom til dæmis vel fram í málstofu á Íslenska söguþinginu 2012 sem fjallaði um menningarsögu stjórnmalá. Í erindi sínu leit Ragnheiður Kristjánsdóttir til rannsóknarnálgunar þessa nýja kima sagnfræðinnar og Valur Ingimundarson fjallaði, meðal annars, um stjórnmal minninga.<sup>224</sup>

Útvíkkun viðfangsefna og sjónarhorna hefur átt sér stað á fleiri sviðum sagnfræðinnar bæði innan og utan Háskóla Íslands. Í bókum Þorleifs Friðrikssonar sagnfræðings um sögu verkalýðsfélagsins Dagsbrúnar, sem komu út á vegum Sagnfræðistofnunar 2007 og 2012, koma til dæmis fram nýjar rannsóknaráherslur. Sigurður Gylfi Magnússon sagði í ritdómi að Þorleifi hefði í báðum bókunum tekist að færa áherslur sagnaritunar um verkalýðinn frá pólitískri baráttusögu forystu verkalýðsfélaga yfir í hversdagssögu.<sup>225</sup> Þannig stuðlaði Þorleifur að því að auka menningarsögulegar áherslur í verkalýðssögu sem hafði áður verið mest megnis tengd félagssögu.

Þeirri skoðun hefur vaxið ásmegin á síðari árum að sagnfræðinni væri beinlínis ekkert óviðkomandi. Félagar í Sagnfræðistofnun eru þar ekki undanskildir. Fastir kennarar í sagnfræði hafa allir sitt skilgreinda sérsvið en á síðustu tveimur áratugum hafa áherslur af því tagi sem hér hefur verið lýst, með sveigjanlegri mörkum fræðasviða, orðið algengari í rannsóknum þeirra. Hér er ekki rými til að gera grein fyrir rannsóknum hvers einasta kennara og öllum rannsóknarefnum þeirra síðustu tuttugu ár en með skoðun á á rannsóknum þeirra eins og þær birtast til dæmis í ársskýrslum Sagnfræðistofnunar og eða vefsíðum kennara má sjá vísi að ákveðnum meginlínium.

<sup>222</sup> Valur Ingimundarson, „Kalda stríðið,“ 403–404.

<sup>223</sup> Ragnheiður Kristjánsdóttir, „Political history in Iceland,“ 110.

<sup>224</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K12. 4. íslenska söguþingið 7–10. júní 2012. Dagskrárrit.

<sup>225</sup> Sigurður Gylfi Magnússon, „Ritdómar,“ 165–171.

Tekin verða dæmi af rannsóknum kennara sem eru starfandi við Háskólann eða hafa látið af störfum fyrir aldurs sakir á þessari öld.

Svið miðaldasögu hefur einkum verið rannsakað af Sveinbirni Rafnssyni, Gunnari Karlssyni, Sverri Jakobssyni og Viðari Pálssyni. Sveinbjörn hefur til dæmis unnið talsvert að rannsóknum á fornri sagnaritun og lögum.<sup>226</sup> Auk þess að skrifa kennslubækur um miðaldasögu gaf Gunnar Karlsson sig talsvert að nýjum straumum menningarsögunnar á síðari árum ferils síns og sendi til að mynda frá sér árið 2013 bók um rómantískar tilfinningar Íslendinga á miðöldum.<sup>227</sup> Í dag eru Sverrir og Viðar fastir kennarar á fræðasviði miðaldasögu. Rannsóknaráherslur þeirra hafa síðustu ár einkum beinst að hugmyndasögu, valdasögu, réttarsögu, sagnaritun og alþjóðlegu samhengi íslenskrar miðaldamenningar.<sup>228</sup>

Saga árnýaldar hefur verið sérsvið Más Jónssonar og Önnu Agnarsdóttur. Már hefur rannsakað meðal annars textafræði handrita, siðferði, samskipti kynjanna og á síðari árum hefur hann í auknum mæli snúið sér að lífskjörum fólks með ítarlegum rannsóknum á dánarbúum.<sup>229</sup> Meðal rannsóknarefna Önnu hafa verið meðal annars samskipti milli þjóða, siglingar og landkannanir, aðallega á Norður-Atlantshafi. Hún hefur einnig talsvert rannsakað ævi og störf Joseph Banks.<sup>230</sup> Það er ágætt dæmi um að þótt áhersla á persónusögu hafi minnkað frá upphafsárum Sagnfræðistofnunar þá hefur hún alltaf verið hluti af sagnfræðilegum rannsóknum hér á landi.

Rannsóknir Önnu á milliríkjasamskiptum á árnýöld má að hluta flokka undir fræðasvið stjórnmalasögu. Annar fyrrum kennari hefur í rannsóknum sínum aðallega fengist við stjórnmalasögu. Þór Whitehead hefur einbeitt sér helst að rannsóknum á milliríkjasamskiptum með sérstakri áherslu á ár seinni heimsstyrjaldarinnar.<sup>231</sup> Gunnar Karlsson rannsakaði á sínum ferli sögu stjórnmalá allt frá miðöldum til nítjándu aldar. Af núverandi kennurum hafa einna helst Valur Ingimundarson, Ragnheiður Kristjánsdóttir og Guðmundur Hálfðanarson rannsakað stjórnmalasögu. Valur hefur meðal annars rannsakað stjórnmalá- og hugmyndastefnur, tengsl sögu og minnis, utanríkismál og alþjóðasamskipti, hermál og sögu Norðurslóða. Ragnheiður hefur

<sup>226</sup> „Ársskýrslur.“

<sup>227</sup> Gunnar Karlsson. *Ástarsaga Íslendinga að fornu*.

<sup>228</sup> „Rannsóknir.“

<sup>229</sup> „Hvaða rannsóknir hefur Már Jónsson stundað?“

<sup>230</sup> „Ársskýrslur.“

<sup>231</sup> „Ársskýrslur.“

rannsakað pólitískar og félagslegar hreyfingar, lýðræði og þingræði og kyn og vald. Guðmundur hefur á sviði stjórn mála rannsakað einna helst þjóðernisstefnu og þjóðernisvitund og tengsl menningar, valds og sjálfsmynda. Rósa Magnúsdóttir hefur nýlega bæst í kennarahópinn en hún hefur til dæmis talsvert rannsakað menningarsögu stjórn mála.<sup>232</sup> Þau hafa öll rannsakað stjórn mála að hluta til út frá menningarsögulegum áherslum sem bendir til að mörk fræðasviða séu orðin sveigjanlegri en áður var.

Á sviði félags- og hagsögu hafa það aðallega verið Gísli Gunnarsson, Guðmundur Jónsson og Helgi Þorláksson sem haldið hafa um taumana. Gísli rannsakaði á sínum ferli einna helst utanríkisverslun á sautjándu og átjándu öld en einnig eignaskiptingu, umhverfissögu og hugmyndasögu.<sup>233</sup> Guðmundur hefur meðal annars rannsakað sögu velferðarsamfélagsins, hagvöxt og hagþróun, utanríkisviðskipti og landbúnaðarsamfélag fyrri tímað en einnig hefur hann rannsakað sögu neyslu.<sup>234</sup> Rannsóknir Helga hafa einkum snúið að tímaskeiði miðalda og má flokka þær því líka til miðaldasögu. Hann hefur til að mynda rannsakað fæðardeilur, millilandaverslun á miðöldum; áðurnefnd rannsókn á Reykholti sem hann kom að snerist meðal annars um áhrif búsetu á landslag.<sup>235</sup>

Eins og sjá má hafa margir kennarar haft nokkur fræðasvið undir í rannsóknum sínum. Menningarsaga hefur haft sín áhrif á rannsóknir flestra þeirra en þeir kennarar sem hafa aðallega einbeitt sér að menningarsögulegum rannsóknum eru Ingi Sigurðsson og Sigurður Gylfi Magnússon. Sérsvið Inga er hugmyndasaga og þá einkum fjölþjóðleg áhrif hugmynda. Aftur á móti hefur Sigurður Gylfi einkum rannsakað menningu í smærra samhengi til dæmis í almennu hversdagslífi og innan jaðarsettra hópa. Einsagan er einnig hans sérsvið og hefur hann umsjón með starfi Miðstöðvar einsögulegra rannsókna sem tilheyrir Sagnfræðistofnun.<sup>236</sup> Eftir að Sumarliði Ísleifsson kom til starfa við Háskóla Íslands hefur hann einkum rannsakað hugmyndasöguleg efni og þá ekki síst sögu viðhorfa til Íslands og Grænlands yfir tæplega 1000 ára tímabil.

Kvenna- og kynjasagan öðlaðist fastan sess meðal kennara í sagnfræði á þessari öld. Ragnheiður Kristjánsdóttir hefur meðal annars rannsakað stjórn mála út frá sjónarhorni

<sup>232</sup> „Rannsóknir.“

<sup>233</sup> „Bibliógrafa.“

<sup>234</sup> „Rannsóknir.“

<sup>235</sup> „Ársskýrslur.“

<sup>236</sup> „Ársskýrslur.“



kvenna- og kynjasögu og sama á við Erlu Huldu Halldórsdóttur. Meðal rannsóknarefna þeirra eru völd og áhrif kvenna auk samspils kyngervis og þjóðernis, menntunar og stjórn mála. Það sem einkennir kvenna- og kynjasöguna einna helst er að hún teygir sig inn á öll svið sagnfræðinnar.<sup>237</sup> Aukið flæði milli undirgreina sagnfræðinnar hefur þar af leiðandi eflaust stuðlað enn frekar að framgangi kvenna- og kynjasögu

Einna vandasamast er að segja frá sérsviði Gunnars Karlssonar enda var hann fjölfræðingur sem varði talsverðum hluta starfsferils síns í að skrifa yfirlitssögu bæði í miðalda- og nýaldarsögu. Saga nítjándu aldar var það tímaskeið sem hann rannsakaði einna mest en hann lagði líka mikið af mörkum til miðaldasögu. Í upphafi ferilsins rannsakaði hann einkum stjórn málasögu en síðar fór áhugi hans vaxandi á hagsögu svo og nýjum straumum úr ranni menningarsögunnar með til dæmis rannsóknum sínum á sögu tilfinninga. Sérstaða Gunnars meðal kennara í sagnfræði var einnig sú að talsverður hluti starfa hans snerist um gerð kennslubóka í sögu fyrir neðri skólastig. Gunnar var sá síðasti úr hópi kennara sem starfandi voru á áttunda áratugnum og segja má að störf hans hafi að hluta til mótast af arfleidd þessa tíma en þá einbeittu kennarar sér síður að ákveðnum sérsviðum. Flestir þeirra höfðu sérþekkingu á ákveðnum tímaskeiðum og kennslu var hagað eftir því en sérhæfingin var ekki gengin eins langt og síðar varð svo að rannsóknasvið kennara voru oft nokkuð víðfem og í sumum tilfellum vandasamt að skilgreina þau. Af kennurum sem voru við störf um 1970 er Ólafur Hansson gott dæmi um þetta og Gunnar Karlsson var af þeirri kynslóð sem tók við keflinu af Ólafi og samtíðarmönnum hans.

Aðferðir munnlegrar sögu voru lengi framan af lítið notaðar í háskólasagnfræði. Þó stóð Sagnfræðistofnun fyrir söfnun munnlegra heimilda á árunum 1974–1975 en ekki varð framhald á því. Jón Guðnason prófessor skrifaði einna fyrstur íslenskra sagnfræðinga um efni og aðferðir í munnlegri sögu í tímaritið *Sögu* 1989 en hann hafði notað munnlegar heimildir í sumum bóka sinna. Jón gerði grein fyrir hinum fræðilega grunni að notkun munnlegra heimilda, og skoðaði einnig vinnulag við söfnun þeirra og hvernig unnið skyldi úr þeim.<sup>238</sup> Frekari fótum var skotið undir munnlegar heimildir árið 2003 með grein Guðna Th. Jóhannessonar þar sem hann tók meðal annars fyrir munnlega sögu sem var vaxandi fræðasvið í sagnfræði erlendis.<sup>239</sup> Árið 2004 óskaði

<sup>237</sup> Sama heimild.

<sup>238</sup> Jón Guðnason, „Um munnlegar heimildir,“ 7–28.

<sup>239</sup> Guðni Th. Jóhannesson, „Þorskastríð í sjónvarpi,“ 190–191.

Guðmundur Jónsson eftir því að Sagnfræðistofnun kannaði möguleika á að stofna „setur um söfnun og varðveislu munnlegra heimilda“ í samvinnu við aðra aðila og taldi hann slíkt setur falla vel að markmiðum stofnunarinnar.<sup>240</sup> Á það var fallist og var Miðstöð munnlegrar sögu stofnuð í ársbyrjun 2007 í samstarfi Landsbókasafns-Háskólabókasafns, Sagnfræðistofnunar, Rannsóknarstofu í kvenna- og kynjafræðum og Kennaraháskólans. Stóð miðstöðin að söfnun og varðveislu munnlegra heimilda og eflingu munnlegrar sögu almennt sem aðferðar innan sagnfræði.<sup>241</sup> Árið 2013 færðist miðstöðin alfarið undir Landsbókasafn en Sagnfræðistofnun átti áfram fulltrúa í fagráði hennar.

Eins og áður hefur komið fram óx áhugi á miðlun sögu undir lok tuttugustu aldar og varð Eggert Þór Bernharðsson þar fremstur í flokki. Eggert hafði verið stundakennari um langt skeið en árið 2006 hafði hann frumkvæði að því að hagnýt menningarmiðlun var stofnuð sem námsbraut innan sagnfræðiskorar og var hann ráðinn lektor og síðan dósent við hana. Eggert byggði þetta nám upp og naut það strax vinsælda. Auk kennslunnar fékkst Eggert Þór við rannsóknir á Sögu Reykjavíkur og þéttbýlisþróunar og stjórn mála- og menningarsögu samtímans. Nokkru eftir fráfall Eggerts Þórs í árslok 2014 varð Sumarliði Ísleifsson lektor í hagnýtri menningarmiðlun.

Hér hafa verið dregnir upp stórir drættir í þróun rannsókna kennara í sagnfræði það sem af er þessari öld. Eins og sjá má hafa orðið miklar hræringar í sagnfræðinni enda er henni ekkert sögulegt viðfangsefni óviðkomandi. Síðan doktorsnám í sagnfræði var tekið upp hefur fjölbreytni sagnfræðirannsókna við Háskóla Íslands aukist enn meira. Sum fræðasvið sagnfræðinnar hafa raunar fyrst verið rannsökuð innan Háskólans af doktorsnemum. Kynjasagan er ágætt dæmi um slíkt fræðasvið en hún fékk einnig rými á söguþinginu og í útgáfuritum. Á söguþinginu 2002 var til dæmis málstofa um kynjasögu og þar kom fram að íslensk sagnfræði stæði enn talsvert að baki sagnfræði í nágrannalöndunum að því er varðaði útbreiðslu og notkun á kynjasögulegum aðferðum.<sup>242</sup> Kynjasagan öðlaðist enn tryggari sess innan háskólans með doktorsritgerðum Sigríðar Matthíasdóttur og Erlu Huldu Halldórsdóttur og loks með

<sup>240</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K8. Guðmundur Jónsson til Gunnars Karlssonar, forstöðumanns Sagnfræðistofnunar, 18. ág 2004.

<sup>241</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K19. Samstarfssamningur Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns, Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands, Rannsóknarstofu í kvenna- og kynjafræðum og Kennaraháskóla Íslands um Miðstöð munnlegrar sögu.

<sup>242</sup> 2. *Íslenska söguþingið 30. maí–2. júní 2002*, 11–17.

ráðningu þeirrar síðarnefndu. Íslenska sögufingið hefur þannig getað nýst til að veita rannsóknarefnum sem hafa ekki hlotið fastan sess í sagnfræðilegum rannsóknum innan Háskóla Íslands frekari vettvang. Kynjasagan er gott dæmi um fræðasvið sem sagnfræðingar í Háskólanum sinntu lítið en var meira stunduð utan hans.

Svipaða sögu má segja um rannsóknir á samkynhneigðu fólki. Sagnfræðingar á Norðurlöndum voru á undan íslenskum starfssystkinum að taka hana til rannsóknar t.d. í Danmörku þar sem hinsegin saga var komin til sögu þegar á níunda áratug tuttugustu aldar.<sup>243</sup> Í landskerfi bókasafna, leitir.is, er elsta íslenska sagnfræðiritið um sögu samkynhneigðra grein eftir Þorgerði H. Þorvaldsdóttur sagnfræðing frá 2007.<sup>244</sup> Þorgerður starfaði utan Háskóla Íslands en af föstum kennurum í sagnfræði verður ekki betur séð en að Gunnar Karlsson hafi fyrstur rannsakað sögu samkynhneigðar en hún kemur til tals í fyrirnefndri bók hans um ástir Íslendinga til forna frá 2013.<sup>245</sup> Íslenskir fræðimenn á sviði félagsvísinda og guðfræði voru á undan sagnfræðingum að birta skrif sem tengdust málefnum og stöðu samkynhneigðra, sem skýrist væntanlega af því að þá var umræða um tilverurétt þeirra sem mest í deiglu samtímans. Það er fyrst á síðustu árum sem að saga samkynhneigðra og annarra hópa sem í daglegu tali eru skilgreindir sem hinsegin fólk hefur öðlast fastan sess í íslenskri sagnfræði.<sup>246</sup> Sagnfræðingarnir Íris Ellenberger, dósent á Menntavísindasviði Háskóla Íslands, og Hafdís Erla Hafsteinsdóttir, doktorsnemi, hafa verið framarlega í rannsóknum á þessu fræðasviði. Þær voru meðal ritstjóra fyrsta íslenska fræðiritisins á sviði hinsegin sögu sem kom út 2017.<sup>247</sup>

Annað fræðasvið sem vaxandi hefur verið innan sagnfræðinnar er umhverfissaga sem snýr að rannsóknum á sögu tengsla manna og náttúru. Kennarar í sagnfræði, t.d. Gunnar Karlsson, Helgi Þorláksson, hafa látið sig umhverfissögu í ýmsum myndum varða en ekki síður fræðimenn utan Háskólans, meðal annars Árni Daníel Júlíusson og Unnur Birna Karlsdóttir.<sup>248</sup> Árni Daníel hefur verið stundakennari og gestafræðimaður við

<sup>243</sup> Lützen. *Hvad hjertet begærer*.

<sup>244</sup> Þorgerður Hrönn Þorvaldsdóttir, „Iceland 1869–1892.“

<sup>245</sup> Gunnar Karlsson. *Ástarsaga Íslendinga að fornu*.

<sup>246</sup> „Hinsegin sagnfræði og saga kynverundar.“

<sup>247</sup> Ásta Kristín Benediktsdóttir, Hafdís Erla Hafsteinsdóttir og Íris Ellenberger ritstj., *Svo veistu að þú varst ekki hér*.

<sup>248</sup> Óðinn Melsteð, „Umhverfi og sagnfræði,“ 145–151.

Sagnfræðistofnun og þar með félagi í stofnuninni.<sup>249</sup> Unnur starfar sem forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskólans á Austurlandi en doktorsritgerð hennar við skólann var á sviði umhverfissögu.<sup>250</sup> Árið 2018 kom út á vegum Sagnfræðistofnunar bók Árna Daniels, *Af hverju strái*, sem telja má að nokkru leyti til sagnfræðiverks undir merkjum umhverfissögu.<sup>251</sup>

Heilbrigðissaga er einnig dæmi um fræðasvið sem fremur hefur verið ræktað og eflt af sagnfræðingar utan Háskólans en innan.<sup>252</sup> Hún kom til umfjöllunar á Íslenska söguþinginu 2002 og þar kom fram að heilbrigðissaga hefði náð töluverðum vinsældum erlendis síðustu áratugi en væri nú fyrst að nema land á Íslandi.<sup>253</sup> Skrif íslenskra sagnfræðinga um heilbrigðissögu hafa verið einna umfangsmest af hálfu Jóns Ólafs Ísberg og Erlu Dórisar Halldórsdóttur. Jón hefur skrifað bækur um efnið auk fjölda fræðigreina.<sup>254</sup> Hann hefur haldið erindi um rannsóknarefni sín bæði á Íslenska söguþinginu og Norræna sagnfræðingapinginu og hefur því fengið þar vettvang fyrir rannsóknir sínar á vegum Sagnfræðistofnunar. Erla Dóris hefur einnig skrifað greinar og bækur á sviði heilbrigðissögu og einnig doktorsritgerð sína við Háskóla Íslands.<sup>255</sup> Heilbrigðissaga er því dæmi um fræðasvið sagnfræðinnar sem hefur komið við sögu Sagnfræðistofnunar aðallega með erindum á þingum og doktorsritgerðum en verið síður hluti af rannsóknastarfi kennara.

Ein stærsta breyting sem orðið hefur á störfum fasta kennara í sagnfræði við Háskóla Íslands og annarra íslenskra sagnfræðinga frá upphafsárum Sagnfræðistofnunar er að samstarf við erlend starfssystkini er orðinn sjálfsagður hluti af starfi þeirra. Framan af byggðu tengsl við erlenda sagnfræðinga einkum á þátttöku á sagnfræðingapingum, aðallega norrænum. Á níunda áratugnum setti Sagnfræðistofnun ásamt öðrum á laggirnar Landsnefnd íslenskra sagnfræðinga sem tók að sér skipulagningu stærri alþjóðlegra ráðstefna. Þeim Íslendingum sem stunduðu sagnfræðinám erlendis fór fjölgandi og styrkti það tengsl við erlend starfssystkini. Loftur Guttormsson skýrði– þá

<sup>249</sup> „Starfsfólk.“

<sup>250</sup> *Lbs-Hbs*. Unnur Birna Karlsdóttir, „Náttúrusýn og nýting fallvatna.“

<sup>251</sup> Árni Daniel Júlíusson, *Af hverju strái*.

<sup>252</sup> Sjá þó Guðmundur Hálfðanarson, „Mannfall í Móðuharðindum,“ í Gísli Ág. Gunnlaugsson, ritstj., *Skafaráreldar 1783–1784. Ritgerðir og heimildir* (Reykjavík: Mál og menning, 1984), 139–162. Gunnar Karlsson og Helgi Skúli Kjartansson, „Plágurnar miklu á Íslandi.“ *Saga* 32 (1994), 11–74.

<sup>253</sup> Erlingur Hansson og Margrét Guðmundsdóttir, „2. íslenska söguþingið,“ 29.

<sup>254</sup> Sjá t.d. Jón Ólafur Ísberg, *Líf og lækningar*.

<sup>255</sup> Erla Dóris Halldórsdóttir, „Fræðingarhjálp á Íslandi 1760–1880.“

miklu fjölbreytni sem einkenndi íslenska sagnfræði með því að sagnfræðingar hefðu stundað nám sitt svo víða um lönd að engin ein fræðileg nálgun væri ráðandi.<sup>256</sup>

Í ársskýrslum Sagnfræðistofnunar síðustu tuttugu árin má sjá fjölmörg dæmi um erlent samstarf sagnfræðikennara. Helst hefur verið um að ræða samstarf um rannsóknir og útgáfu safnrita. Sömuleiðis hafa sumir kennarar staðið fyrir alþjóðlegum ráðstefnum hér á landi og þá í sumum tilfellum án formlegrar aðkomu Sagnfræðistofnunar. Það er orðinn hluti af starfi kennara í sagnfræði að birta niðurstöður rannsókna á erlendum málum til dæmis í fræðitímaritum og er enskan þar einna fyrirferðarmest en þar hefur áður nefnt vinnumatskerfi haft nokkuð að segja. Sagnfræði hér á landi er eins og flestar aðrar fræðigreinar á háskólastigi hluti af fræðaheimi sem orðið hefur sífellt hnattvæddari eftir því sem liðið hefur á þessa öld.

Nokkur dæmi skulu nefnd um erlent samstarf kennara. Árið 2003 var Guðmundur Hálfðanarson einn af þremur höfundum rits um sögu Evrópu frá 1800–2000 sem kom út á vegum Hróarskelduháskóla. Árið 2007 varð Guðmundur Hálfðanarson annar stjórnenda evrópsks rannsóknarnets, CLIOHRES, sem styrkt var af 6. rammaáætlun ESB á árunum 2005–2010. Hann tók einnig þátt í evrópsku rannsóknarverkefni um ritun þjóðarsögu í Evrópu og samvinnuverkefni danskra, færeyskra, grænlenkra og íslenskra fræðimanna um sögulegt samband Danmerkur við eyjarnar í Norður-Atlantshafi. Guðmundur Jónsson tók þátt í norrænu samstarfi um sögu velferðarríkisins 1999–2006 og síðan norræna öndvegissetrinu *The Nordic Welfare State – Historical Foundations and Future Challenges* 2007–2013.<sup>257</sup> Hann tók einnig þátt í norrænu rannsóknarverkefni um sögulega þjóðhagsreikninga 1994–2004.<sup>258</sup>

Valur Ingimundarson var þátttakandi í Nordic Network of Cold War Researchers 2008–2012, í öndvegisverkefninu ReNEW (Reimagining Norden in an Evolving World) síðan 2018 og verið í rannsóknasamstarfi við LSE IDEAS síðan 2021. Á árunum 2011–2013 vann Anna Agnarsdóttir að riti um bréf og dagbækur Joseph Banks og var meðal ritstjóra fræðilegrar útgáfu um siglingar Englendinga á sautjándu öld. Á þessu árabili skrifaði Ragnheiður Kristjánsdóttir bók um sögu Íslands á ensku og Sverrir Jakobsson birti greinar í erlendum tímaritum tengdar rannsóknum hans á viðfangsefnum eins og til

<sup>256</sup> Loftur Guttormsson. „Nogle træk af historieforskningen i Island 1990–1996,“ 91–93.

<sup>257</sup> Sjá t.d. *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K6. Starfsskýrsla um árið 2007 lögð fram á ársfundi 15. febrúar 2008.

<sup>258</sup> *HÍ*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K6. Sagnfræðistofnun-rannsóknir starfsliðs-2003.

dæmis rými, valdi og orðræðu í íslensku miðaldasamfélagi.<sup>259</sup> Síðan þá hafa kennarar í sagnfræði haldið áfram að skrifa um rannsóknir sínar á ensku og öðrum erlendum málum. Segja má að staðfesting hafi fengist á því að rannsóknir íslenskra sagnfræðinga á íslenskri sögu séu orðnar hluti af hinum alþjóðlega fræðaheimi með sérhefti franska sagnfræðitímaritsins *Revue d'Historie Nordique-Nordic Historical Review* 2015 sem var tileinkað íslenskum sagnfræðirannsóknum.<sup>260</sup>

Þegar horft er til baka yfir 50 ára sögu Sagnfræðistofnunar má segja að sá árangur hafi náðst í stórum dráttum sem frumherjarnir vonuðust eftir, að íslensk sagnfræði yrði tengdari sagnfræði í öðrum löndum en ekki einangruð fróðleiksmolasöfnun um íslenska sögu. Með tilkomu Sagnfræðistofnunar komst aukin festa og regla á samskipti við sagnfræðinga í nágrennalöndunum og víðar. Fyrst um sinn var slíkt að mestu bundið við viðburði og annað sem Sagnfræðistofnun átti aðkomu að. Eftir því sem tíminn hefur liðið frá því að Sagnfræðistofnun varð til hafa sagnfræðingar sem starfað hafa bæði innan og utan Háskóla Íslands átt í síauknu samstarfi við starfssystkini erlendis og þá oft upp á eigin spýtur. Alþjóðlegt samstarf íslenskra sagnfræðinga er orðið minna háð Sagnfræðistofnun en það var fyrir hálfri öld en ljóst er að tilkoma hennar hjálpaði til við að stíga fyrstu skrefin við rjúfa þá töluverðu einangrun sem þótti einkenna íslenska sagnfræði. Segja má að Sagnfræðistofnun hafi verið bakhjarl sem opnaði heiminn upp á gátt fyrir íslenska sagnfræði.

---

<sup>259</sup> *HÍ. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands* K5. Ársskýrsla 2011. Ársskýrsla 2012. Ársskýrsla 2013.

<sup>260</sup> *Nordic Historical Review( Revue d'Historie Nordique)* 20 (2015).

## Niðurstöður

Sagnfræðistofnun var formlega stofnuð árið 1971 í kjölfar vakningar hjá háskólamönnum og yfirvöldum menntamála um að rannsóknastofnanir væru forsenda fyrir framþróun rannsókna á háskólastigi. Gagnrýni sagnfræðinga á stöðu sagnfræðinnar og ákall þeirra um átak til að efla hana sem rannsóknagrein hafði einnig áhrif á að áformum um sérstaka rannsóknarstofnun í sagnfræði var hrint í framkvæmd. Þeir sagnfræðingar sem helst tjáðu sig um málið á sjöunda áratugnum, Magnús Már Lárusson og Björn Þorsteinsson, sögðu stefnuleysi einkenna greinina. Hún snerist mest um almenna fróðleiksmola fremur en fræðilega greiningu á sögunni á grunni viðurkenndra vinnubragða. Von þeirra var sú að komið yrði á fót öflugri rannsóknastofnun sem gæti stýrt nauðsynlegri uppbyggingu og fest sagnfræði í sessi sem fullgilda akademíska fræðigrein hér á landi.

Þátttaka íslenskra sagnfræðinga í norrænum rannsóknum á þessum tíma, þar sem þeir kynntust nýjum fræðilegum viðhorfum og rannsóknaraðferðum, þrýsti vafalaust einnig á að sett yrði á fót rannsóknastofnun í íslenskrari sagnfræði. Með Sagnfræðistofnun fengu ný viðhorf og aðferðir, einkum í félagssögu og hagsögu, mikinn byr í rannsóknum við Háskóla Íslands. Sagnfræðingar töldu einnig nauðsynlegt að draga úr einangrun sagnfræðinnar og skoða Íslandssöguna meira í samhengi við sögu Norðurlandanna og heimsins alls. Skref höfðu verið stigin í þessa átt áður, til dæmis með samnorrænni rannsókn á byggðarsögu, en með tilkomu Sagnfræðistofnunar var mögulegt að skjóta tryggari fótum undir alþjóðlegt samstarf. Með aðild stofnunarinnar að samnorrænum rannsóknum, ritaskiptum og reglulegri þátttöku í helstu ráðstefnum sagnfræðinga á Norðurlöndum voru fyrstu skrefin stigin í þá átt að gera samstarf við erlend starfssystkini að sjálfsögðum hluta af starfi íslenskra sagnfræðinga.

Það setti hins vegar alla tíð svip sinn á starfsemi Sagnfræðistofnunar að henni voru aldrei veittir þeir fjármunir sem henni voru nauðsynlegir til að sinna þeim verkefnum af myndugleik sem henni var ætlað samkvæmt reglugerðum. Ýmsar hugmyndir að rannsóknum og útgáfum urðu að sitja á hakanum. Hinn langvarandi fjárskortur olli því að geta stofnunarinnar til að standa að rannsóknum var takmörkuð en útgáfa sagnfræðiritana varð eitt helsta framlag stofnunarinnar til íslenskrar sagnfræði. Saga

Sagnfræðistofnunar fram til loka tuttugustu aldar er saga fjárskorts. Rætt var hvort gera ætti stofnunina að þjónustustofnun en hlutverk hennar færðist meira í átt að því að veita stuðning við rannsóknir kennara og annarra félaga ásamt því að vera vettvangur sagnfræðilegra rannsókna með ráðstefnum, útgáfum eða öðrum leiðum. Þótt fjárhagur og rannsóknainnviðir styrktust til muna um aldamótin með auknum fjárútlátum hins opinbera til rannsókna og tilkomu Hugvísindastofnunar, jók það ekki til muna getu Sagnfræðistofnunar til að fjármagna stór verkefni. Enn eru rannsóknaverkefni þó unninn undir merkjum Sagnfræðistofnunar en megnið af rannsóknum kennara, og doktorsnema eru skipulögð af þeim sjálfum og fjármagn fengið utan stofnunarinnar.

Gríðarlegar breytingar hafa orðið á íslenski sagnfræði á síðustu 50 árum og hefur Sagnfræðistofnun þróað fyrir fjárskortinn átt drjúgan hlut þar að máli. Fyrsta tímabilið í sögu stofnunarinnar, 1971–1983, voru ár uppbyggingar og breytinga. Samþætting kennslu og rannsókna var aukin, betri tengslum komið á við helstu skjalasöfn og rannsóknar- og útgáfuverkefnum sem byggðu á notkun nýstárlegra aðferða og fræðilegra nálgana hrundið af stað. Með þessum áherslum var Sagnfræðistofnun ætlað að stuðla að því að sagnfræði hér á landi yrði að viðurkenndri fræðigrein á háskólastigi í ætt við það sem gerðist í sagnfræðistofnunum norrænna háskóla. Hinar eldri aðferðir og rannsóknarefni hurfu þó alls ekki og hefðbundin viðfangsefni eins og til dæmis stjórnmalasaga voru rannsökuð út frá nýjum sjónarhornum og aukinni sérhæfingu í rannsóknum. Það þótti liður í að færa sagnfræðina frá fróðleiksmolasöfnun í átt að meiri grundvallarrannsóknum á tilteknum viðfangsefnum. Nýjungarnar voru þegar farnar að hafa áhrif áður en Sagnfræðistofnun tók til starfa og heimildir um helstu rannsóknarverkefni Sagnfræðistofnunar á þessum árum gefa til kynna, til dæmis rannsókn á vesturferðum 1870–1914, að vitneskja og hugmyndir um hinar nýju aðferðir og nálganir hafi verið til staðar.

Íslensk sagnfræði var lengi vel nokkuð á eftir sagnfræði á Norðurlöndum hvað varðaði nýjar aðferðir, rannsóknarefni og fræðileg viðhorf. Á níunda áratugnum fór bilið að minnka eftir því sem erlend tengsl styrktust og yngri kennarar komu inn í sagnfræðina, fleiri stúdentar sóttu framhaldsnám erlendis og þátttaka í norrænum ráðstefnum varð fastur liður í starfsemi Sagnfræðistofnunar. Síðan hafa íslenskir sagnfræðingar fylgt nokkuð vel á eftir því sem hefur verið að gerast í sagnfræði á Norðurlöndum en það hefur þó farið eftir rannsóknarefnum.



Íslenskir sagnfræðingar voru einnig nokkuð seinir til að taka þátt í umræðu sem fór af stað um og eftir 1990 í alþjóðlegri sagnfræði og kennd er við póstmódermisma. Á sama tíma jókst áhugi íslenskra sagnfræðinga á að miðla niðurstöðum rannsókna sinna til almennings og var Sagnfræðistofnun nýtt með ýmsum hætti til að efla miðlun, með útgáfum, fyrirlestrum, opnum ráðstefnum og miðlun á internetinu. Sumar hugmyndir að leiðum til miðlunar hafa ekki orðið að veruleika en staðan í dag er sú að kunnátta sagnfræðinga í miðlun rannsókna sinna hefur aukist og miðlun er í dag talinn mikilvægur hluti af sagnfræði.

Eftir að íslensk sagnfræði var komin í betri tengsl við erlendan fræðaheim og aðferðir undir áhrifum félagsvísinda höfðu náð fótfestu upp úr 1980 hefur fjölbreytni sagnfræðirannsókna hér á landi vaxið og ný rannsóknarefni bætast sífellt við. Aðferðir og nálganir menningarsögu héldu innreið sína fljótlega eftir að félagsvísindalega sagnfræðin hafði náð fótfestu og síðan þá hefur ekkert fræðasvið eða rannsóknarnálgun náð algjörum yfirráðum í íslenskri sagnfræði. Sum ný fræðasvið hafa haldið innreið sína fyrir tilstilli kennara í sagnfræði við Háskólann, önnur hafa eflst að mestu utan Háskólans, þótt þau hafi oft notið stuðnings Sagnfræðistofnunar við útgáfu á ritum og ráðstefnuhald. Eftir að doktorsnám í sagnfræði kom til sögunnar hafa doktorsnemar opnað fyrir nýja strauma í rannsóknum og það hafa einnig aðrir fræðimenn sem hafa tengst Sagnfræðistofnun gert. Á síðari árum hafa rannsóknir kennara í sagnfræði orðið enn fjölbreyttari og þótt þeir hafi haldið sig almennt við ákveðið fræðasvið fylgja margir þeirra þróun sem hefur orðið meira einkennandi fyrir greinina, með sveigjanlegri mörkum milli rannsóknarsviða og fræðilegum nálgunum úr mörgum áttum.

Þegar saga Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands er skoðuð stendur það eftir að þrátt fyrir erfiðleika á fyrstu áratugunum hefur stofnunin alltaf haft talsverð áhrif á íslenska sagnfræði. Í ljósi allra þessara margbreytilegu þátta, sem reifaðir hafa verið í þessari ritgerð, er niðurstaðan sú að Sagnfræðistofnun sem slík hefur nýst til að leggja grunn að nýjungum í íslenskri sagnfræði og rjúfa einangrun hennar. Félagar í stofnuninni hafa haldið þessu áfram og bætt enn frekar við með hverju árinu. Að lokum má segja að Sagnfræðistofnun hafi nýst íslenskri sagnfræði á þann hátt að undir hennar merkjum hafa verið skapaðar leiðir til að flest það sem íslenskir sagnfræðingar hafa látið sig varða fái sitt rými.

## Heimildaskrá

### Útgefnar heimildir

2. *Íslenska söguþingið 30. maí–2. júní 2002. Dagskrárrit*. Reykjavík: Þingstjórn 2. Íslenska söguþingsins/Háskólaútgáfan, 2002.
- Aðalgeir Kristjánsson. „Grikkland hið forna. Eftir Will Durant, Jónas Kristjánsson íslenskaði.“ *Dagur*, 10. apríl 1968, 6.
- Anna Agnarsdóttir og Eggert Þór Bernharðsson. „Íslenska söguþingið. Greinargerð um þingið og álit nokkurra þátttakenda.“ *Ný saga* 9 (1997): 95–102.
- Anna Agnarsdóttir og Hrefna Róbertsdóttir. „The Historiography of Early Modern Iceland,“ *Nordic Historical Review (Revue d’Histoire Nordique)* 20 (2015): 57–82.
- Árbók Háskóla Íslands 1964–1985*. Reykjavík 1969, 1983, 1987.
- Árni Daníel Júlíusson. *Af hverju strái. Saga af byggð, grasi og bændum*. Sagnfræðirannsóknir 23. Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan, 2018.
- „Ársskýrslur.“ Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands. Sótt 10. september 2022.  
<https://sagnfraedistofnun.hi.is/is/um-okkur/arsskyrslur>.
- Ásta Kristín Benediktsdóttir, Hafdís Erla Hafsteinsdóttir og Íris Ellenberger ritstj. *Svo veistu að þú varst ekki hér. Hinsegin sagnfræði og hinsegin saga á Íslandi*. Reykjavík: Sögufélag, 2017.
- Bentley, Michael. „Introduction. Approaches to Modernity. Western Historiography since the Enlightenment.“ Í *Companion to Historiography*, ritstj. Michael Bentley, 379–496. London og New York: Routledge, 1997.
- Bergsteinn Jónsson. „Fáein orð um upphaf einveldis á Íslandi.“ *Saga* 4 (1964): 70–85.
- „Bibliógráfía.“ Gísli Gunnarsson prófessor emeritus. Sótt 10. september 2022.  
<https://uni.hi.is/gisligu>.
- Björn Teitsson. *Bosetning í Suður-Þingeyjarsýsla 1300–1600. En punktundersökelse under Det nordiske ødegårdsprojekt*. Reykjavík, 1978.

- Björn Teitsson. „Samnorrænar rannsóknir á byggðarsögu 14.–16. aldar.“ Í *Yfir Íslandsála. Afmælisrit til heiðurs Magnúsi Stefánsyni sextugum 25. desember 1991.* Gunnar Karlsson og Helgi Þorláksson sáu um útgáfuna, 21–39. Reykjavík: Sögufraeðslusjóður, 1991.
- Björn Þorsteinsson. „Ritfregnir.“ *Skírnir* 124 (1950): 237–241.
- Björn Þorsteinsson. „Andmæli við doktorsvörn. Flutt í Háskóla Íslands 7. september 1974 er Aðalgeir Kristjánsson varði rit sitt *Brynjólfur Pétursson-ævi og störf.*“ *Saga* 12 (1974): 165–183.
- Björn Þorsteinsson. „Rannsóknastofnun í sagnfræði.“ Í *Árbók Háskóla Íslands 1973–1976*, 74. Reykjavík: 1978.
- Björn Þorsteinsson. „Aumastur allra. Fyrirlestur fluttur á árshátíð Sagnfræðingafélagsins 1983.“ *Sagnir* 5 (1984): 121–125.
- Davíð Ólafsson og Ólafur Rastrick. „Current Trends in Icelandic Cultural History. Policies, Products and Perspectives.“ *Nordic Historical Review (Revue d'Historie Nordique)* 20 (2015): 155–182.
- „Dr. Kristján Eldjárn afhenti góðar gjafir í Winnipeg,“ *Þjóðviljinn*, 8. ágúst 1975, 3.
- Eggert Þór Aðalsteinsson, „Sagnfræðin er ekki lengur „neftóbaksfræði“! Rætt við Guðmund Jónsson um íslenska sagnfræði, kennslumál og hagsögu.“ *Sagnir* 20 (1999): 44–47.
- Eggert Þór Bernharðsson. „Norræn sagnfræðingaping.“ *Fréttabréf Sagnfræðingafélags Íslands* 3, nr. 4 (1985): 15–22.
- Erla Hulda Halldórsdóttir. „Gendering Icelandic Historiography.“ *Nordic Historical Review (Revue d'Historie Nordique)* 20 (2015): 183–207.
- „Eyðibýlarannsóknir.“ *Morgunblaðið*, 26. ágúst 1970, 12.
- „Formáli.“ *Saga* 37 (1999): 5–7.
- Fulsås, Narve. „Norway: The Strength of National History.“ Í *Nordic Historiography in the 20th Century*, ritstj. Frank Meyer og Jan Eivind Myhre, 240–264. Osló: Department of History, University of Oslo, 2000.
- „Fyrirlestur á vegum heimspekideildar,“ *Tíminn*, 7. maí 1983, 20.
- „Fyrirlestur í Norræna húsinu.“ *Þjóðviljinn*, 24. mars 1977, 8.
- Gísli Ágúst Gunnlaugsson. „Ritfregnir.“ *Saga* 22 (1984): 324–332.

- Gísli Gunnarsson. „Íslenskt samfélag 1550–1830 í sagnaritun 20. aldar.“ Í *Íslensk sagnfræði á 20. öld*, Guðmundur J. Guðmundsson, Guðmundur Jónsson og Sigurður Ragnarsson sáu um útgáfuna, 83–108. Reykjavík: Sögufélag, 2009.
- Gísli Gunnarsson, „Við þurfum heildrænar sögurannsóknir sem byggja á rökhyggju,“ Í *Þriðja íslenska söguþingið 18.–21. maí 2006*, ritstj. Benedikt Eypórssón og Hrafnkell Lárússon, 476–490. Reykjavík: Aðstandendur þriðja íslenska söguþingsins, 2007.
- Guðmundur Hálfðanarson. „Mannfall í Móðuharðindum.“ Í *Skaftáreldar 1783–1784. Ritgerðir og heimildir*, ritstj. Gísli Ág. Gunnlaugsson. Reykjavík: Mál og menning, 1984, 139–162.
- Guðmundur Hálfðanarson. „Rannsóknir í menningar- og hugmyndasögu 19. og 20. aldar.“ *Saga* 38 (2000): 187–205.
- Guðmundur Hálfðanarson. „Frá stétt til þjóðar. Játningar endurskoðunarsinna.“ Í *Íslenskir sagnfræðingar. Seinna bindi. Viðhorf og rannsóknir*, ritstj. Loftur Guttormsson, Páll Björnsson, Sigrún Pálsdóttir, Sigurður Gylfi Magnússon, 215–226. Reykjavík: Mál og mynd, 2002.
- Guðmundur Jónsson. „Sagnaritun um hagsögu 19. og 20. aldar.“ *Saga* 38 (2000): 161–186.
- Guðmundur Jónsson. „Sagan og sannleikurinn. Getur sagnfræðileg þekking verið hlutlæg.“ *Ritið* 8, nr. 1 (2008): 107–128.
- Guðni Th. Jóhannesson. „Þorskastríð í sjónvarpi. Frásagnir, sagnfræði og (hálf)sannleikur.“ *Saga* 43, nr. 1 (2003): 185–198.
- Guðni Th. Jóhannesson. „Símahleranir á Íslandi og öryggi ríksins í kalda stríðinu.“ Í *Þriðja íslenska söguþingið 18.–21. maí 2006*, ritstj. Benedikt Eypórssón og Hrafnkell Lárússon, 434–446. Reykjavík: Aðstandendur þriðja íslenska söguþingsins, 2007.
- Gunnar F. Guðmundsson. „Björn Þorsteinsson.“ *Andvari* 147 (2017): 9–72.
- Gunnar Karlsson. „Rannsóknastofnun í sagnfræði.“ Í *Árbók Háskóla Íslands* 1976–1979, 63–64. Reykjavík: 1981.
- Gunnar Karlsson. „Markmið sögukennslu. Söguleg athugun og hugleiðingar um framtíðarstefnu.“ *Saga* 20 (1982): 173–222.
- Gunnar Karlsson. „Sögukennslu-skammdegið 1983–84.“ *Tímarit Máls og menningar* 45, nr. 4 (1984): 405–415.

- Gunnar Karlsson. „Sagnfræðistofnun.“ Í *Árbók Háskóla Íslands* 1982–1984, 188–191. Reykjavík: 1986.
- Gunnar Karlsson. „Sagnfræðistofnun.“ Í *Árbók Háskóla Íslands* 1984–1985, 65–68. Reykjavík: 1987.
- Gunnar Karlsson. „Að læra af sögunni.“ *Skírnir* 164, nr. 1 (1990): 172–178.
- Gunnar Karlsson. „Hvernig verður ný söguskoðun til.“ Í *Íslenskir sagnfræðingar. Seinna bindi. Viðhorf og rannsóknir*, ritstj. Loftur Guttormsson, Páll Björnsson, Sigrún Pálsdóttir, Sigurður Gylfi Magnússon, 135–141. Reykjavík: Mál og mynd, 2002.
- Gunnar Karlsson. „Saga af sagnfræðingi sem vildi gera gagn.“ Í *Íslenskir sagnfræðingar. Seinna bindi. Viðhorf og rannsóknir*, ritstj. Loftur Guttormsson, Páll Björnsson, Sigrún Pálsdóttir, Sigurður Gylfi Magnússon, 227–238. Reykjavík: Mál og mynd, 2002.
- Gunnar Karlsson. „Ég iðrast einskis. Um siðferði í sagnfræði og einokun einsögunnar.“ *Saga* 41, nr. 2 (2003): 127–151.
- Gunnar Karlsson. „Sagan af þjóðríkismyndun Íslendinga 1830–1944.“ Í *Íslensk sagnfræði á 20. öld*. Guðmundur J. Guðmundsson, Guðmundur Jónsson og Sigurður Ragnarsson sáu um útgáfuna, 109–134. Reykjavík: Sögufélag, 2009.
- Gunnar Karlsson. *Ástarsaga Íslendinga að fornu: Um 870–1300*. Reykjavík: Mál og menning, 2013.
- Gunnar Karlsson og Helgi Skúli Kjartansson. „Plágurnar miklu á Íslandi.“ *Saga* 32 (1994): 11–74.
- Helgi Skúli Kjartansson. „The Onset of Emigration from Iceland.“ Í *Nordic Population Mobility. Comparative Studies of Selected Parishes in the Nordic Countries 1850–1900: A Collective Work of the Nordic Emigration Research Project*, ritstj. Bo Kronborg, Thomas Nilsson og Andres A. Svalestuen, 87–93. Osló: Universitetsforlaget, 1977.
- Helgi Skúli Kjartansson. „Í samfylgd sagnfræðinga.“ Í *Íslenskir sagnfræðingar. Seinna bindi. Viðhorf og rannsóknir*, ritstj. Loftur Guttormsson, Páll Björnsson, Sigrún Pálsdóttir, Sigurður Gylfi Magnússon, 239–248. Reykjavík: Mál og mynd, 2002.
- Helgi Þorláksson. „Ritdómar.“ *Skírnir* 160 (1982): 198–204.

- Helgi Þorláksson. „Ef þetta er tilviljun, þá er allt tilviljun. Hending, ákvörðun og orsök í lífssögu sagnfræðings.“ Í *Íslenskir sagnfræðingar. Seinna bindi. Viðhorf og rannsóknir*, ritstj. Loftur Guttormsson, Páll Björnsson, Sigrún Pálsdóttir, Sigurður Gylfi Magnússon, 249–258. Reykjavík: Mál og mynd, 2002.
- Helgi Þorláksson. „Inngangur.“ Í *Líftaug landsins. Saga íslenskrar utanríkisverslunar 900–2010. Fyrri bindi*, ritstj. Sumarliði R. Ísleifsson, 15–20. Reykjavík: Skrudda, 2017.
- Hilma Gunnarsdóttir. „Íslenska söguendurskoðunin. Aðferðir og hugmyndir í sagnfræði á áttunda og níunda áratug tuttugustu aldar.“ Í *Frá endurskoðun til upplausnar. Tvær prófritgerðir, einn formáli, þrjú viðtöl, sjö fræðigreinar, fimm ljósmyndir, einn eftirmáli og nokkrar minningargreinar af vettvangi hugvísinda*, ritstj. Hilma Gunnarsdóttir, Jón Þór Pétursson og Sigurður Gylfi Magnússon, 23–110. Reykjavík: Miðstöð einsöguannsóknar og ReykjavíkurAkademían, 2006.
- „Hinsegin sagnfræði og saga kynverundar.“ Huldukonur. Sótt 9. ágúst 2022.  
<https://huldukonur.is/vefurinn/hinsegin-saga-saga-kynverundar/>.
- „Hvaða rannsóknir hefur Már Jónsson stundað?“ *Vísindavefurinn*, 12. júlí 2018. Sótt 19. september 2022. <http://visindavefur.is/svar.php?id=76096>.
- Iggers, Georg G., *Sagnfræði á 20. öld. Frá vísindalegri hlutlægni til póstmóðernískrar gagnrýni*. Þýðendur Eiríkur K. Björnsson, Ólafur Rastrick og Páll Björnsson. Ritsafn Sagnfræðistofnunar 37, ritstj. Guðmundur Jónsson. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2004.
- Iggers, Georg G. og Q. Edward Wang. *A Global History of Modern Historiography*. Harlow: Pearson Education Limited, 2008.
- Ingi Sigurðsson. *Sagnaritun og söguspeki frá upplýsingu til samtímans. Um íslenska sagnaritun frá miðri 19. öld til samtímans*. Reykjavík: Háskóli Íslands, heimspekideild, 1980.
- Ingi Sigurðsson. *Íslensk sagnfræði frá miðri 19. öld til miðrar 20. aldar*. Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 1986.
- Ingi Sigurðsson. „The Professionalization of Icelandic Historical Writing.“ Í *Nordic Historiography in the 20th Century*, ritstj. Frank Meyer og Jan Eivind Myhre, 265–279. Osló: Department of History, University of Oslo, 2000.
- „Íslenska söguþingið og rannsóknagróska“, *Alþýðublaðið*, 27. maí 1997, 2.

- Jensen, Bernard Eric, „In the Footsteps of a Father. The Handling of a Legacy in 20th Century Danish Debates on Method and Theory.“ *Í Nordic Historiography in the 20th Century*, ritstj. Frank Meyer og Jan Eivind Myhre, 280–305. Osló: Department of History, University of Oslo, 2000.
- Jón Guðnason. „Um munnlegar heimildir.“ *Saga* 27 (1989): 7–28.
- Jón Ólafur Ísberg. *Líf og lækningar. Íslensk heilbrigðissaga*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2005.
- Loftur Guttormsson. „Samstarf norræna sagnfræðinga,“ *Saga* 20 (1982): 286–292.
- Loftur Guttormsson. „Íslandssaga í grunnskólum.“ *Þjóðviljinn*, 21. janúar 1984, 12.
- Loftur Guttormsson. „Ritfregnir.“ *Saga* 33 (1995): 247–250.
- Loftur Guttormsson. „Nogle træk af historieforskningen i Island 1990–1996,“ *Historisk Tidsskrift för Finland* 83, nr. 1 (1998): 84–95.
- Loftur Guttormsson. „The Breakthrough of Social History in Icelandic Historiography.“ *Í Nordic Historiography in the 20th Century*, ritstj. Frank Meyer og Jan Eivind Myhre, 149–165. Osló: Department of History, University of Oslo, 2000.
- Loftur Guttormsson. „Smátt og stórt í sagnfræði. Athugasemdir í tilefni af einsöguskrifum Sigurðar Gylfa Magnússonar sagnfræðings.“ *Skírnir* 175, nr. 2 (2001): 452–471.
- Loftur Guttormsson. „Sagnfræði og félagsfræði. Sambúðarvandamál þeirra skoðuð í sögulegu ljósi.“ *Í Íslenskir sagnfræðingar. Seinna bindi. Viðhorf og rannsóknir*, ritstj. Loftur Guttormsson, Páll Björnsson, Sigrún Pálsdóttir, Sigurður Gylfi Magnússon, 39–50. Reykjavík: Mál og mynd, 2002.
- Loftur Guttormsson. „Eftirmáli við orðaskipti. Tíu punktar.“ *Skírnir* 177, nr. 2 (2003): 373–388.
- Loftur Guttormsson. „Rannsóknir í félagssögu 19. og 20. aldar.“ *Í Íslensk sagnfræði á 20. öld*. Guðmundur J. Guðmundsson, Guðmundur Jónsson og Sigurður Ragnarsson sáu um útgáfuna, 135–160. Reykjavík: Sögufélag, 2009.
- Loftur Guttormsson, ritstj. *Sögukennsluskammdegið. Rimman um sögukennslu og samfélagsfræði*. Heimildarrit í íslenskri uppeldis- og skólasögu 3. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2013.
- Lützen, Karin. *Hvad hjertet begærer. Kvinders kærlighed til kvinder*. Kaupmannahöfn: Tiderne skifter, 1986.

- Lýður Björnsson. „Ritdómar.“ *Skírnir* 159 (1985): 333–337.
- Magnús Diðrik Baldursson og Magnús Guðmundsson, riststj., *Árbók Háskóla Íslands 1999*. Reykjavík: Háskóli Íslands, 2000.
- Magnús Guðmundsson. „Rannsóknarháskólinn 1990–2011.“ Í *Aldarsaga Háskóla Íslands 1911–2011*, ritstj. Gunnar Karlsson, 533–779. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2011.
- Magnús Már Lárusson. „Sagnfræðin.“ *Saga* 7 (1969): 128–134.
- „Markmið og leiðir til sögukennslu“, *Morgunblaðið*, 15. mars 1984, 26.
- Már Jónsson. „Sannleikar sagnfræðinnar.“ *Skírnir* 166, nr. 2 (1992): 440–450.
- Már Jónsson. „Sagnfræðirannsóknir og almannaheill.“ Í *Íslenskir sagnfræðingar. Seinna bindi. Viðhorf og rannsóknir*, ritstj. Loftur Guttormsson, Páll Björnsson, Sigrún Pálsdóttir, Sigurður Gylfi Magnússon, 159–164. Reykjavík: Mál og mynd, 2002.
- Níels Einarsson. „Indigenous Culture and External Influences. Introduction.“ Í *Aspects of Arctic and Sub-Arctic History. Proceedings of the International Congress on the History of the Arctic and Sub-Arctic Region, Reykjavik, 18–21 June 1998*, ritstj. Ingi Sigurðsson og Jón Skaptason, 167–168. Reykjavík: University of Iceland Press, 2000.
- Myhre, Jan Eivind. „Introduction. A Century of Nordic Historical Scholarship.“ Í *Nordic Historiography in the 20th Century*, ritstj. Frank Meyer og Jan Eivind Myhre, 11–25. Oslo: Department of History, University of Oslo, 2000.
- Óðinn Melsteð. „Umhverfi og sagnfræði. Hugleiðingar um umhverfissagnfræði.“ *Saga* 52, nr. 1 (2014): 145–152.
- Ólafur Ásgeirsson. „Ritfregnir.“ *Saga* 20 (1982): 297–302.
- Páll Skúlason. „Heimspékideild og fræðasvið hennar.“ Í *Árbók Háskóla Íslands 1976–1979*, 56–61. Reykjavík: 1981.
- Ragnheiður Kristjánsdóttir. „Political history in Iceland.“ *Nordic Historical Review (Revue d'Historie Nordique)* 20 (2015): 109–132.
- „Rannsóknastofnun í sagnfræði.“ *Mímir. Blað stúdenta í íslenskum fræðum* 12, nr. 1 (1973): 38–40.
- „Rannsóknir.“ Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands. Sótt 10. september 2022.  
<https://sagnfraedistofnun.hi.is/is/rannsoknir>.



- „Ráðstefna um lýðveldissögu.“ *Morgunblaðið*, 2. september 1994, 38.
- „Reykjavíkurbíngið 1987.“ *Fréttabréf Sagnfræðingafélags Íslands* 3, nr. 4 (1985): 3.
- „Rætt við Björn Þorsteinsson sagnfræðing. Fyrri hluti.“ *Tíminn Sunnudagsblað*, 6. ágúst 1967, 654–670.
- Sigríður Matthíasdóttir. „Hin svokallaða þjóð. Þjóðerni og kyngervi í sagnfræðilegum rannsóknum.“ Í *Íslenskir sagnfræðingar. Seinna bindi. Viðhorf og rannsóknir*, ritstj. Loftur Guttormsson, Páll Björnsson, Sigrún Pálsdóttir, Sigurður Gylfi Magnússon, 421–431. Reykjavík: Mál og mynd, 2002.
- Sigríður Matthíasdóttir. „Grunnmenntunarskólinn 1961–1990.“ Í *Aldarsaga Háskóla Íslands 1911–2011*, ritstj. Gunnar Karlsson, 283–531. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2011.
- Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg. Einsögurannsókn á íslensku sveitasamfélagi 19. og 20. aldar*. Reykjavík: Sagnfræðistofnun, Háskólaútgáfan, 1997.
- Sigurður Gylfi Magnússon. „Einsaga á villigötum.“ Í *Íslenskir sagnfræðingar. Seinna bindi. Viðhorf og rannsóknir*, ritstj. Loftur Guttormsson, Páll Björnsson, Sigrún Pálsdóttir, Sigurður Gylfi Magnússon, 467–476. Reykjavík: Mál og mynd, 2002.
- Sigurður Gylfi Magnússon. „Fanggæsla vanans. Til varnar sagnfræði (fyrri grein).“ *Skírnir* 176, nr. 2 (2002): 371–400.
- Sigurður Gylfi Magnússon. „Aðferð í uppnámi. Tuttugasta öldin vegin.“ *Saga* 41, nr. 1 (2003): 15–54.
- Sigurður Gylfi Magnússon. „Að stíga í sama strauminn. Til varnar sagnfræði (síðari grein).“ *Skírnir* 177, nr. 1 (2003): 127–158.
- Sigurður Gylfi Magnússon. „Formáli. Afmæli almenns kosningaréttar á Íslandi.“ Í *Frá endurskoðun til upplausnar. Tvær prófritgerðir, einn formáli, þrjú viðtöl, sjö fræðigreinar, fimm ljósmyndir, einn eftirmáli og nokkrar minningargreinar af vettvangi hugvísinda*, ritstj. Hilma Gunnarsdóttir, Jón Þór Pétursson og Sigurður Gylfi Magnússon, 7–18. Reykjavík: Miðstöð einsögurannsókna og ReykjavíkurAkademían, 2006.
- Sigurður Gylfi Magnússon. „Ritdómar.“ *Saga* 53, nr. 1 (2015): 165–171.
- „Staða íslenskrar sagnfræði. Hringborðsumræður, þátttakendur: Helgi Þorláksson, Ingólfur Jóhannesson, Sigurður Ragnarson.“ *Sagnir* 1 (1980): 30–37.

- „Starfsfólk.“ Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands. Sótt 2. ágúst 2022.  
<https://sagnfraedistofnun.hi.is/is/um-okkur/starfsfolk>.
- „Starfsreglur.“ Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands. Sótt 11. september 2022.  
<https://sagnfraedistofnun.hi.is/is/um-sagnfraedistofnun/starfsreglur>.
- Stjórnartíðindi* 1971.
- Sveinbjörn Rafnsson. „Rannsóknastofnun í sagnfræði.“ Í *Árbók Háskóla Íslands* 1981–1982, 67–69. Reykjavík: 1984.
- Sveinn Agnarsson. „Icelandic Economic History. Fish, farms, and modernization.“ *Nordic Historical Review* 20 (2015): 83–107.
- „Sögukennsla.“ *Sagnir* 4 (1983): 2–25.
- „„Uppspretta fyrir nauðsynlegt gæðaeftirlit og sjálfsgagnrýni,““ *Lesbók Morgunblaðsins*, 6. júlí 2002, 7.
- Valur Ingimundarson. „Kalda stríðið. Tengsl stjórn mála-, menningar- og félagssögu.“ Í *Íslenskir sagnfræðingar. Seinna bindi. Viðhorf og rannsóknir*, ritstj. Loftur Guttormsson, Páll Björnsson, Sigrún Pálsdóttir, Sigurður Gylfi Magnússon, 403–410. Reykjavík: Mál og mynd, 2002.
- „Varla hægt að vísa í hann þegar konur voru viðstaddar,“ *Morgunblaðið*, 23. október 2001, 10.
- „„Vitneskjan um að ekki er hlustað á okkur er kannski það sem manni þykir verst““ *Stúdentablaðið* 58 (1982), nr. 5: 8–9.
- „XXII. Aðferðafræðiráðstefnan var haldin á Laugarvatni 17.–21. ágúst 1991,“ *Fréttabréf Sagnfræðingafélags Íslands* 18, nr. 3 (1992): 2–3.
- Þorgerður Hrönn Þorvaldsdóttir. „Iceland 1869–1892. From Silence to Rainbow Evolution.“ Í *Criminally Queer. Homosexuality and Criminal Law in Scandinavia 1842–1999*. Ritstj. Jens Rydström og Kati Mustola, 117–144. Amsterdam: Aksant Academic Publishers, 2007.
- Þorsteinn Siglaugsson. „Á sagnfræðin að þjóna þjóðfélaginu. Síðbúin athugasemd við málsgrein.“ *Skírnir* 166, nr. 1 (1992): 188–193.
- Þórhallur Vilmundarson. „Handritaheimt. Erindi flutt í hátíðasal Háskóla Íslands 1. desember 1960.“ *Lesbók Morgunblaðsins*, 22. janúar 1961, 21–25.

## Óútgefnar heimildir

### Námsritgerðir

Erla Dóris Halldórsdóttir. „Fæðingarhjálp á Íslandi 1760–1880.“ Doktorsritgerð í sagnfræði. Háskóli Íslands, 2016. <https://opinvisindi.is/handle/20.500.11815/761>.

*Lbs-Hbs*. (Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn). Unnur Birna Karlsdóttir, „Náttúrusýn og nýting fallvatna. Um viðhorf til náttúru og vatnsaflsvirkjana á Íslandi 1900–2008.“ Doktorsritgerð í sagnfræði. Háskóli Íslands, 2010.

### Skjöl

- HÍ*. (*Skjalasafn Háskóla Íslands*). Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands BSA1:1
- HÍ*. (*Skjalasafn Háskóla Íslands*). Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands BSA1:2.
- HÍ*. (*Skjalasafn Háskóla Íslands*). Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands BSA1:3.
- HÍ*. (*Skjalasafn Háskóla Íslands*). Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands BSA1:4.
- HÍ*. (*Skjalasafn Háskóla Íslands*). Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands BSA1:5
- HÍ*. (*Skjalasafn Háskóla Íslands*). Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands BSA1:6.
- HÍ*. (*Skjalasafn Háskóla Íslands*). Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K1.
- HÍ*. (*Skjalasafn Háskóla Íslands*). Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K5.
- HÍ*. (*Skjalasafn Háskóla Íslands*). Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K6.
- HÍ*. (*Skjalasafn Háskóla Íslands*). Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K8.
- HÍ*. (*Skjalasafn Háskóla Íslands*). Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K9.
- HÍ*. (*Skjalasafn Háskóla Íslands*). Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K10.
- HÍ*. (*Skjalasafn Háskóla Íslands*). Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K11.
- HÍ*. (*Skjalasafn Háskóla Íslands*). Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K12.
- HÍ*. (*Skjalasafn Háskóla Íslands*). Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K13.
- HÍ*. (*Skjalasafn Háskóla Íslands*). Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K15
- HÍ*. (*Skjalasafn Háskóla Íslands*). Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands K19.

### Óflokkuð skjöl

*HÍ. (Skjalasafn Háskóla Íslands). Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands. Greinargerð með tillögum um kennslu við heimspekideild á nokkrum sérsviðum í sagnfræði.*

*HÍ. (Skjalasafn Háskóla Íslands). Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands. Tillögur um kennsluskipan í sagnfræði á BA-stigi veturinn 1972–73, 9. mars 1972.*

*HÍ. (Skjalasafn Háskóla Íslands). Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands. Tillögur um eflingu kennslukrafta í sagnfræði við Heimspekideild Háskóla Íslands 1973.*

*HÍ. (Skjalasafn Háskóla Íslands). Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands. Referat fra Ødegårdskonferanse på Lysebo 25.–26/4 1969.*

*HÍ. (Skjalasafn Háskóla Íslands). Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands. Referat från Nordiska ödegårdsprojektets symposium på Evedal den 14.–16. september 1970.*

*HÍ. (Skjalasafn Háskóla Íslands). Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands. Referat fra Ødegårdssymposiet i Húsavík 27.–29. aug. 1974.*